


# ÁRSSKÝRSLA

## 2006 - 2007

BARNAVERNDARSTOFA



2008

# Ársskýrsla 2006 - 2007



# Ársskýrsla 2006 - 2007

*Barnaverndarstofa*  
2008

*Ársskýrsla 2006-2007  
2008 Barnaverndarstofa  
ISSN 1670-3642*

*Umbrot og prentun: Gutenberg  
Ritstjóri: Helga Rúna Péturs  
Ábyrgðarmaður: Bragi Guðbrandsson*

*Barnaverndarstofa  
Höfðaborg  
Borgartúni 21  
105 Reykjavík  
Sími: 530 2600  
Bréfasími: 530 2601  
Netfang: [bvs@bvs.is](mailto:bvs@bvs.is)  
Veffang: [www.bvs.is](http://www.bvs.is)*

# Efnisyfirlit

<b>Efnisyfirlit</b> .....	I
<b>Frá forstjóra</b> .....	II
<b>1 Hlutverk og starfsemi Barnaverndarstofu</b> .....	1
1.1 Rekstur og starfsmannahald Barnaverndarstofu .....	3
1.2 Ráðgjöf Barnaverndarstofu .....	6
1.3 Eftirlit Barnaverndarstofu .....	11
1.4 Fósturmál .....	13
1.5 Ársskýrslur og siskráning barnaverndarnefnda .....	17
1.6 Samskipti Barnaverndarstofu við meðferðarheimili .....	19
1.7 Rannsóknir og þróunarstarf .....	22
1.8 Upplýsinga- og fræðslustarf .....	30
1.9 Starfsleyfi heimila .....	41
1.10 Umsagnir til Alþingis .....	44
1.11 Ný lög um eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum .....	44
1.12 Samstarfsverkefni .....	46
<b>2 Meðferðarheimili á vegum Barnaverndarstofu</b> .....	53
2.1 Umsóknir á meðferðarheimili .....	54
2.2 Niðurstöður ASEBA lista í umsóknum um sérhæfða meðferð .....	57
2.3 Meðferðarstöð ríkisins fyrir unglinga, Stuðlar .....	62
2.4 Langtímameðferðarheimili á vegum Barnaverndarstofu .....	71
<b>3 Barnahús</b> .....	75
<b>4 Barnaverndarnefndir</b> .....	84
4.1 Yfirlit yfir barnaverndarmál árin 2002-2006 .....	86

4.2	Tilkynningar til barnaverndarnefnda . . . . .	89
4.3	Fjöldi barna sem tilkynnt var um og könnun máls . . . . .	92
4.4	Úrræði barnaverndarnefnda . . . . .	92
4.5	Úrskurðir og aðrar ákvarðanir barnaverndarnefnda . . . . .	96
4.6	Umsagnir . . . . .	97
4.7	Vistunarúrræði á vegum Reykjavíkurborgar . . . . .	97
<b>Viðauki I Yfirlit barnaverndarnefnda 2006 . . . . .</b>		<b>100</b>

# Frá forstjóra

Ársins 2007 verður lengi minnst af barnaverndarfólki á Íslandi. Það markaði ánægjuleg tímamót - 75 ár voru liðin frá gildistöku fyrstu barnaverndarlaganna á Íslandi. En líklega verður árið lengur minnisstætt af síður gleðilegu tilefni, frásögnum fyrrverandi barnaverndarbarna og vistbarna á uppeldisheimilum um ofbeldi og vanrækslu sem þau máttu þola á stofnunum, ekki síst drengjaheimilinu í Breiðavík. Þær frásagnir létu engan ósnortinn og bera vott um einstakan kjark þeirra einstaklinga, sem gáfu þjóðinni hlutdeild í sársauka bernskuára sinna. Fyrir það stöndum við í þakkarskuld. Liðin tíð verður ekki tekin til baka en við getum sammælst um að gera okkar besta til að slíkir atburðir endurtaki sig aldrei.

Ekki verður um það deilt að barnaverndarstarf hefur brugðist í mörgu tilliti í fortíðinni. Hér verður hins vegar staðhæft að brautryðjendur barnaverndar á Íslandi, sem héldu uppi merki barna, velferðar þeirra og verndar lengi fram eftir síðustu öld, verða að njóta sannmælis. Þá hefur örugglega ekki grunað að slík óhæfuverk á barnssálum væru unnin, sem nú hefur komið í ljós. Það sama á við um þorra þess góða fólks sem starfaði á uppeldisstofnunum við erfiðan aðbúnað, langan vinnudag og lítil laun. Þetta fólk valdi sér flest uppeldisstörf af einlægum vilja til að gera börnum gott. Því miður reyndist það ekki undantekningarlaust hér á landi fremur en á meðal annarra þjóða.

Skýrsla þessi tekur til starfsemi Barnaverndarstofu árin 2006 og 2007 og starfsemi barnaverndarnefnda árið 2006. Þó gerir sískráning tilkynninga til barnaverndarnefnda kleift að birta töluleg gögn um tilkynningar í barnaverndarmálum árið 2007. Örfjölgun tilkynninga til barnaverndarnefnda hélt áfram bæði árin líkt og verið hefur. Heildarfjöldi tilkynninga árið 2006 var 6.893 og hafði þeim þá fjölgað um 15% frá árinu á undan. Tilkynningar skv. sískráningu voru árið 2007 samtals 8.410 sem nemur 22% fjölgun á milli ára. Jafngildir það því að á hverjum degi hafi barnaverndarnefndum landsins borist 23 tilkynningar að jafnaði. Rúmlega helmingur þeirra er vegna áhættu- hegðunar barnanna sjálfra, tæplega 30% vegna vanrækslu foreldra og nærri



ein af hverjum fimm vegna ofbeldis foreldra, tilfinningalegs, líkamlegs eða kynferðislegs. Á árinu 2006 vörðuðu þessar tilkynningar tæplega 4.700 börn sem er fjölgun um 7% frá árinu á undan.

Í skýrslunni er nú í fyrsta skipti unnt að birta tölur yfir fjölda mála sem nefndirnar ákveða að kanna skv. ákvæðum barnaverndarlaga. Athyglisvert er að þrátt fyrir gríðarlega fjölgun tilkynninga á undanförunum árum er ekki teljandi breyting á fjölda þeirra mála sem barnaverndarnefndir taka til rannsóknar ef miðað er við undangengin þrjú ár. Eru þetta að jafnaði mál er varða 2.100 – 2.200 börn. Í þessu felst að sífellt lægra hlutfall mála sem tilkynnt eru til barnaverndarnefnda leiðir til könnunar og hugsanlegra afskipta af hálfu nefndanna. Þannig var þetta hlutfall 45,2% á árinu 2006 en var 52,5% fjórum árum áður. Tvær skýringar kunna að vera á þessari þróun. Önnur er sú að tilkynningar sem berast nefndum eru sífellt að verða léttvægari, m.ö.o. að „þröskuldur“ tilkynninga hafi lækkað. Hin skýringin er sú að barnaverndarnefndir komast ekki yfir að kanna fleiri mál en raun ber vitni vegna skorts á mannafla.

Líkast til eiga báðar ofangreindar skýringar við rök að styðjast. Hinni öru fjölgun tilkynninga til barnaverndarnefnda, en þær hafa tvöfaldast á síðustu fimm árum, hefur ekki verið mætt með fjölgun starfsfólks. Raunar hefur fjöldi stöðugilda í barnaverndarstarfi á Íslandi verið nánast óbreyttur á þessu árabili. Hinn stöðugi fjöldi mála sem tekinn er til könnunar af hálfu barnaverndarnefnda á ári hverju getur því einfaldlega verið vísbending um að starfsgeta nefndanna hafi náð hámarki og fleiri mál verði ekki könnuð fyrir en sveitarstjórnir ákveða að bæta við starfsfólki. Á hitt er að líta að þegar rýnt er í tilkynningar til barnaverndarnefnda blasir við að tilkynningum frá lögreglu hefur fjölgað mest. Vísbendingar eru um að starfshættir lögreglu hafi breyst þannig að hún leggi nú meiri áherslu á að vísa fleiri málum til barnaverndarnefnda, hugsanlega af minna tilefni en áður var. Hér er um að ræða athugunarefni sem bíður úrlausnar.

Athyglisverð þróun í barnavernd á síðustu árum er fjölgun fósturráðstafana. Ráðstöfun barna í fóstur hefur farið jafnt og þétt vaxandi og árin 2006-2007 náðu þær hámarki en þá fóru hátt í hundrað börn í fóstur hvort ár um sig. Mestu munar um fjölgun tímabundinna fósturráðstafana sem endurspeglar vinsældir þessa úrræðis sem stuðningsúrræðis. Alls voru 357 börn í föstri á árinu 2007 sem er um 15% fjölgun á síðustu fimm árum.

Eftirspurn eftir meðferðarvistun jókst nokkuð á árinu 2006 en veruleg fækkun umsókna varð hins vegar á árinu 2007 en þá var fjöldi umsókna 164. Þegar litið er yfir lengra tímabil má segja að á síðustu fimm árum hafi dreg-

ið úr eftirspurn eftir meðferðardvöl á stofnunum Barnaverndarstofu, ef árið 2006 er undanskilið. Margar skýringar kunna að vera á þessari þróun, m.a. sú að dregið hefur úr óraunsæjum hugmyndum um árangur stofnana meðferðar fyrir börn. Hins vegar er ekki útilokað að neikvæð umræða um stofnanir í fjölmiðlum í kjölfar Breiðavíkur- og Byrgismála eigi sinn þátt í hinni miklu fækkun umsókna á milli árána 2006 og 2007. Þá hefur dvalarlengd barna í meðferð styst, sem auðveldar að anna eftirspurn. Þegar líða tók á árið 2007 var nýting rýma á nokkrum heimilum orðin slök af þessum ástæðum og því sterkar vísbendingar um að tími breytinga var að renna upp.

Sumarið 2007 samþykkti Alþingi aðgerðaráætlun til að styrkja stöðu barna og ungmenna. Í henni var að finna fyrirheit um að auka á fjölbreytni meðferðarúræða þannig að komið verði á fót meðferð utan stofnana sem veita skyldi á vettvangi fjölskyldunnar og í nánasta umhverfi barnsins. Barnaverndarstofu var falið að annast framkvæmd þessa og undir lok árs var ljóst að fjárveiting var tryggð til verkefnisins. Stofan undirbýr nú innleiðingu hinnar svonefndu MST fjölþáttameðferðar í samræmi við þær tillögur sem hún hefur lagt fram á undanförunum árum.

Haustið 2007 sendi Barnaverndarstofa félagsmálaráðuneyti tillögu að stefnumarkandi áætlun til fjögurra ára. Félagsmálaráðherra ákvað að hún skyldi lögð fyrir Alþingi sem framkvæmdaáætlun í barnaverndarmálum samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga. Er það í fyrsta sinn sem það er gert en með áætluninni gætu skapast nýjar forsendur fyrir markvissu barnaverndarstarfi á vettvangi ríkisins.

Barnahús starfaði með hefðbundnu sniði árin 2006 og 2007 og var umfang rannsóknaviðtala, meðferðarmála og læknisskoðana svipað og árin á undan. Hlutfall skýrslutaka fyrir dómi hækkaði þó lítillega. Því miður eru þó skýrslur teknar af börnum úr Reykjavík í húsakynnum Héraðsdóms Reykjavíkur eins og verið hefur. Barnahúsið hlaut hins vegar mikla alþjóðlega viðurkenningu. Forstjóri Barnaverndarstofu tók á móti *Multidisciplinary Award* sem veitt voru Barnahúsi af virtustu barnaverndarsamtökum heims, *ISPCAN*, „*The International Society for the Prevention of Child Abuse and Neglect*“ á heimsráðstefnu þeirra í York á Englandi í september 2006. Þá urðu þau tímamót í Noregi árið 2007 að tvö Barnahús að íslenskri fyrirmynd tóku til starfa, í Bergen og Hamar. Þá fjölgaði Barnahúsum í Svíþjóð og voru þau starfrækt í 10 borgum undir lok árs 2007. Að sjálfsögðu er það Barnaverndarstofu mikið gleðiefni að starfsemi á hennar vegum sé fyrirmynd annarra þjóða.

*Bragi Guðbrandsson*



# 1 Hlutverk og starfsemi Barnaverndarstofu

Barnaverndarstofa er stjórnsýslustofnun sem fer með daglega stjórn barnaverndarmála í umboði félagsmálaráðuneytisins (sjá mynd 1.1). Í reglugerð um Barnaverndarstofu segir að stofan skuli vinna að samhæfingu og eflingu barnaverndarstarfs. Árið 2007 markaði 13 starfsár Barnaverndarstofu.

Starf Barnaverndarstofu felst í margháttuðum sérhæfðum viðfangsefnum sem lúta að starfsemi barnaverndarnefnda er starfa á vegum sveitarfélaga og yfirumsjón og eftirliti með rekstri sérhæfðra meðferðarheimila fyrir börn og ungmenni. Hér er um að ræða alls sjö einkarekin meðferðarheimili auk Stuðla, meðferðarstöðvar ríkisins fyrir unglinga.

Yfirumsjón með fösturmálum er einnig í höndum Barnaverndarstofu. Í því felst meðal annars að sjá um að útvega barnaverndarnefndum fösturforeldra, meta hæfni þeirra og ráðstafa börnum í föstur. Auk þess er starfsemi hvers konar vistheimila, meðferðarheimila, hjálparstöðva, neyðarathvarfa, auk sumardvalarheimila og sumarbúða háð leyfisveitingu Barnaverndarstofu.

Barnaverndarstofa hefur eftirlit með störfum barnaverndarnefnda, afgreiðslu kæra og kvartana vegna starfa þeirra ásamt innheimtu ársskýrslna. Þá veitir stofan barnaverndarnefndum ráðgjöf við úrlausn mála og fræðslu um barna- og fjölskylduvernd.

Barnaverndarstofu er ætlað að koma á framfæri upplýsingum og fræðslu til almennings jafnt sem fagfólks. Fræðsluhlutverk sitt rækir stofan með því að halda ráðstefnur, með fyrirlestrahaldi, með sérstökum námskeiðum og útgáfu handbókar fyrir barnaverndarnefndir og með námskeiðum fyrir verðandi fösturforeldra og starfsfólk meðferðarheimila. Þá liðsinnir stofan barnaverndarnefndum við öflun hæfra fösturforeldra og veitir ráðgjöf á því sviði.


Ennfremur hefur stofan rannsóknar- og þróunarhlutverki að gegna á svið-

barnaverndar, auk þess að sinna erlendum samstarfsverkefnum og afla þekkingar að utan á þessu sviði.

*Framkvæmdaáætlun í barnaverndarmálum*

Á árinu 2007 skilaði Barnaverndarstofa til félags- og tryggingamálaráðuneytisins drögum að stefnumarkandi áætlun Barnaverndarstofu fyrir árin 2008-2010. Félagsmálaráðherra áformar að leggja fram fyrstu framkvæmdaáætlunina í barnaverndarmálum fyrir Alþingi í samræmi við 5. gr. barnaverndarlaganna nr. 80/2002 á vorþingi 2008 og verður hún byggð á stefnumarkandi áætlun Barnaverndarstofu.

**Mynd 1.1** Skipulag barnaverndarmála árið 2007.



## 1.1 Rekstur og starfsmannahald Barnaverndarstofu

Í lok árs 2007 störfuðu hjá Barnaverndarstofu alls tíu starfsmenn í 9,8 stöðugildum. Þeir eru:

Bragi Guðbrandsson	Forstjóri
Áslaug Bragadóttir	Rekstrar- og starfsmannastjóri
Bryndís S. Guðmundsdóttir	Innleiðing og umsjón gæðastaðla og eftirlits á meðferðarheimilum
Guðjón Bjarnason	Umsjón með meðferðarstarfi - Stuðlar
Halla B. Marteinsdóttir	Umsjón með meðferðarstarfi – langtímameðferð, hóf störf í ágúst 2007
Helga Rúna Péturs	Ritstjórn ársskýrslu, rannsóknir og upplýsingamál
Hildur Sveinsdóttir	Umsjón og ráðgjöf í fósturmálum, umsjón með Foster Pride
Hrefna Friðriksdóttir	Ráðgjöf í barnaverndarmálum, lögfræðilegar álitserðir
Ingibjörg A. Snævarr	Skjalastjóri
Steinunn Bergmann	Ráðgjöf í barnaverndarmálum, rannsóknir, hóf störf í júlí 2007

Eftir stöðugleika í starfsmannamálum og litla starfsmannaveltu allt frá stofnun Barnaverndarstofu urðu nokkrar breytingar á árunum 2006 og 2007. Anni G. Haugen, sem starfað hafði hjá stofnunni nánast frá stofnun hennar lét af störfum 30.11.2006. Við starfi hennar tók dr. Freydís Jóna Freysteinsdóttir 1.2.2007, en hún starfaði einungis í fjóra mánuði. Við starfinu tók þá Steinunn Bergmann 1.7.2007. Bryndís Guðmundsdóttir sem hafði umsjón með meðferðarstarfi langtímameðferðarheimila var flutt í sérverkefni um mitt ár 2007, meðal annars að innleiða gæðastaðla á heimilunum og við hennar starfi tók Halla B. Marteinsdóttir 1.8.2007.

Í Barnahúsi störfuðu í lok árs 2007 fimm starfsmenn í jafnmörgum stöðugildum. Þeir eru:

Ólöf Ásta Farestveit	Forstöðumaður og sérhæfður rannsakandi
Geirný Sigurðardóttir	Ritari
Margrét Kristín Magnúsdóttir	Sérhæfður rannsakandi og meðferðaraðili
Þorbjörg Sveinsdóttir	Sérhæfður rannsakandi
Þóra S. Einarsdóttir	Sérhæfður rannsakandi og meðferðaraðili

Í Barnahúsi urðu nokkrar breytingar á mannahaldi á árunum 2006 og 2007. Vigdís Erlendsdóttir sálfræðingur lét af störfum forstöðumanns 1.9.2007 og Ólöf Ásta Farestveit uppeldis- og afbrotafræðingur sem gengt hafði starfi sérhæfðs rannsakanda tók við forstöðumannsstarfinu. Við starfi hennar tók Þóra S. Einarsdóttir, sálfræðingur. Ragna Guðbrandsdóttir félagsráðgjafi lét af starfi sérhæfðs rannsakanda 31.3.2006 og við starfi hennar tók Margrét K.

Magnúsdóttir sálfræðingur. Þorbjörg Sveinsdóttir lét af starfi ritara 30.4.2006 og við starfi hennar tók Júlía Sigurðardóttir. Hún lét af starfi 31.7.2007 og við starfinu tók þá Geirný Sigurðardóttir. Er líða tók á árið 2007 var ákveðið að bæta við einu stöðugildi í Barnahús þar sem aðsókn í þjónustu hússins hafði aukist mjög og vinnuálag orðið gífurlegt. Þá var Þorbjörg Sveinsdóttir BA í sálfræði ráðin sem sérhæfður rannsakandi en hún hafði eins og áður sagði starfað sem ritari Barnahúss.

Á meðferðarstöð ríkisins, Stuðlum, gegndi Sólveig Ásgrímsdóttir sálfræðingur starfi forstöðumanns sem fyrr og Halldór Hauksson stöðu yfirsálfræðings.

Í *töflu 1.1.1* kemur fram ráðstöfunarfjármagn Barnaverndarstofu og meðferðarheimila á vegum stofunnar á tímabilinu 2003 til 2007. Fjárveitingar til stofunnar hafa verið óbreyttar að raungildi á tímabilinu en lækkaðu þó lítillega á milli áranna 2004 og 2005.

Á árinu 2006 nam kostnaður vegna reksturs einkarekinna meðferðarheimila á vegum Barnaverndarstofu alls rúmum 365 m.kr. sem var tæplega 54% af heildar rekstrarkostnaði Barnaverndarstofu það ár en tæpum 398 m.kr. eða rúmlega 52% árið 2007. Rekstrarkostnaður Stuðla, meðferðarstöðvar fyrir unglunga, var tæplega 149 m.kr. eða 22% af rekstrarfé á árinu 2006 en tæplega 177 m.kr. eða 23,2% árið 2007. Á árinu 2004 var ráðist í að byggja nýja neyðarvistun við Stuðla og var byggingarkostnaður rúmar 62 m.kr. Ekki fékkst viðbótarfjármagn á fjárlögum til byggingarinnar og var því uppsafnaður hagnaður síðustu ára millifærður frá rekstri yfir á stofnkostnað. Endanlegur byggingarkostnaður lá fyrir fyrri hluta árs 2005 og fór hann verulega fram úr áætlun eða um rúmlega 20 m.kr. Ekki fékkst viðbótarfjármagn til að brúa það bil og glímdi stofan því við verulegan rekstrarvanda af þessum sökum. Áætlað var að vinna bug á honum á tveimur árum en með hagræðingu og aðhaldsaðgerðum tókst að ná hallanum niður á aðeins einu ári. Kostnaður vegna styrkts fösturs nam rúmum 14 m.kr. eða rúmlega 2% af rekstrarfé árið 2006 en tæplega 21 m.kr. eða tæpum 3% árið 2007. Framlag til Landspítala – háskólasjúkrahúss á grundvelli samnings um þjónustu Barna- og unglingsageðdeildar og bakvaktarþjónustu sérfræðings nam rúmlega 32 m.kr. eða 4,8% af rekstrarfé á árinu 2006 en rúmlega 34 m.kr. eða 4,5% árið 2007. Rekstrarkostnaður Barnaverndarstofu nam tæplega 117 m.kr. árið 2006 og tæplega 132 m.kr. árið 2007 eða rúmlega 17% heildarkostnaðar bæði árin. Þar af var rekstur Barnahúss tæplega 26 m. kr. árið 2006 og rúmlega 29 m.kr. árið 2007 eða tæplega 4% af rekstrarfé.

Rekstur Barnaverndarstofu hefur jafnan verið innan fjárheimilda frá upphafi starfseminnar árið 1995.

Tafla 1.1.1 Ráðstöfunarfjármagn Barnaverndarstofu og stofnana á hennar vegum (í þús.kr.)

	2003			2004			2005			2006			2007		
	þús.kr.	%	þús.kr.	þús.kr.	%	þús.kr.	þús.kr.	%	þús.kr.	þús.kr.	%	þús.kr.	þús.kr.	%	
Barnaverndarstofa .....	86.049	14,7	76.473	11,4	81.100	12,4	90.689	13,4	102.654	13,5					
Barnahús .....	19.291	3,3	23.177	3,5	24.700	3,8	25.946	3,8	29.054	3,8					
Samtals .....	105.340	18,0	99.650	14,9	105.800	16,2	116.635	17,2	131.708	17,3					
Meðferðarheimilið Torfastöðum <sup>1</sup> .....	23.979	4,1	18.299	2,7	13.500	2,1	0	0,0	0	0,0					
Meðferðarheimilið Geldingalæk .....	27.183	4,6	29.281	4,4	30.700	4,7	33.286	4,9	35.633	4,7					
Meðferðarheimilið Árbót / Berg .....	71.787	12,3	73.400	10,9	81.400	12,5	88.121	13,0	95.307	12,5					
Meðferðarheimilið Háholt .....	56.109	9,6	65.222	9,7	67.400	10,3	67.600	10,0	74.341	9,8					
Meðferðarheimilið Laugalandi .....	40.820	7,0	42.977	6,4	44.900	6,9	55.435	8,2	60.037	7,9					
Meðferðarheimilið Hvítarbakka .....	38.703	6,6	40.274	6,0	42.300	6,5	46.079	6,8	50.730	6,7					
Meðferðarheimilið Jökuldal <sup>2</sup> .....	11	0,0	0	0,0	0	0,0	0	0,0	0	0,0					
Meðferðarheimili Götusmiðjunnar .....	75.962	13,0	67.029	10,0	70.400	10,8	74.736	11,0	81.942	10,8					
Meðferðarheimili samtals .....	334.554	57,1	336.482	50,1	350.600	53,7	365.257	53,9	397.990	52,3					
Stuðlar, meðferðastöð ríkisins .....	137.883	23,5	140.555	20,9	152.300	23,3	149.000	22,0	176.589	23,2					
Styrkt fóstur .....	7.937	1,4	14.296	2,1	13.100	2,1	14.103	2,1	20.728	2,7					
Landsptali - háskólasjúkrahús .....	0	0,0	80.000	11,9	30.900	4,7	32.422	4,8	34.219	4,5					
Samtals rekstrarkostnaður .....	585.714	100,0	670.983	100,0	652.700	100,0	677.417	100,0	761.234	100,0					
Stofnkostnaður .....	100	-	62.267	-	22.200	-	-	-	-	-					
Samtals .....	585.814	-	733.250	-	674.900	-	677.417	-	761.234	100,0					

<sup>1</sup> Meðferðarheimilið hætti starfsemi 30. september 2004.<sup>2</sup> Meðferðarheimilinu var lokað 1. júní 2002.



## 1.2 Ráðgjöf Barnaverndarstofu

Barnaverndarstofa veitir barnaverndarnefndum almennar leiðbeiningar og ráðgjöf vegna úrlausna barnaverndarmála. Auk þess veitir Barnaverndarstofa öðrum opinberum aðilum og almenningi ráðgjöf og upplýsingar á sviði barnaverndar. Tveir starfsmenn Barnaverndarstofu sinna öðrum fremur þessu verkefni. Aðrir starfsmenn koma einnig að ráðgjöfinni svo sem hvað starf meðferðarheimila sem fjallað verður um í kafla 1.6 og fósturráðstafanir. Þá sinnir Barnahús sérstaklega ráðgjöf er varðar meint kynferðisbrot gegn börnum. Leiðbeiningum og ráðgjöf við barnaverndarnefndir er í meirihluta tilvika komið á framfæri símleiðis. Ráðgjöf getur jafnframt verið veitt skriflega, með tölvupósti eða á fundum með starfsfólki.

Ráðgjöf Barnaverndarstofu vegna starfa barnaverndarnefnda varðar m.a. eftirfarandi þætti:

*Upphaf barnaverndarmáls.* Ráðgjöf felst í að veita aðstoð við að skilja og skilgreina hvenær mál telst barnaverndarmál og hvenær ekki. Vandkvæði geta verið á því að greina á milli þess hvort um sé að ræða félagslega þjónustu við barn eða fjölskyldu skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 eða afskipti á grundvelli barnaverndarlaga. Annað dæmi um verkefni í þessum flokki er atriði tengd tilkynningarskyldu við barnaverndarnefndir en í barnaverndarlögum er að finna þrjár lagagreinar um þetta efni. Til álítaefnis um upphaf máls getur einnig talist réttur tilkynnanda til nafnleyndar svo sem við að skilja hvað í nafnleynd felst, hver á rétt á henni o.s.frv. Við upphaf máls er algengt að leitað sé skilnings á ýmsum verkþáttum sem snerta könnun barnaverndarnefndar, um heimildir, hvar leita megi upplýsinga og hvernig hún skuli framkvæmd.

*Stuðningur og úrræði.* Undir þennan lið falla fjölbreytileg verkefni er varða úrræði barnaverndarnefndar, áætlunargerð þá sem mælt er fyrir um í barnaverndarlögum, hvernig árangursríkast sé að leita samstarfs við forsjármenn o.fl.

*Málsmeðferð og þvingunarúrræði.* Í þessum flokki er fyrst og fremst um að ræða ráðgjöf vegna túlkunar á VIII. kafla barnaverndarlaga svo sem um hæfi, rannsóknarheimildir barnaverndarnefndar, réttindi barna við málsmeðferð, meðferð úrskurðarmála, neyðarráðstafanir og valdbeitingu.

*Hlutverk barnaverndarnefndar samkvæmt öðrum lögum.* Hér er um að ræða verkefni sem koma í hlut barnaverndarnefndar og kveðið er á um í öðrum lögum en barnaverndarlögum svo sem barnalögum og ættleiðingarlögum. Í þeim er kveðið á um að leita megi til barnaverndarnefnda um að meta aðstæður barna, hæfni væntanlegra forsjármanna o.fl. Ráðgjöf felur oftast en ekki í sér upplýsingar um það hvernig best sé að standa að slíku mati og hvað í því felst.

*Börn í fóstri.* Hér er um að ræða ráðgjöf um þær reglur sem í gildi eru um ráðstöfun barns í fóstur, svo sem um val á fósturforeldrum, staðsetningu fósturheimilis, gerð fóstursamninga, umgengni barns við sína nánustu o.fl. Þá leita verðandi fósturforeldrar gjarnan ráðgjafar um það hverjir geti gerst fósturforeldrar, þar á meðal hvernig þeir geti látið meta hæfni sína.

*Annað.* Til þessa flokks telst ráðgjöf sem er veitt vegna atriða eins og útvistar barna, ársskýrslugerðar nefndanna, samstarfs barnaverndarnefnda, leyfisveitinga vegna heimila fyrir börn af ýmsum toga, þ.á.m. vegna sumardvalarheimila og sumarbúða.

Yfirlit ráðgjafarmála annars vegar veitt barnaverndarnefndum og hins vegar öðrum opinberum aðilum og almenningi kemur fram í *tölum 1.2.1 og 1.2.2*. Þar sést að ráðgjafarmálum til barnaverndarnefnda og annarra aðila hefur fækkað á árinu 2007 miðað við fyrri ár. Í *tölflu 1.2.1* kemur fram sundurliðun eftir eðli mála og stærð sveitarfélaga. Flest ráðgjafarmál varða málsmeðferð. Á árinu 2007 var þessi eini flokkur 26% allra ráðgjafarmála en var tæp 48% árið 2006. Árið 2007 voru tæplega 74% ráðgjafarmálanna frá nefndum utan höfuðborgarsvæðisins. Nánast í öllum tilvikum hafa barnaverndarnefndir ráðið að minnsta kosti einn fagmenntaðan starfsmann. Fækkun ráðgjafamála frá fyrri árum skýrist líklega af fjölgun fagfólks í starfi á vegum nefndanna.

Tölulegar upplýsingar um ráðgjöf sem veitt er öðrum en barnaverndarnefndum koma fram í *tölflu 1.2.2* en samkvæmt reglugerð um Barnaverndarstofu skal hún veita almenningi og opinberum aðilum ráðgjöf og fræðslu um starfsemi barnaverndaryfirvalda. Felst það einkum í leiðbeiningum verðandi þær skyldur sem hvíla á almenningi samkvæmt barnaverndarlögum, svo sem tilkynningarskyldu og úrræði til verndar einstökum börnum þegar við á. Algengast er að leitað sé ráðgjafar Barnaverndarstofu um vinnslu eða meðferð einstakra barnaverndarmála, t.d. af hálfu foreldra. Árið 2007 var það tilefni 56% allra erinda en var 46% árið 2006. Auk þessa eru bornar upp almennar spurningar um barnaverndarmál, hlutverk og verklag barnaverndaryfirvalda. Þá er nokkuð um

að aðrir en opinberir aðilar og foreldrar leiti eftir upplýsingum og ráðgjöf varðandi málsmeðferð og úrræði. Þetta eru oftast ættingjar, forsjárlausir foreldrar og nágrennar barna. Árið 2007 var 22% erinda vegna forsjár- og umgengnisdeilna þrátt fyrir að Barnaverndarstofa fjalli ekki sérstaklega um þá málaflokka.

Árið 2007 komu 39% erinda frá foreldrum eða öðrum forsjármönnum barna. Ráðgjöf til ofangreindra aðila hefur fækkað lítillega á milli árána 2006 og 2007. Árið 2007 var ráðgjöf veitt í 225 tilvikum en 233 tilvikum árið 2006.

Tafla 1.2.1 Ráðgjöf veitt barnaverndarnefndum árin 2003 til 2007 (fjöldi mála)

	2003	2004	2005	2006	2007
<b>Allt landið</b>					
Upphaf máls .....	60	46	78	28	38
Stuðningsúrræði .....	31	36	28	30	21
Þvingun .....	10	7	15	27	39
Málsmeðferð .....	91	99	90	127	62
Börn í fóstri .....	21	21	19	22	51
Hlutverk bvn. skv. öðrum lögum ..	12	19	11	20	17
Annað .....	31	42	35	11	10
<b>Samtals .....</b>	<b>256</b>	<b>270</b>	<b>276</b>	<b>265</b>	<b>238</b>
<b>Reykjavík</b>					
Upphaf máls .....	14	3	1	1	1
Stuðningsúrræði .....	1	2	1	0	0
Þvingun .....	3	0	1	2	2
Málsmeðferð .....	13	6	5	6	3
Börn í fóstri .....	1	4	2	1	22
Hlutverk bvn. skv. öðrum lögum ..	1	0	1	0	1
Annað .....	1	0	3	0	0
<b>Samtals .....</b>	<b>34</b>	<b>15</b>	<b>14</b>	<b>10</b>	<b>29</b>
<b>Nágrenni Reykjavíkur<sup>1</sup></b>					
Upphaf máls .....	8	3	9	3	5
Stuðningsúrræði .....	12	3	7	3	4
Þvingun .....	3	3	1	9	12
Málsmeðferð .....	11	16	13	21	8
Börn í fóstri .....	4	4	5	5	1
Hlutverk bvn. skv. öðrum lögum ..	0	2	0	2	3
Annað .....	7	2	2	1	1
<b>Samtals .....</b>	<b>45</b>	<b>33</b>	<b>37</b>	<b>44</b>	<b>34</b>
<b>Önnur sveitarfélög</b>					
Upphaf máls .....	38	40	68	24	32
Stuðningsúrræði .....	18	31	20	27	17
Þvingun .....	4	4	13	16	25
Málsmeðferð .....	67	77	72	100	51
Börn í fóstri .....	16	13	12	16	28
Hlutverk bvn. skv. öðrum lögum ..	11	17	10	18	13
Annað .....	23	40	30	10	9
<b>Samtals .....</b>	<b>177</b>	<b>222</b>	<b>225</b>	<b>211</b>	<b>175</b>

<sup>1</sup> Nágrenni Reykjavíkur eru öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Álftanes, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur. Yfirlitid mðar einungis að því að varpa ljósi á hvert var „fyrsta erindi“ vegna ráðgjafar en gefur ekki upplýsingar um hve oft var leitað til Barnaverndarstofu vegna sama máls.

**Tafla 1.2.2 Ráðgjöf veitt öðrum en barnaverndarnefndum eftir tilefni 2003-2007 (fjöldi mála)**

	2003	2004	2005	2006	2007
Öll mál					
Einstök barnaverndarmál . . . . .	110	127	92	108	125
Almennt um barnaverndarmál . . . .	17	24	23	36	25
Almennt um þjónustu við börn . . . .	8	22	41	26	24
Forsjár- og umgengismál . . . . .	53	64	48	50	49
Annað . . . . .	5	14	17	13	2
Samtals . . . . .	193	251	221	233	225
Opinberir aðilar					
Einstök barnaverndarmál . . . . .	18	22	12	21	21
Almennt um barnaverndarmál . . . .	9	9	9	21	8
Almennt um þjónustu við börn . . . .	1	9	18	8	11
Forsjár- og umgengismál . . . . .	7	2	2	3	2
Annað . . . . .	3	6	3	4	1
Samtals . . . . .	38	48	44	57	43
Foreldrar					
Einstök barnaverndarmál . . . . .	58	52	34	43	51
Almennt um barnaverndarmál . . . .	5	0	3	0	1
Almennt um þjónustu við börn . . . .	1	8	10	5	5
Forsjár- og umgengismál . . . . .	31	39	31	31	30
Annað . . . . .	2	2	7	2	1
Samtals . . . . .	97	101	85	81	88
Aðrir					
Einstök barnaverndarmál . . . . .	34	53	46	44	53
Almennt um barnaverndarmál . . . .	3	15	11	15	16
Almennt um þjónustu við börn . . . .	6	5	13	13	8
Forsjár- og umgengismál . . . . .	15	23	15	16	17
Annað . . . . .	0	6	7	7	0
Samtals . . . . .	58	102	92	95	94

Yfirlitið miðar einungis að því að varpa ljósi á hvert var „fyrsta erindi“ vegna ráðgjafar en gefur ekki upplýsingar um hve oft var leitað til Barnaverndarstofu vegna sama máls.

### 1.3 Eftirlit Barnaverndarstofu

Í eftirliti Barnaverndarstofu felst annars vegar meðferð kvartana vegna aðgerða eða aðgerðaleyfis nefnda og hins vegar í eftirliti að eigin frumkvæði. Hver sem er getur komið kvörtun á framfæri við Barnaverndarstofu vegna vinnubragða barnaverndarnefnda og er lögð áhersla á að kvartanir berist skriflega. Þegar Barnaverndarstofu berst kvörtun þá er leitað eftir afstöðu viðkomandi barnaverndarnefndar til kvörtunarefnis, upplýsingum um vinnslu og meðferð máls. Barnaverndarstofa metur síðan hvort barnaverndarnefnd hafi fylgt settum lögum við meðferð málsins og sendir aðilum máls og viðkomandi barnaverndarnefnd niðurstöður sínar eftir því sem við á.

Barnaverndarstofa hefur einnig eftirlit með störfum barnaverndarnefnda að eigin frumkvæði án þess að erindum þar að lútandi hafi verið beint til stofunnar. Sem dæmi má nefna að Barnaverndarstofa safnar saman ársskýrslum frá öllum barnaverndarnefndum og þær upplýsingar geta kallað á athugun á tilteknum atriðum. Barnaverndarstofa aflar einnig upplýsinga um almenna eða afmarkaða þætti í störfum barnaverndarnefnda eftir því sem tilefni er til. Þá sinnir stofan reglubundnu eftirliti með meðferðarheimilum sem rekin eru á vegum hennar.

Tölulegar upplýsingar yfir kærur og kvartanir sem borist hafa Barnaverndarstofu koma fram í *töflu 1.3.1*. Á árinu 2007 var fjöldi mála alls 20 en var 25 árið 2006. Flest mál eru vegna Reykjavíkur eða alls 10 mál, 5 mál eru vegna sveitarfélaga í nágrenni Reykjavíkur og sömuleiðis eru 5 mál vegna mála í öðrum sveitarfélögum. Flest tilfelli varða kvartanir vegna upphafs máls (sjá skilgreiningu á eðli mála í ráðgjafarhluta).

Tilefni eftirlits að eigin frumkvæði Barnaverndarstofu getur verið margvíslegt. Atriði sem fram koma í ársskýrslum nefnda, umsóknum um meðferðarðvöl fyrir börn, föstursamningum o.fl. geta vakið spurningar sem nauðsynlegt reynist að fá svör við. Opinber umræða um málefni er varða börn eða ábendingar úr ýmsum áttum geta gefið stofunni tilefni til að kanna með hvaða hætti barnaverndarnefndir rækja hlutverk sitt á einstökum sviðum. Þannig getur eftirlit Barnaverndarstofu að eigin frumkvæði beinst að öllum þáttum barnaverndarmála og vinnuaðferðum við framkvæmd þeirra. Það getur ýmist beinst að tiltekinni barnaverndarnefnd eða að þeim öllum.

Tilefni geta einnig gefist til að Barnaverndarstofa sendi fyrirspurnir til opinberra stofnana er lúta að margvíslegum málefnum barna. Venjulega er um að ræða ábendingar um viðfangsefni sem vert er að gefa gaum, hvatningu til aðgerða eða beiðni um upplýsingar.

**Tafla 1.3.1 Kæur<sup>1</sup> og kvartanir sem bárust Barnaverndarstofu 2002 til 2007**

	2002	2003	2004	2005	2006	2007
<b>Landið allt</b>						
Upphaf máls . . . . .	11	8	7	1	7	6
Stuðningsúrræði . . . . .	7	8	5	3	4	4
Þvingun . . . . .	1	2	1	0	4	3
Málsmeðferð . . . . .	7	5	6	4	4	5
Börn í fóstri . . . . .	6	6	4	9	6	2
Hlutverk bvn. skv. öðrum lögum . . . . .	4	7	2	0	0	0
Annað . . . . .	1	0	0	0	0	0
<b>Samtals . . . . .</b>	<b>36</b>	<b>37</b>	<b>25</b>	<b>17</b>	<b>25</b>	<b>20</b>
<b>Reykjavík</b>						
Upphaf máls . . . . .	8	1	1	0	3	4
Stuðningsúrræði . . . . .	4	4	4	1	2	2
Þvingun . . . . .	1	2	1	0	3	1
Málsmeðferð . . . . .	5	3	3	2	3	3
Börn í fóstri . . . . .	0	1	1	5	2	0
Hlutverk bvn. skv. öðrum lögum . . . . .	4	1	0	0	0	0
<b>Samtals . . . . .</b>	<b>22</b>	<b>12</b>	<b>10</b>	<b>8</b>	<b>13</b>	<b>10</b>
<b>Nágrenni Reykjavíkur</b>						
Upphaf máls . . . . .	2	2	4	1	0	1
Stuðningsúrræði . . . . .	2	0	0	2	0	1
Þvingun . . . . .	0	0	0	0	1	2
Málsmeðferð . . . . .	1	1	2	0	0	1
Börn í fóstri . . . . .	3	1	1	2	2	0
Hlutverk bvn. skv. öðrum lögum . . . . .	0	3	0	0	0	0
<b>Samtals . . . . .</b>	<b>8</b>	<b>7</b>	<b>7</b>	<b>5</b>	<b>3</b>	<b>5</b>
<b>Önnur sveitarfélög</b>						
Upphaf máls . . . . .	1	5	2	0	4	1
Stuðningsúrræði . . . . .	1	4	1	0	2	1
Þvingun . . . . .	0	0	0	0	0	0
Málsmeðferð . . . . .	1	1	1	2	1	1
Börn í fóstri . . . . .	3	4	2	2	2	2
Hlutverk bvn. skv. öðrum lögum . . . . .	0	3	2	0	0	0
Annað . . . . .	1	0	0	0	0	0
<b>Samtals</b>	<b>6</b>	<b>18</b>	<b>8</b>	<b>4</b>	<b>9</b>	<b>5</b>

<sup>1</sup> Samkvæmt barnaverndarlögum nr. 80/2002 eru kæur vegna ákvarðana barnaverndarnefnda nú beint til kærunefndar barnaverndarmála en Barnaverndarstofa fjallar um kvartanir vegna vinnubragða nefnda.

## 1.4 Fósturmál

Yfirumsjón með fósturmálum er í höndum Barnaverndarstofu. Í því felst m.a. að sjá um að útvega barnaverndarnefndum fósturforeldra og meta hæfni þeirra. Enginn má taka barn í fóstur nema með leyfi Barnaverndarstofu. Áður en leyfi er veitt leitar Barnaverndarstofa eftir umsögn barnaverndarnefndar í heimilisumdæmi umsækjenda, sbr. 66. gr. laga nr. 80/2002. Um hlutverk Barnaverndarstofu og barnaverndarnefnda vegna fósturmála er nánar fjallað í reglugerð um fóstur nr. 804/2004.

Yfirlit fósturmála á tímabilinu 2003–2007 kemur fram í *töflu 1.4.1*. Alls hafa á fjórða hundrað börn dvalið hjá fósturforeldrum árlega. Hér er um að ræða um fjögur börn af hverjum þúsund á landinu. 199 börn voru í varanlegu fóstri, 138 í tímabundnu fóstri og 20 í styrktu fóstri á árinu 2007. Börnum í fóstri hefur því lítillaga fjölgað frá árinu 2006. Um varanlegt fóstur er að ræða þegar barni er komið í fóstur þar til forsjárskyldur falla niður skv. lögum. Barni skal komið í tímabundið fóstur þegar ætla má að unnt verði að bæta úr því ástandi sem er tilefni fósturráðstöfunar innan skamms tíma þannig að barnið muni geta snúið aftur til foreldra sinna, án verulegrar röskunar á högum þess. Skilyrði fyrir styrktu fóstri er að uppfyllt sé viðmið um „sérhæfða meðferð“ skv. c. lið 79. gr. bvl. Hér er um að ræða að barn eigi við verulega hegðunarerfiðleika að stríða, uppfyllt séu skilyrði um að vista barnið á heimili eða stofnun skv. 79 gr. bvl. og nauðsynlegt þyki að koma barni í fóstur í stað þess að vista það á meðferðarstofnun. Mat á þörf er byggt á gögnum frá barnaverndarnefndum, þ.á.m. um tilraunir þeirra til að beita vægari úrræðum (sjá m.a. 24. gr. laganna) og niðurstöðum rannsóknaraðila svo sem meðferðarstöðvar ríkisins, Stuðla. Af *töflu 1.4.1* má ráða að þróun fósturráðstafana síðustu ára einkennist af hlutfallslegri fjölgun ráðstafana í tímabundið fóstur ásamt nokkurri fjölgun fósturráðstafana í heild. Auk þess hefur fjöldi barna í styrktu fóstri nánast tvöfaldast milli árána 2006 og 2007.

Umsóknir barnaverndarnefnda til Barnaverndarstofu um fósturheimili voru 126 árið 2007 en á árinu 2006 voru umsóknir 135. Tæplega 50% umsókna koma frá Reykjavík. Umsóknir um styrkt fóstur voru 18 á árinu 2007 en voru 17 árið á undan. Alls voru 14 umsóknir um fósturheimili fyrir barn dregnar til baka á árinu 2007. Auk þess voru sjö umsóknir frá árinu 2006 dregnar til baka árið 2007.

Á árinu 2007 var 92 börnum ráðstafað í fóstur, 16 í varanlegt fóstur, 65 í tímabundið fóstur og 11 í styrkt fóstur. Það ár fóru 18 börn úr varanlegu fóstri, öll vegna þess að sjálfræðisaldri hafði verið náð. Á árinu breyttust tólf tímabundnar fósturráðstafanir í varanlegt fóstur.



Tafla 1.4.1 Fósturmál – yfirlit

	2003			2004			2005			2006			2007								
	VF	TF	ST	VF	TF	ST	VF	TF	ST	VF	TF	ST	VF	TF	ST						
Fjöldi barna í varanlegu, tímabundnu eða styrktu fóstri	183	116	9	308	187	115	6	308	196	122	8	326	194	138	11	343	199	138	20	357	
Umsóknir frá barnaverndar-nefndum um fósturheimili	9	28	7	44	13	40	6	59	7	28	2	37	6	51	10	67	12	39	10	61	
Reykjavík																					
Nágrenni Reykjavíkur	0	7	3	10	3	10	4	17	0	13	3	16	6	21	2	29	2	17	2	21	
Landsbyggð	2	21	6	29	2	16	5	23	4	33	8	45	7	27	5	39	5	33	6	44	
Alls	11	56	16	83	18	66	15	99	11	74	13	98	19	99	17	135	19	89	18	126	
Ráðstöfun barna í fóstur á árinu eftir sveitarfélögum	9	17	4	30	15	28	3	46	11	19	1	31	7	35	3	45	13	28	6	47	
Reykjavík																					
Nágrenni Reykjavíkur	0	6	2	8	3	7	1	11	0	10	2	12	3	16	2	21	1	12	1	14	
Landsbyggð	2	21	3	26	2	12	2	16	6	25	5	36	4	23	3	30	2	25	4	31	
Alls	11	44	9	64	20	47	6	73	17	54	8	79	14	74	8	96	16	65	11	92	
Börn sem fóru úr varanlegu fóstri	15	-	-	-	17	-	-	-	14	-	-	-	17	-	-	-	18	-	-	-	
Barn náði sjálfræðisaldri																					
Vegna ákvörðunar bvn.	0	-	-	-	0	-	-	-	-	-	-	-	0	-	-	-	0	-	-	-	
Fósturrof, önnur ástæða	0	-	-	-	0	-	-	-	-	-	-	-	1	-	-	-	0	-	-	-	
Ættleiðing	0	-	-	-	1	-	-	-	-	-	-	-	5	-	-	-	0	-	-	-	
Alls	15	-	-	-	18	-	-	-	14	-	-	-	23	-	-	-	18	-	-	-	
Tímabundið fóstur breyttist í varanlegt	-	-	-	-	2	-	-	-	6	-	-	-	7	-	-	-	12	-	-	-	

VF: Varanlegt fóstur. TF: Tímabundið fóstur. SF: Styrkt fóstur. ST: Samtals. Nágrenni Reykjavíkur eru öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Álftanes, Kópavogur, Seljarnarnes og Mosfellsbær.

\* Athugið að ekki er samræmi í tölum um fósturráðstafanir samkvæmt skráningu Barnaverndarstofu og skráningu nefnda (sjá kafla 4). Líklegasta skýringin á þessu misræmi er sú að nefndir hafa í einhverjum tilvikum ekki staðið við lagalegar skyldur sínar og sent inn fóstursamning. Ef nefndir senda ekki inn fóstursamning er fósturráðstöfingun ekki skráð í gagnarunn Barnaverndarstofu. Því eru fósturráðstafanir fleiri samkvæmt upplýsingum nefndanna en samkvæmt skráningu Barnaverndarstofu.

Árið 2003 gerði Barnaverndarstofa samning við þýska fyrirtækið Martinswerk eV Dorlar sem hefur heimild þýskra yfirvalda til að ráðstafa börnum til umönnunar. Starfsemi fyrirtækisins fer fram í mörgum löndum. Samningur Barnaverndarstofu og fyrirtækisins hefur það að markmiði að fella starfsemi að íslensku lagaumhverfi eins og kostur er. Sérstakur trúnaðarmaður fer með þau verkefni sem barnaverndarnefndum eru ætluð, svo sem eftirlit. Auk þess er ríkulegt eftirlit af hálfu hinna þýsku aðila og fastráðinn starfsmaður hér á landi til að annast starfsemina, skipulagningu o.s.frv. Litið er á ráðstafanir fyrirtækisins sem fullt ígildi fösturráðstöfunar og sömu kröfur gerðar í þeim efnum og á við um ráðstöfun fösturbarna af hálfu barnaverndarnefnda. Dvalartími er í flestum tilvikum um eitt ár. Í sumum tilvikum er þó um skemmri eða lengri tíma að ræða.

Árið 2007 var fjórum sinnum óskað eftir að mega ráðstafa barni hingað til lands á grundvelli samningsins við Martinswerk. Árið á undan var í níu tilvikum óskað eftir ráðstöfun á börnum frá Þýskalandi á grundvelli samningsins.

Eins og áður hefur komið fram er Barnaverndarstofu ætlað að sjá barnaverndarnefndum fyrir hæfum fösturforeldrum. Þeir sem óska eftir því að gerast fösturforeldrar þurfa að sækja formlega um það til Barnaverndarstofu og afhenda tilskilin vottorð. Að því loknu óskar Barnaverndarstofa umsagnar barnaverndarnefndar í heimilisumdæmi umsækjenda. Einnig fer fram vettvangsathugun á heimili þeirra og ítarlegt viðtal við þá og námskeiðið Foster Pride kynnt en samkvæmt 9. gr. reglugerðrar um föstur nr. 804/2004 ber umsækjanda að sækja námskeið á vegum Barnaverndarstofu áður en leyfi er veitt. Markmið með námskeiðinu er annars vegar að leggja frekara mat á hæfni umsækjenda og hins vegar að veita umsækjanda nauðsynlega þjálfun og undirbúa hann undir hlutverk sitt. Á grundvelli þessa ferils metur Barnaverndarstofa hvort viðkomandi teljist hæfur sem fösturforeldri.

Umsóknir þeirra sem óskuðu eftir að gerast fösturforeldrar voru 65 talsins árið 2007 og hefur þeim fjölgað miðað við árið á undan en þá voru umsóknir 49 (*tafla 1.4.2*). Árið 2007 bárust flestar umsóknir frá Reykjavík og nágrenni eða 28 talsins.

**Tafla 1.4.2 Fjöldi umsókna um að gerast fósturforeldrar eftir búsetu og niðurstaða mats**

		2006	2007
Hvaðan koma umsóknir?	Reykjavík og nágrenni .....	26	28
	Vesturland .....	0	6
	Vestfirðir .....	1	1
	Norðurland .....	6	12
	Austurland .....	3	5
	Suðurland .....	9	7
	Reykjanes .....	4	4
	Fólk búsett erlendis .....	0	2
Fjöldi umsókna alls .....		49	65
Niðurstaða mats	Umsækjendur hæfir .....	33	46
	Umsókn hafnað eða dregið til baka ..	13	4
	Umsókn óafgreidd* .....	24	39
Alls .....		70	89

\*Niðurstaða mats í lok árs.

Árið 2007 voru 16 umsóknir afgreiddar frá árinu 2006 eða fyrr en 4 voru dregnar til baka eða þeim hafnað. Heildarfjöldi þeirra sem fengu leyfi sem fósturforeldrar árið 2005 var þannig 46. Þetta er fjölgun frá árinu 2006 en þá fengu 33 leyfi sem fósturforeldrar.

Til viðbótar ofangreindum verkefnum veitir Barnaverndarstofa margvíslega ráðgjöf til barnaverndarnefnda um fósturmál og fer ráðgjöfin oftast fram símleiðis eða með tölvupóstsamskiptum. Þessi ráðgjöf er af ýmsum toga svo sem vegna umsagna í fósturmálum, gerð umsókna, frágangs fóstursamninga og framkvæmd stuðnings við fósturheimili. Stofan veitir einnig einstaklingum upplýsingar um það hvaða skilyrði þarf að uppfylla til að fá leyfi sem og hvernig umsóknarferlið fer fram. Nokkuð var um það á árinu að fósturforeldrar leituðu ráðgjafar vegna fósturbarna sinna.

Foster Pride námskeiðin hafa verið haldin á Barnaverndarstofu frá vorinu 2004 en námskeiðið er upprunið frá Bandaríkjunum. Árið 2006 voru tvö Foster Pride námskeið haldin í Reykjavík. Fyrra námskeiðið var haldið frá 25.2 - 24.4 og sóttu alls 17 þátttakendur námskeiðið. Seinna námskeiðið var haldið 2.09 - 3.10 og sóttu einnig 17 þátttakendur það námskeið. Fjórir starfsmenn sóttu námskeiðin, einn frá Vestfjörðum, einn úr Eyjafirði og tveir frá Reykjavík. Af þeim 30 fósturforeldrum sem sóttu námskeiðið voru 27 sem ekki höfðu fengið leyfi áður sem fósturforeldrar.

Árið 2007 voru einnig tvö Foster Pride námskeið haldin. Fyrra námskeiðið var haldið frá 3.2 - 4.4. og sóttu alls 16 þátttakendur það námskeið. Seinna námskeiðið var haldið 8.9 - 2.11. og sóttu 19 manns það námskeið. Bæði námskeiðin voru haldin í Reykjavík. Fjórir starfsmenn sóttu námskeiðin, tveir frá Reykjavík, einn frá Kópavogi og einn frá meðferðarheimili sem rekið er á vegum Barnaverndarstofu. Af þessum 35 þátttakendum sem sóttu námskeiðin tvö voru 18 sem höfðu áður fengið leyfi sem fósturforeldrar.

Frekari upplýsingar um Foster Pride námskeiðið eru á heimasíðu Barnaverndarstofu [www.bvs.is](http://www.bvs.is).

Barnaverndarstofa var í samstarfi við Norðurlöndin um gerð kennslumyndbands sem notað verður á Foster Pride námskeiðum. Myndin kallast „Hæfniskröfurnar 5“. Frumsýning myndarinnar var í lok maí árið 2006. Barnaverndarstofa er aðili að myndinni fjárhagslega og einnig kom hún að handritsgerð ásamt fulltrúum frá hinum Norðurlöndunum. Myndin var unnin í Danmörku og eru leikarar danskir. Barnaverndarstofa lét texta myndina og lesa inn á hana á íslensku. Hægt er að kaupa eintak af myndinni á Barnaverndarstofu.

Á árinu 2007 bauð Þekkingarmiðlun öllum fósturforeldrum upp á námskeiðið „Að takast á við erfiða einstaklinga“ þeim að kostnaðarlausu. Þekkingarmiðlun er fyrirtæki sem hefur sérhæft sig í þjálfun og námskeiðshaldi með það að markmiði að styrkja einstaklinga og vinnustaði. Námskeiðið var haldið í tengslum við aðalfund félags fósturforeldra og var vel sótt.

## 1.5 Ársskýrslur og sískráning barnaverndarnefnda

### *Ársskýrslur barnaverndarnefnda*

Innheimta ársskýrslna barnaverndarnefnda landsins er umfangsmikið verkefni Barnaverndarstofu samkvæmt barnaverndarlögum og reglugerð um Barnaverndarstofu. Söfnun slíkra gagna og úrvinnsla tölfræðilegra upplýsinga á grundvelli þeirra gefur mikilvægar vísbendingar um stöðu barnaverndarmála á hverjum tíma og getur gefið tilefni til nánari skoðunar og viðbragða af hálfu Barnaverndarstofu.

Notast er við eyðublað sem hannað var af nefnd á vegum félags- og tryggingamálaráðuneytisins sem hafði það hlutverk að skilgreina og samræma þau tölfræðilegu gögn sem þörf væri á að safna af þessu tilefni. Eyðublaðið var notað í fyrsta sinn árið 1995 en það hefur síðan verið endurskoðað reglulega í samræmi við ábendingar barnaverndarnefnda. Á eyðublaðinu er m.a. spurt um:

- Fjölda og ástæður tilkynninga til barnaverndarnefnda.
- Fjölda barnaverndarmála til umfjöllunar.
- Fjölda barna og fjölskyldna sem var veitt aðstoð á grundvelli barnaverndarlaga.
- Fjölda og tegund stuðningsúrræða.
- Fjölda úrskurða barnaverndarnefnda.
- Fjölda og tegund fósturráðstafana.

Síðastliðin ár hafa allar barnaverndarnefndir landsins skilað inn ársskýrslum um störf sín. Gætt hefur meiri nákvæmni í svörum nefndanna en nokkrir byrjunarörðugleikar voru við notkun hins nýja skráningarforms í upphafi.

### *Sískráning*

Sískráning tilkynninga hófst í byrjun janúar 2005 og hefur gengið mjög vel. Barnaverndarstofa hefur lengi haft áhuga á því að fá yfirlit yfir umfang starfsins hjá nefndunum með því að hafa á hverjum tíma upplýsingar um fjölda þeirra tilkynninga sem berast. Fram til ársins 2004 safnaði Barnaverndarstofa aðeins saman heildartölum yfir störf nefndanna árlega. Treglega gekk að fá talnagögn frá nefndum og gátu þau því verið eins til tveggja ára gömul þegar þau voru gefin út. Því var ákveðið að hefja sískráningu og safna saman upplýsingum um fjölda tilkynninga allra nefnda mánaðarlega. Tilgangurinn með sískráningunni er m.a. að geta svarað ýmsum fyrirspurnum, innlendum og erlendum, um fjölda tilkynninga, hvers eðlis þær eru og hvort algengt sé að grípa þurfi til neyðarráðstafana í kjölfar tilkynninga. Þá má einnig gera ráð fyrir að þessar upplýsingar geti verið gagnlegar fyrir nefndirnar sjálfar sem geta frekar gert áætlanir um störf sín og þörf á úrræðum þegar ávallt er hægt að skoða nýjar tölur um umfang starfsins.

Barnaverndarstofa hefur í kjölfar sískráningarinnar birt skýrslur um störf allra nefnda reglulega á heimasíðu Barnaverndarstofu [www.bvs.is](http://www.bvs.is). Í þeim skýrslum hafa verið birtar ítarlegar upplýsingar um fjölda tilkynninga, fjölda barna sem tilkynnt hefur verið um, fjölda barna þar sem ákveðið hefur verið að hefja könnun, fjölda tilkynninga til Neyðarlínunnar 112 og ástæður tilkynninga. Jafnframt eru birtar upplýsingar um fjölda umsókna um meðferð á stofnun á vegum Barnaverndarstofu, fjölda umsókna um fóstur (bæði vegna fósturbarna og leyfa til að gerast fósturforeldar) og fjölda mála í Barnahúsi. Með þessu móti hefur tekist að birta upplýsingar um stöðu málaflokksins á hverjum tíma.

## 1.6 Samskipti Barnaverndarstofu við meðferðarheimili

Barnaverndarstofa hefur yfirumsjón og eftirlit með heimilum og stofnunum sem ríkið rekur og styrkir fyrir börn og eru rekin á grundvelli barnaverndarlaga. Í því felst m.a. að hafa faglegt og fjárhagslegt eftirlit með starfsemi og að hafa yfirumsjón með vistun barna á heimilunum og fylgjast með nýtingu þeirra. Barnaverndarstofa skal jafnframt veita heimilunum faglega ráðgjöf um þeirra störf.

Meðferðarstöð ríkisins, Stuðlar er ríkisstofnun og lítur rekstur stofnunarinnar lögum og reglum um rekstur ríkisstofnana, þ.á.m. hvað varðar fjárhagslegt eftirlit. Önnur meðferðarheimili eru rekin á grundvelli þjónustusamninga við einstaklinga. Í þjónustusamningum er getið um hlutverk meðferðarheimila, skyldur þeirra og rekstrargrundvöll, þ.á.m. fjárhagslegt eftirlit af hálfu Barnaverndarstofu.

Árið 2001 tóku gildi reglur Barnaverndarstofu um samstarf meðferðarheimila og barnaverndarnefnda. Þessar reglur, ásamt þjónustusamningum og öðrum gögnum sem Barnaverndarstofu berast, liggja til grundvallar ráðgjöf og eftirliti Barnaverndarstofu. Reglurnar fjalla m.a. um umsóknarferil og skilyrði umsókna, umgengni barna við nákomna, gerð vistunarsamnings, kostnaðarþætti, útskriftarferil, vistun barna á lokaðri deild í neyðar- og bráðatilvikum o.fl.

Í samræmi við ákvæði barnaverndarlaga og reglugerðar um Barnaverndarstofu skal stofan hafa bæði faglegt og fjárhagslegt eftirlit með þeim meðferðarheimilum sem rekin eru á vegum ríkisins á grundvelli barnaverndarlaga. Eftirlitið hefur verið framkvæmt frá árinu 2004 samkvæmt verksamningi við einkaaðila, Jón Björnsson sálfræðing. Eftirlitið felst m.a. í vettvangsheimsóknnum með reglulegu millibili á öll heimilin tvisvar á ári. Eftirlitsmaður skilar Barnaverndarstofu skýrslu í lok hverrar vettvangsskoðunar. Verksamningurinn gerir ráð fyrir mati á öllum gögnum sem berast Barnaverndarstofu og upplýsingum um heimilin hvert um sig. Þá gerir samningurinn ráð fyrir að Barnaverndarstofa annist eftirfylgd vegna atriða sem þykja betur mega fara í starfi meðferðarheimilanna og hafa m.a. komið fram í eftirlitsheimsóknnum. Jafnframt gerir samningurinn ráð fyrir þeim möguleika að Barnaverndarstofa geti óskað eftir því að verktaki framkvæmi sérstaka úttekt eða mat á meðferðarheimilum.

Í meginatriðum lýtur eftirlit með meðferðarheimilum að eftirfarandi þáttum:

- Að afla gagna til að gera Barnaverndarstofu fært að meta hvort starfsemi heimilanna uppfylli kröfur um viðurkennt faglegt starf
- Að stuðla að almennum umbótum í meðferðarstarfi og benda á það sem betur má fara í starfi meðferðarheimila
- Að ganga úr skugga um að þjónustu- og vistunarsamningar séu uppfylltir

Auk vettvangsheimsókna felst eftirlit Barnaverndarstofu í skoðun ýmissa gagna og upplýsinga sem berast frá meðferðarheimilum; svo sem skýrslur um stöðu barna, vistunarsamningar, rannsóknarskýrslur frá Stuðlum, yfirlit frá lokaðri deild Stuðla o.fl.

Meginmarkmið ráðgjafar Barnaverndarstofu er að:

- Stuðla að faglegum umbótum í meðferðarstarfi
- Efla gæði meðferðarstarfsins
- Að tryggja velferð einstakra barna

Ráðgjöfin er framkvæmd á þann hátt að starfsmaður fer í þrjár heimsóknir á ári á hvert heimili auk þess að vera í reglubundnu símasambandi við heimilin. Í heimsóknunum er starfsemi heimilanna skoðuð og gengi einstakra barna metið. Þá er rætt við meðferðaraðila um innra starf heimilanna, skóla- og starfsmannamál og inn- og útskriftir. Einnig er rætt við börnin og lögð fyrir þau viðhorfakönnun þar sem þeim gefst m.a. kostur á að tjá sig um hvernig þeim líður, hvernig þeim finnst ganga í meðferðinni og hvað þeim finnst að betur mætti fara á heimilinu. Eftir hverja ferð er gerð skýrsla um heimsóknina.

Starfsmenn Barnaverndarstofu taka þátt í starfsdögum meðferðarheimilanna sem eru haldnir að jafnaði tvisvar ár hvert. Tilgangur þeirra er að efla starfsemi heimilanna, stuðla að faglegri umræðu og skapa vettvang þar sem deila má þekkingu og reynslu. Samstarfsfundina sækja forstöðumenn heimilanna, starfsmenn og sálfræðingar auk starfsmanna Barnaverndarstofu. Árið 2006 voru haldnir tveir starfsdagar, í mars og í október. Umfjöllunarefnið á starfsdeginum í mars varðaði þolendur kynferðislegs ofbeldis, siðblindu og réttindi barna á stofnunum. Fyrirlesarar voru Thelma Ásdísardóttir höfundur bókarinnar „Myndin af pabba“, Þórarinn Hjaltason sálfræðingur Fangelsismálastofnunar og Bragi Guðbrandsson forstjóri Barnaverndarstofu. Auk þessa voru umræður um það sem var efst á baugi meðal starfsmanna með-

ferðarheimilanna. Starfsdagarnir í október voru til þess ætlaðir að gefa meðferðarheimilunum og Stuðlum tækifæri til að meta stöðuna á þessum tíma og koma með tillögur til úrbóta. Unnið var út frá ákveðinni aðferð sem kallast framtíðarverkstæðið. Góð mæting var á báða þessa starfsdaga.

Á árinu 2007 voru síðan haldnir starfsdagar í maí og október. Í maí var umfjöllunarefnið afdrifakönnun sem gerð var meðal skjólstæðinga meðferðarheimilisins að Háholti. Könnunin var síðan notuð til að ræða almennt um meðferðarheimilin og þ.m.t. kerfið í heild sinni. Í október var umfjöllunarefnið um gerð gæðastaðla vegna vistunar utan heimilis, um greiningar á BUGL og vinnu með börn í sjálfsvígshættu, um greiningar á Stuðlum og um geðvillu. Fyrirlesarar voru m.a. frá Barnaverndarstofu, BUGL og Stuðlum. Forstöðumenn meðferðarheimilanna sögðu svo frá því helsta sem var á döfinni á viðkomandi heimilum.

Í gildi er samningur milli Fangelsismálastofnunar ríkisins og Barnaverndarstofu sem miðar að því að gefa föngum undir 18 ára aldri kost á því að sækja meðferð á meðferðarheimili Barnaverndarstofu í stað afplánunar eða gæsluvarðhalds í fangelsi. Þessi ráðstöfun byggir á 1. mgr. 11. gr. laga nr. 48/1988 um fangelsi og fangavist og 3. og 51. gr. barnaverndarlaga. Samningurinn felur m.a. í sér að föngum stendur til boða vistun á stofnunum Barnaverndarstofu í stað hefðbundinnar refsivistar og gæsluvarðhalds. Á árinu 2006 var aðeins einn vistaður á þessum grundvelli. Um var að ræða gæsluvarðhald sem fram fór á lokaðri deild Stuðla og síðar á meðferðardeildinni. Á árinu 2007 voru svo tveir fangar vistaðir á meðferðarheimilum.



## 1.7 Rannsóknir og þróunarstarf

Barnaverndarstofa skal eiga frumkvæði að þróunarstarfi og rannsóknum á sviði barnaverndar. Einnig skal stofan eiga samstarf við þá rannsóknaraðila sem sinna slíkum verkefnum innanlands. Hún skal hafa yfirlit yfir þær rannsóknir á sviði barnaverndarmála sem unnið er að hér á landi og þau verkefni sem unnin eru erlendis og Íslendingar taka þátt í. Barnaverndarstofa skal eftir því sem unnt er safna upplýsingum um erlendar rannsóknir á sviði barnaverndar.

### Rannsóknir

Barnaverndarstofa vann að eftirfarandi rannsóknum á árinu:

#### *Alþjóðleg rannsókn á ofbeldi gegn börnum*

Alþjóðasamtökin gegn ofbeldi og vanrækslu í garð barna (ISPCAN eða *The International Society of the Prevention of Abuse and Neglect*) og Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna (UNICEF eða *United Nations Children's Fund*) fóru þess á leit við Barnaverndarstofu snemma á árinu 2007 að Ísland, líkt og flest lönd heims, tæki þátt í alþjóðlegri rannsókn á ofbeldi í garð barna. Tilgangur rannsóknarinnar var annars vegar að afla upplýsinga um reynslu barna af ofbeldi og hins vegar að þróa mælitæki sem gefur áreiðanlegar og sambærilegar niðurstöður um reynslu barna af ofbeldi. Mikilvægt þótti að framkvæma slíka rannsókn þar sem sjónarhorn barnanna sjálfra hefur oftast verið gefinn lítill gaumur í rannsóknum á ofbeldi. Tvenns konar spurningalistar voru lagðir fyrir bekkjardeildir 7. og 9. bekk grunnskóla, bæði á höfuðborgarsvæðinu, landsbyggðinni og dreifbýli. Annars vegar var lagður fyrir spurningalisti varðandi ofbeldi á heimili barnanna eða í grennd við heimilið og hins vegar spurningalisti varðandi ofbeldi við skóla eða vinnustað. Helstu vísbendingar könnunarinnar eru þær að um fimmta hvert barn á grunnskólaaldri hefur sætt líkamlegu ofbeldi á heimili og er hlutfallið svipað á vettvangi skólans. Allt að þriðjungur telur sig hafa sætt andlegu ofbeldi í einhverri mynd og tæplega einn af hverjum tíu greinir frá kynferðislegu ofbeldi í einhverri mynd. Vert er að taka það fram að um forpröfun listanna var að ræða og því var úrtakið lítið. Varhugavert er því að alhæfa útfrá niðurstöðunum en þær gefa vissulega vísbendingar um reynslu barna af ofbeldi.

*Líkamlegt ofbeldi gagnvart börnum*

Á árinu 2007 hóf Barnaverndarstofa rannsókn á líkamlegu ofbeldi gagnvart börnum á Íslandi. Oft hafa vaknað spurningar um hlutfall tilkynninga vegna líkamlegs ofbeldis gagnvart börnum sem virðist lægra á Íslandi en hjá ýmsum vestrænum þjóðum. Ein skýringin kann að vera sú að vandinn sé duldari hér en víða erlendis. Jafnframt verður skortur á meðvitund um tilvist líkamlegs ofbeldis og takmörkuð þekking á greiningu á áverkum barna til þess að draga úr líkum þess að mál uppgötvist og séu tilkynnt barnaverndaryfirvöldum. Markmið rannsóknarinnar er að skoða tilkynningar til barnaverndarnefnda á líkamlegu ofbeldi svo hægt sé að varpa skýrara ljósi á umfang vandans, viðbrögð við ofbeldi og meta þörf til úrræða. Farið verður yfir þær 420 tilkynningar sem bárust barnaverndarnefndum landsins árið 2006. Þá verða tekin viðtöl við nokkra foreldra sem valdir verða af handahófi. Einnig verður farið yfir niðurstöður rannsókna sem gerðar hafa verið á þessu sviði hér á landi og erlendis. Stefnt er að því að rannsókninni ljúki fyrir lok árs 2008.

*Viðhorf til skólagöngu fósturbarna í tímabundnu fóstri*

Í júní 2007 lauk Katrín Þórdís Jacobsen nemi verkefni í félagsráðgjöf sem unnið var í samvinnu við Barnaverndarstofu. Katrín var í starfsnámi á Barnaverndarstofu á fyrri hluta ársins 2007. Í rannsóknarverkefninu var leitast við að kanna hver viðhorf til skólagöngu fósturbarna í tímabundnu fóstri voru. Framkvæmd var símakönnun þar sem annars vegar var talað við fósturforeldra sem höfðu verið með barn í tímabundnu fóstri á árinu 2006 og hins vegar skólastjóra þeirra skóla sem eru í skólaumdæmi viðkomandi fósturforeldra. Helstu niðurstöður voru þær að viðhorf til skólagöngu fósturbarna voru almennt jákvæð. Þó bar á neikvæðum viðhorfum sem jafnvel hafa orðið til þess að barni var synjað um skólavist í skólaumdæmi fósturforeldranna.

*Viðhorfakönnun barna á meðferðarheimilum*

Barnaverndarstofa hefur um langt skeið lagt fyrir öll börn sem vistast á meðferðarheimilum viðhorfakönnun þar sem spurt er út í ýmsa þætti vistunarinnar, m.a. líðan barnanna, skólann, sálfræðiaðstoðina og árangur. Viðhorfakönnunin er lögð fyrir þrisvar sinnum á ári. Árið 2007 svöruðu 64 börn könnuninni og var meðalaldur þeirra 15,3 ár. Almennt voru börnin mjög ánægð á heimilunum. Í könnuninni kom í ljós að flest börnin töldu starfsmenn og ráðgjafa heimilisins það besta við heimilið. Þá voru börnin ánægð með að fá að umgangast dýr, ánægð með matinn, með hin börnin á heimilinu og að fá að spila tónlist. Börnin voru spurð að því hvað þau töldu sig hafa lært í með-

ferðinni og sögðust flest hafa lært að hafa stjórn á skapi sínu, séu orðin edrú, kurteis og beri virðingu fyrir öðrum. Einnig segjast þau hafa lært að vinna, keyra, spila tónlist og vera í skóla. Í könnuninni var spurt til hverra börnin leita ef þeim líður illa. Í ljós kom að um helmingur barnanna leitar fyrst til starfsmanna heimilisins eða forelda en hinir leita til sálfræðinga heimilisins, ráðgjafa eða annarra. Börnin nefndu einnig nokkur atriði sem þau töldu þurfa að bæta á heimilunum. Þar var m.a. nefnt að bjóða þyrfti upp á meiri útivist, leyfi ættu að vera fleiri, þau fengju að spila tónlist oftar, að bjóða ætti upp á fjölbreyttari tómstundir og betri íþróttaaðstöðu.

### *Kynhegðun unglinga*

Á árinu 2007 lágu fyrir niðurstöður rannsóknar um kynhegðun unglinga sem Barnaverndarstofa stóð að. Rannsóknin var unnin á árinu 2004 í samvinnu við Rannsóknir og greiningu. Lagður var fyrir spurningalisti sem var hluti Íslands í rannsókn á vegum Eystrasaltssamstarfsins „Children at Risk“ undir heitinu: „Adolescents' attitudes toward sexuality and sexual abuse – a comparative European regional study“ en nánar er fjallað um samstarf Eystrasaltsríkjanna síðar í skýrslu þessari. Flest aðildarríkin tóku þátt í þessari sam-  
anburðarrannsókn en tilgangur hennar var að varpa ljósi á viðhorf ungmenna til kynlífs, þ.m.t. kynferðisofbeldis, kláms og sölu kynlífs. Rannsóknin var lögð fyrir alla nemendur í framhaldsskólum á Íslandi og var svarhlutfall um 80% virkra nemenda. Um 10.500 þátttakendur svöruðu rannsókninni og voru niðurstöður kynntar á árinu 2006.

Helstu niðurstöður voru:

- 16% stúlkna og 12% drengja hafa haft kynmök fyrir 15 ára aldur
- 56% stúlkna og 40% drengja töldu að kynferðislegur lögaldur ætti að vera 15 ár eða hærri
- 57% drengja skoðar klámblöð, horfir á klám í sjónvarpi, myndbandi, DVD eða á Internetinu oftar en einu sinni í viku
- 25% stúlkna og 46% drengja fannst ekkert athugavert við að hafa kynmök til skemmtunar þó engar tilfinningar séu í spilinu
- 8% stúlkna og 22% drengja fannst ekkert athugavert við að hafa kynmök við marga einstaklinga á einu kvöldi
- 5% stúlkna og 12% drengja fannst ekkert athugavert við að gera einhverjum kynferðislegan greiða fyrir inngöngu í party
- Um 1,7% stúlkna og 3,7% drengja sögðust hafa þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök

- Um 2,5% stúlkna og drengja höfðu orðið fyrir líkamlegu ofbeldi á heimili sínu fyrir 18 ára aldur þar sem fullorðinn átti hlut að máli
- 4,6% stúlkna og 2,7% drengja höfðu vitni að líkamlegu ofbeldi á heimili sínu fyrir 18 ára aldur þar sem fullorðinn átti hlut að máli
- 13,6% stúlkna og 2,8% drengja sögðust hafa orðið fyrir kynferðislegri misnotkun fyrir 18 ára aldur
- 12,5% stúlkna og 2,4% drengja sögðust hafa verið sannfærð, þvinguð eða neydd til kynferðislegra athafna gegn vilja sínum fyrir 18 ára aldur
- 2,6% stúlkna og 4,7% drengja sögðust hafa sannfært, þvingað eða neytt einhvern til kynferðislegra athafna.

Þessar tölur gefa í fyrsta lagi til kynna að tíðni kynferðislegrar misnotkunar sé mun lægri en þær tölur sem hafa áður verið í umræðunni. Skýringar á því eru líklegast að fyrri kannanir hafi ekki einskorðast við upplýsingar um kynferðislegt ofbeldi, heldur hefðu jafnframt tekið til kynferðislegrar áreitni. Í öðru lagi er athyglisvert að fjöldi þeirra ungmenna sem byrjuðu að lifa kynlífi fyrir 15 ára aldur er ekki stór. Ennfremur er athyglisvert að meirihluti stúlkna á framhaldsskólaaldri telur að hækka bæri kynferðislegan lögaldur úr 14 í 15 ár sem túlka mætti sem kröfu um aukna vernd. Í þriðja lagi er ástæða til að hafa áhyggjur af mikilli klámneyslu drengja á framhaldsskólaaldri. Könnunin gefur vísbendingar að þessi notkun á klámi geti haft afgerandi áhrif á viðhorf ungmenna til heilbrigðs kynlífs. Loks benda þær upplýsingar sem fram komu í könnuninni til þess að líkamlegt ofbeldi á heimilum sé mun útbreiddara en ætla mætti, t.d. af tilkynningum til barnaverndarnefnda.

#### *Afdrifakönnun unglunga á Háholti*

Á árinu 2007 lágu fyrir niðurstöður úr afdrifakönnun unglunga sem dvöldu á meðferðar- og skólaheimilinu Háholti. Á árinu 2005 fékk Barnaverndarstofa Jón Björnsson sálfræðing til að vinna þessa könnun og skoða afdrif þeirra unglunga sem dvöldu á heimilinu á tímabilinu 1999 til ársloka 2004. Könnun þessi tók til þeirra 51 unglings sem dvaldi á Háholti á þessu tímabili. Rætt var við þá sjálfa og foreldra þeirra á tímabilinu mars 2005 til febrúar 2007. Meðalaldur unglunganna þegar viðtalið var tekið var 20 ár. Að meðaltali voru liðnir 41 mánuður frá útskrift, lengst 76 mánuðir en skemmst 11 mánuðir. Meðaldvalartími þeirra á Háholti var 214 dagar. Þær rannsóknarspurningar sem skilgreindar voru áður en könnunin hófst voru:

1. Hver er árangur meðferðarinnar eftir dvöl á Háholti gagnvart þeim vandamálum sem leiddu á sínum tíma til vistunar þar?
2. Hvaða þættir hafa áhrif á þennan árangur?

Tvær meginályktanir má draga af niðurstöðum könnunarinnar:

1. Dvöl á Háholti ein og sér varð ekki þess valdandi að unglingar snéru frá villu síns vegar, heldur tóku flestir upp fyrri hætti fljótlega eftir útskrift. Hins vegar urðu margir til þess að leita ítrekað eftir frekari meðferð í öðrum úrræðum samfélagsins. Hluti hópsins náði góðum árangri, með annan hluta gat brugðið til beggja vona en þriðji hlutinn var í slæmum málum.
2. Þrátt fyrir þetta voru skjólstæðingar Háholts jákvæðir í garð meðferðarinnar og töldu sig flestir hafa lært af dvölinni og um helmingur þeirra töldu að einstakir starfsmenn eða heimilið hefði hjálpað sér hvað mest í lífinu. Foreldrar voru almennt sama sinnis.

Valin voru viðmið til þess að greina þrjá hópa sem nefndir voru hinir efnilegu, hinir óefnilegu og hinir óráðnu. Fjórtán unglingar, hinir efnilegu, sýndu merki um að þeir nálguðust venjulega lífshætti jafnaldra sinna og hefðu erfiðleikana að baki. Átján unglingar, hinir óefnilegu, sýndu þess merki að þeir hefðu fjarlægst venjulega lífshætti jafnaldra sinna enn meira en tilfellið var við útskriftina af Háholti. Átján unglingar, hinir óráðnu, virtust geta brugðið til beggja átta. Verulegan fyrirvara verður þó að hafa um varanleika þessarar flokkunar. Af ýmsum ástæðum er örðugt að meta árangur af unglिंगameðferð. Álitamál er hvað skuli kalla árangur og hversu löngu eftir að meðferð lýkur sé rétt að meta hann.

#### *Mat á árangri af styrktu fóstri*

Í júní 2006 lauk Þóra Helgadóttir nemi lokaverkefni í félagsráðgjöf sem unnið var í samvinnu við Barnaverndarstofu. Þóra var í starfsnámi á Barnaverndarstofu á fyrri hluta ársins 2006. Í rannsóknarverkefninu var leitast við að kanna mat starfsmanna barnaverndarnefnda og fósturforeldra á samskiptum og árangri af styrktu fóstri. Spurningalistar voru notaðir til að leita svara við hvort að munur sé á mati fósturforeldra og starfsmanna barnaverndarnefnda á samskiptum á milli þeirra hópa sem koma að styrktu fóstri. Helstu niðurstöður rannsóknarinnar sýndu ekki fram á mun á mati hópanna tveggja á samskiptum sínum við kynforeldra og barn en munur var á mati hópanna á samskiptum sín á milli. Starfsmenn voru mun ánægðari með samskipti sín við fósturforeldra en öfugt. Einnig var leitast við að svara hvort að árangur hafi orðið af styrktu fóstri að mati fósturforeldra og starfsmanna barnaverndarnefnda. Í ljós kom að börnum vegnaði betur eftir að þau komu úr fóstri heldur en áður en þau fóru í fóstur en þó taldi stór hópur að markmiðum

með fósturinu hafi ekki verið náð og að breytingar á hegðun barns mætti ekki endilega rekja til fósturráðstöfunarinnar.

#### *Tilkynningar til barnaverndarnefnda sem ekki eru kannaðar*

Í júní 2006 lauk Guðrún Ottersted nemi lokaverkefni í félagsráðgjöf sem unnið var í samstarfi við Barnaverndarstofu. Guðrún var einnig í starfsnámi á Barnaverndarstofu. Markmið rannsóknarinnar var að skoða þær tilkynningar sem ekki fóru í könnun hjá tveimur barnaverndarnefndum. Skoðað var hvert innihald tilkynninganna var og hvaðan þær komu. Tilkynningar voru skoðaðar hjá Barnavernd Reykjavíkur og barnaverndarnefnd Hafnarfjarðar yfir þriggja mánaða tímabil, september, október og nóvember 2005. Í ljós kom að flestar ókannaðar tilkynningar komu frá lögreglu. Ástæður flestra tilkynninga voru vegna áhættuhegðunar barns. Mun fleiri tilkynningar bárust til nefndanna vegna afskipta af drengjum. Meðalaldur barnanna í þessum málum var í kringum 14 ár. Hlutfall þeirra tilkynninga sem ekki fór í könnun hjá Barnavernd Reykjavíkur var 35,2% en hjá barnaverndarnefnd Hafnarfjarðar 38%.

#### *Rannsókn á réttmæti DuPaul greiningarkvarða miðað við K-SADS-PL greiningarviðtal*

Í júní 2006 var lokið við rannsókn sem gerð var í samvinnu Félagsvísindadeildar Háskóla Íslands og Stuðla. Markmið hennar var að kanna réttmæti DuPaul greiningarkvarða miðað við K-SADS-PL greiningarviðtal sem notast er við á Stuðlum við greiningu unglunga. Hið fyrrnefnda er staðlaður spurningalisti til að meta athyglisbrest með ofvirkni. K-SADS er á hinn bóginn umfangsmikið (hálfstaðlað) viðtal til að meta hvort um geðröskun er að ræða hjá unglingum, þar á meðal athyglisbrest með eða án ofvirkni og eins hvers eðlis geðröskun kunni að vera. Rannsóknin var B.A. verkefni Braga Sæmundssonar nema í sálfræði við Háskóla Íslands. Leitað var eftir upplýstu samþykki forsjármanna og leyfis Vísindasiðanefndar. Rannsókn leiddi í ljós háan áreiðanleikastuðul milli mælitækjanna. Fylgni milli matsmanna innbyrðis, sálfræðinga á Stuðlum um notkun á K-SADS, var rannsökuð sérstaklega. Niðurstöður sýndu afar háan áreiðanleikastuðul (*Pearson* 0,915). Í þessu felst ótvíræð jákvæð niðurstaða um gæði greiningar sálfræðinga á Stuðlum. Þetta er í fyrsta sinn sem Stuðlar koma að rannsókn sem þessari. Niðurstöður slíkra rannsókna veita mikilvægar upplýsingar um gæði starfsins. Því er áhugi á frekara samstarfi við þá sem vilja leitast við að rannsaka það starf sem fram fer á Stuðlum.

### *Framburður barna í rannsóknarviðtali*

Á árinu 2007 var áfram unnið að rannsókn á framburði barna í rannsóknarviðtali í tengslum við Barnahús sem samið var um árið 2002. Rannsóknin er framhaldsrannsókn á BA-verkefni Jóhönnu Kristínar Jónsdóttur og Þorbjargar Sveinsdóttur sem ber heitið „Börn og kynferðisbrot: Framburður barns í rannsóknarviðtali, orðalag ákæru og lyktir máls“. Sú rannsókn var einnig unnin í samvinnu við Barnaverndarstofu og Barnahús vorið 2001. Framhaldsrannsóknin er unnin af þeim Jóhönnu og Þorbjörgu ásamt dr. Jóni Friðriki Sigurðssyni sálfræðingi og prófessor Gísla Guðjónssyni réttarsálfræðingi. Rannsóknin er styrkt af Vísindasjóði og er gert ráð fyrir því að verkinu ljúki í árslok 2008.

### *Árangursmat af þjónustu Barnahúss*

Á árunum 1996 og 1997 var gerð rannsókn á vegum Barnaverndarstofu á umfangi kynferðisbrota gegn börnum. Rannsóknin laut að málsmeðferð barnaverndarnefnda, lögreglu og ríkissaksóknara á meintum kynferðisafbrotum og niðurstöðu dómstóla þar að lútandi síðustu þrjú árin fyrir tíð Barnahúss. Segja má að niðurstöður hennar hafi leitt til stofnunar Barnahúss. Fyrirhugað er að rannsaka sömu þætti m.t.t. reynslu af starfsemi Barnahúss frá upphafi starfseminnar haustið 1998 m.a. í því skyni að leiða í ljós hvaða áhrif starfsemi hússins hefur haft á vinnslu þessara mála. Samhliða verði gert árangursmat af þjónustu Barnahúss. Stefnt er að því að niðurstöður rannsóknarinnar verði birtar á árinu 2009.

### *Þróunarverkefni*

Barnaverndarstofa hefur auk þess haft frumkvæði að ýmsum þróunarverkefnum. Eftirfarandi verkefni voru unnin á árinu:

#### *Gæðastaðlar um vistun barna utan heimilis*

Í september 2007 hófst vinna við að þróa íslenska gæðastaðla um vistun barna utan heimilis. Við þróun staðlanna er höfð hliðsjón af alþjóðlegum viðmiðum og gæðastöðlum, fyrst og fremst „Quality4Children Standards“ og tilmælum Evrópuráðsins um réttindi barna á stofnunum sem ráðherranefndin samþykkti 16. mars 2005. Staðlarnir eru skilgreiningar á gæðakröfum eða lýsing á því hvernig vel sé staðið að einstökum verkþætti við vistun barns eða fósturs utan heimilis á vegum barnaverndaryfirvalda. Í kjölfar þróunar hinna íslensku gæðastaðla verður eftirlit með öllu vistunarferlinu endurskoðað og breytt og foreldrar vistbarna og fyrrum vistbörn verða fengin til þátttöku í

eftirliti og mati á gæðum ferilsins. Þá munu starfsmenn meðferðarheimila og barnaverndarnefnda fá kynningu og fræðslu um gæðastaðlana.

Gert er ráð fyrir að með þessu verði frekar þróað og bætt það eftirlit sem þegar er til staðar. Í lok árs 2007 hófst undirbúningur tveggja verkefna sem tengjast eftirlitinu. Annars vegar verður leitað eftir þátttöku foreldra og barna u.þ.b. 8 vikum eftir útskrift barns af meðferðarheimili. Foreldrum og börnum þeirra verður boðið að koma til fundar við starfsmenn Barnaverndarstofu þar sem fara fram umræður og spurningalistar útfylltir. Hins vegar hefur verið leitað til ungmenna sem eiga þá reynslu að hafa dvalið á meðferðarheimili í þeim tilgangi að fá þau til að fara, ásamt eftirlitsmanni Barnaverndarstofu, í heimsókn á meðferðarheimili. Þar munu þau ræða við vistbörn bæði í hóp og einslega. Barnaverndarstofa lítur á þessi verkefni sem tilraunaverkefni fyrir árið 2008 og verður tekið tillit til árangurs við gerð nýrrar áætlunar um eftirlit.

#### *Fjölþáttameðferðin MST*

Barnaverndarstofa hefur um nokkurt skeið leitað leiða til að efla og auka fjölbreytni meðferðarúrreða fyrir börn og unglinga sem eiga við hegðunarraskanir að stríða, sýna andfélagslega hegðun, afbrotahegðun og ástunda neyslu vímuefna. Á síðari árum hefur svonefnd MST (*Multisystemic Therapy*) meðferð rutt sér mjög braut í Bandaríkjunum og víðar með mjög góðum árangri. Norðmenn innleiddu t.d. þessa meðferðaraðferð á landsvísi og hafa nú átta ára reynslu af þessu úrræði. Svíar og Danir fylgdu svo í kjölfarið. Niðurstöður rannsókna nágretta okkar á árangri gefa sannarlega tilefni til þess að gefa aðferðinni gaum. Með leyfi og fjárframlögum frá félagsmálaráðuneytinu hóf Barnaverndarstofa á árinu 2007 undirbúning að innleiðingu MST.

#### *Þjálfun í reiðistjórnun, ART*

ART (*Aggression Replacement Training*) eða reiðistjórnun, er árangursrík aðferð til að fyrirbyggja og draga úr erfiðri óæskilegri hegðun hjá börnum, svo sem þeim sem hafa greinst með þroska- og atferlisröskun þar á meðal af völdum ofvirkni. Barnaverndarstofa og Stuðlar stofnuðu á árinu 2007 til samstarfs við norska sérfræðinga sem héldu grunnnámskeið í reiðistjórnun fyrir alla starfsmenn Stuðla. Helmingur starfsmanna Stuðla hlaut síðan framhaldsþjálfun sem fór fram í september 2007. Að auki tóku þátt í þjálfun hluti starfsmanna meðferðarheimilanna að Geldingalæk og Háholti. Áhersla var lögð á að með þjálfun starfsmanna yrði til sérhæfð þekking á ART í því skyni að innleiða aðferðina á meðferðarstofnunum Barnaverndarstofu. Stefnt er að því



að skipuleggja frekari námskeið á árunum 2008 og 2009 þar sem lögð verður áhersla á að nota ART í meðferðarstarfi og einnig að hluti þátttakenda hljóti fulla þjálfun, þ.e. geti tekið að sér þjálfun annarra. Ávinningur af markvissri notkun ART í meðferð er m.a. að samræma starfsaðferðir og hugmyndafræði langtímameðferðarheimila sem rannsóknir benda til að auki árangur meðferðar fyrir börn og unglinga.

## 1.8 Upplýsinga- og fræðslustarf

Eitt af verkefnum Barnaverndarstofu samkvæmt ákvæðum reglugerðar er að koma á framfæri upplýsingum og fræðslu til almennings og þeirra sem stöðu sinnar og starfa vegna hafa afskipti af málefnum barna og fjölskyldna þeirra auk menntastofnana þar sem nám á sviði barnaverndar fer fram. Á árinu 2006 var gefin út ársskýrsla með tölulegum upplýsingum um barnavernd. Var þetta fimmta ársskýrsla Barnaverndarstofu.

### *Heimasíða*

Til að sinna upplýsinga- og fræðsluhlutverki gagnvart almenningi, námsmönnum og starfsmönnum barnaverndarnefnda var heimasíða Barnaverndarstofu sett upp og opnuð á fimm ára afmælisdegi stofunnar, hinn 1. júní 2000. Slóð heimasíðunnar er [www.bvs.is](http://www.bvs.is). Heimasíðan fékk nýtt útlit og var verulega endurbætt á árinu 2002. Á heimasíðunni má finna upplýsingar um hlutverk Barnaverndarstofu, starfsmenn stofunnar, lög og reglugerðir sem starfað er eftir, yfirlit yfir fræðslu- og ráðgjafarverkefni og fósturmál. Þar er einnig að finna lista yfir allar barnaverndarnefndir landsins með nöfnum nefndarmanna og félagsmálastjóra þar sem það á við. Upplýsingar eru um meðferðarstöð ríkisins, Stuðla og þau langtímameðferðarheimili sem rekin eru af einkaaðilum á vegum Barnaverndarstofu. Upplýsingar um starfsemi Barnahúss koma fram og fréttasíða þar sem greint er frá málstofum sem haldnar eru á Barnaverndarstofu, námskeiðum, ráðstefnum og öðru sem telst frétt næmt. Loks má nefna að almenningur getur beint fyrirspurnum til starfsmanna Barnaverndarstofu af heimasíðunni.

### *Myndfundabúnaður*

Barnaverndarstofa keypti á árinu 2003 myndfundabúnað sem komið var fyrir í fundarsal stofunnar í Borgartúni 21. Með því voru samskipti við barnavernd-

arnefndir og aðra samstarfsaðila stofunnar úti á landi auðvelduð verulega. Stefnt var að því í upphafi að taka upp allar málstofur og vonast er til að fræðslustarf muni í framtíðinni að verulegu leyti færast í þennan farveg. Á árinu 2005 var byrjað á því að setja upptökur af málstofum á heimasíðu Barnaverndarstofu og hélt það áfram árið 2007. Þannig gafst fólki sem ekki komst á málstofurnar kostur á að fylgjast með því sem þar fór fram. Einnig mun þessi myndfundabúnaður gagnast stofunni vel í erlendu samstarfi sem er sífellt að aukast.

### *Handbók barnaverndarnefnda*

Barnaverndarstofa gefur út handbók fyrir barnaverndarnefndir sem ætluð er fagfólki og nefndarmönnum. Í handbókinni eru kynntar reglur og starfsaðferðir sem gilda um barnaverndarstarf, stofnanir barnaverndaryfirvalda, málsmeðferð, fósturráðstafanir og fleiri atriði. Handbókinni er ennfremur ætlað að leiðbeina um vinnslu barnaverndarmála. Hún er uppfærð reglulega, svo sem þegar breytingar verða á löggjöf eða skipulagi. Allar starfandi barnaverndarnefndir hafa handbókina undir höndum. Á árinu 2006 var unnið að endurnýjun á bókinni og ný útgáfa sett á heimasíðu Barnaverndarstofu í mars þar sem hún er nú aðgengileg. Á árinu 2007 var áfram unnið að endurbótum á handbókinni og hún uppfærð á heimasíðunni.

### *Bókasafn*

Bækur, tímarit, myndbönd, hljóðsnældur og annað útgefið efni í eigu Barnaverndarstofu eru tölvuskráð í sérstakt bókasafnsforrit og er bókasafnið einkum ætlað starfsmönnum og samstarfsmönnum. Sérstök áhersla hefur verið lögð á að kaupa vandað og fjölbreytt efni á sem flestum sviðum barnaverndarmála. Á árinu 2006 voru ný aðföng í safnið aðallega á sviði ofbeldis gegn börnum, einkum og sér í lagi kynferðisofbeldis, svo og andlegs og líkamlegs ofbeldis gegn börnum. Í bókasafninu eru nú um 2.300 rit. Auk bóka hefur verið byggður upp safnkostur innlendra og erlendra tímarita á sviði barnaverndarmála. Stofunni berst fjöldi ársrita og ársskýrslna stofnana sem vinna að velferðarmálum. Barnaverndarstofa kaupir einnig reglulega sérunnið fjölmiðlaefni um barnavernd.

### *Skjalastjórnun*

Á árinu 2002 samþykkti Þjóðskjalasafn Íslands skjalaáætlun fyrir Barnaverndarstofu og Barnahús. Vinnan hófst með skjalaúttekt en markmið hennar var að skýra þörfina fyrir innleiðingu skjalastjórnunar og málakerfis sem og

að gera verkáætlun um skjalastjórnun á Barnaverndarstofu og í Barnahúsi. Gerðar voru verklagsreglur sem var ætlað að tryggja að meðferð, skráning og afgreiðsla erinda sé í samræmi við stjórnýslu- og upplýsingalög og lög um persónuvernd. Þessum reglum hefur verið fylgt eftir og hefur skjalavistun verið samræmd innan stofunnar.

### *Útgefið efni*

Í upphafi árs 2007 kom út ritið „Rights of Children at Risk and in Care“ sem gefið var út af Evrópuráðinu. Ritið hefur að geyma tilmæli Evrópuráðsins um réttindi barna á stofnunum ásamt skýrslu Braga Guðbrandssonar forstjóra Barnaverndarstofu um börn og stofnanir í Evrópu. Þá ritaði Bragi formála bókarinnar og rekur þróun mála síðustu árin, m.a. er varðar rannsóknir á áhrifum stofnana á þroska barna og þróun viðhorfa til réttinda barna á stofnunum. Óhætt er að segja að rit þetta varpi ljósi á ýmiss þeirra atriða sem hafa verið til opinberrar umfjöllunar í íslensku samfélagi undanfarin misseri, einkum í tengslum við vistun og meðferð barna á drengjaheimilinu í Breiðavík og öðrum opinberum uppeldisheimilum á seinni hluta síðustu aldar. Tilmæli Evrópuráðsins um réttindi barna á stofnunum og skýrsla Braga um forvarnir og valkosti við stofnanadvöl barna lýsa þeim alþjóðlegu viðhorfum sem nú eru uppi í þessum efnum, ekki síst í ljósi Barnasamnings Sameinuðu þjóðanna.

Eins og kunnugt er skipaði ríkisstjórnin nefnd skv. lögum nr. 26/2007 sem falið var í fyrstu að kanna starfsemi Breiðavíkurheimilisins á árunum 1952-1979. Nefndin fór þess á leit við Braga Guðbrandsson forstjóra að gera skýrslu um starfsemi uppeldisstofnana og framkvæmd barnaverndarmála á þessu tímabili. Skýrsla Braga, „Barnavernd og uppeldisstofnanir, saga stofnana fyrir börn og samfélagsbreytingar um miðja 20. öld“, var lokið í desember 2007 og síðar gefin út sem fylgirit með skýrslu nefndarinnar. Í skýrslunni er saga uppeldisstofnana fyrir börn á Íslandi frá upphafi rakin. Þá er fjallað um samfélagsþróun og uppeldisaðstæður barna á eftirstríðsárunum, viðhorf til uppeldismála og hverjir vistuðust á drengjaheimilið.

### *Málstofur*

Samstarf Barnaverndarstofu við Barnavernd Reykjavíkur, félags- og tryggingamálaráðuneytið og félagsráðgjöf í Háskóla Íslands um málstofur hélt áfram árin 2006 og 2007. Málstofurnar eru haldnar í hádeginu síðasta mánuðag hvers mánaðar yfir vetrarmánuðina. Þátttakendur voru fyrst og fremst frá

höfuðborgarsvæðinu og var fjöldi þátttakenda í kringum 20 á hverri málstofu. Fyrirlesarar komu víða að, m.a. frá Barnaverndarstofu, félags- og tryggingamálaráðuneytinu, Háskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands, Stuðlum og þjónustumiðstöðinni í Miðgarði. Auk þess komu fyrirlesarar erlendis frá. Komið var upp myndfundabúnaði svo hægt væri að taka upp málstofurnar og gefa starfsmönnum utan af landi kleift að horfa á þær á heimasíðu Barnaverndarstofu.

Eftirfarandi málstofur voru haldnar á vegum Barnaverndarstofu á árinu 2006:

- *„Eru umgengnismál til vandræða fyrir barnaverndarnefndir. Staða barnaverndarnefnda við meðhöndlun umgengnismála á grundvelli barnaverndarlaga“*  
Helgi Áss Grétarsson lögfræðingur, haldin þann 30.01.2006
- *„Hegðun, líðan og félagslegar aðstæður 11-18 ára barna innan barnaverndar“*  
Halldór S. Guðmundsson félagsráðgjafi  
*„Notkun ASEBA spurningalista í verkefnum Barnaverndarstofu“*  
Helga Rúna Péturs og Guðjón Bjarnason sérfræðingar á Barnaverndarstofu, haldin þann 27.02.2006
- *„Aðgerðaáætlun varðandi heimilisofbeldi og kynbundið ofbeldi“*  
Dögg Káradóttir deildarsérfræðingur í félagsmálaráðuneytinu, haldin þann 27.03.2006
- *„Ókannaðar tilkynningar“*  
Guðrún Ottersted nemi á Barnaverndarstofu  
*„Hver er reynslan af styrktu fóstri“*  
Þóra M. Helgadóttir nemi á Barnaverndarstofu  
*„Áhrif fjölmiðlaumræðu á fjölda mála í Barnahúsi“*  
Kristín Berta Guðnadóttir nemi í Barnahúsi, haldin þann 8.05.2006
- *„Kærunefnd barnaverndarmála - helstu málaflokkar og starfsaðferðir“*  
Ingveldur Einarsdóttir héraðsdómari og formaður kærunefndar barnaverndarmála, haldin þann 29.05.2006

- „*Aukning vímuefnaneyslu og áhættuþættir hjá unglungum á Stuðlum og í Götusmiðjunni*“  
Halldór Hauksson sálfræðingur á Stuðlum, Guðbjörg Erlingsdóttir og Elísabet Gísladóttir frá meðferðarheimili Götusmiðjunnar, haldin þann 12.06.2006
- „*Hlutverk dómstóla skv. ákvæðum bvl. nr. 80/2002*“  
Hrefna Friðriksdóttir lögfræðingur á Barnaverndarstofu, haldin þann 25.09.2006
- „*Sáttamiðlun*“  
Hafsteinn G. Hafsteinsson verkefnisstjóri sáttarmála, Mímir Völundarson starfsmaður Stuðla og Guðrún Halla Jónsdóttir félagsráðgjafi í Miðgarði, haldin þann 30.10.2006
- „*Í skugga ofbeldis. Hvernig bregðast barnaverndaryfirvöld við tilkynningum um ofbeldi milli foreldra*“  
Freydís J. Freysteinsdóttir lektor í félagsráðgjöf við H.Í., haldin þann 27.11.2006

Eftirfarandi málstofur voru haldnar á vegum Barnaverndarstofu á árinu 2007:

- „*Barnauppeldisins heilaga skylda. Barnavernd á fyrri hluta 19. aldar*“  
Hildur Biering sagnfræðingur og fyrrverandi barnaverndarstarfsmaður, haldin þann 26.02.2007
- „*Tilkynningafundir*“  
Elísabet Gunnarsdóttir nemi hjá Barnavernd Reykjavíkur  
„*Unglingasmiðjur*“  
Hólmfríður Rós Rúnarsdóttir nemi í félagsráðgjöf hjá Velferðarsviði Reykjavíkur  
„*Viðhorf til skólagöngu fósturbarna*“  
Katrín Jacobsen nemi á Barnaverndarstofu, haldin þann 30.04.2007
- „*Rannsókn á sjónarmiði barna sem hafa verið þátttakendur í fjöl-skyldusamráði*“  
Hervör Alma Árnadóttir félagsráðgjafi, haldin þann 04.06.2007

- „*Reynslusögur barna úr barnavernd – barnavernd frá sjónarhóli barna*“  
Reidun Follesø kennari við háskólann í Bodø, haldin þann 11.06.2007
- „*Rannsókn á þekkingu barna á heimilisofbeldi*“  
Dr. Guðrún Kristinsdóttir prófessor við Kennaraháskóla Íslands, haldin þann 01.10.2007
- „*Við fundum enga kreppu í barnaverndinni – reynsla frá Noregi*“  
Helga Jóhannesdóttir lektor í félagsráðgjöf í Osló, haldin þann 29.10.2007
- „*Ég og barnavernd*“  
Guðrún Hrefna Sverrisdóttir, félagsráðgjafi hjá barnaverndarnefnd Álftaness  
„*Barnavernd á réttri leið?*“  
Rannveig Einarsdóttir félagsráðgjafi hjá barnaverndarnefnd Reykjanesbæjar  
„*Vinnan á vistheimili barna*“  
Sigrún Óskarsdóttir forstöðumaður Vistheimilis barna Laugarásvegi 39, haldin þann 26.11.2007

### *Ráðstefnur, námskeið og fyrirlestrar*

#### 2006

##### *Námskeið um unga kynferðisbrotamenn*

Þann 2. maí var haldinn fundur með Robert E. Longo MRC, LPC sérfræðingi frá Bandaríkjunum um greiningu og meðferð ungra kynferðisbrotamanna. Longo fjallaði um 1., 2. og 3. stigs forvarnir hvað varðar kynferðislega misnotkun. Hann ræddi um erfiðleika fyrir kynferðisbrotamenn að leita sér hjálpar þar sem meðferðaraðilar hafa tilkynningarskyldu og því forðast kynferðisbrotamenn að leita sér hjálpar ef mál þeirra hafa ekki fengið meðferð í réttarvörslukerfinu. Auk þess fjallaði hann um hjartslátt drengja og stúlkna sem hafa orðið fyrir áfalli og hversu ólíkt það er milli kynja. Hann ræddi

mikið um mismuninn á því að veita stúlkum og drengjum meðferð og fór í gegnum meðferð fyrir gerendur sem er ekki ólík þeirri meðferð sem notuð er fyrir þolendur. Fundurinn var mjög árangursríkur.

#### *Samstarf við Blátt áfram um ráðstefnu*

Þann 4. maí hélt Blátt áfram í samvinnu við Barnaverndarstofu ráðstefnu í Kennaraháskólanum undir heitinu „Yfirstígum óttann – stefnan tekin á forvarnir, fræðslu og heilbrigði.“ Markmið ráðstefnunnar var að skoða allar þær leiðir sem samfélagið getur farið til að fyrirbyggja kynferðislegt ofbeldi gegn börnum. Aðalfyrirlesari ráðstefnunnar var Robert E. Longo sérfræðingur frá Bandaríkjunum sem hefur unnið í málaflöknum síðastliðin 25 ár. Aðrir fyrirlesarar voru Þorbjörg Sveinsdóttir verkefnastjóri á geðsviði Landspítala-háskólasjúkrahúss, Kristín Berta Guðnadóttir félagsráðgjafanemi á fjórða ári í Háskóla Íslands og Jón Friðrik Sigurðsson forstöðusálfræðingur á geðsviði Landspítala-háskólasjúkrahúss. Forstjóri Barnaverndarstofu setti ráðstefnuna sem var vel sótt.

#### *Fræðslufundur um rannsóknarviðtöl*

Þann 8. september stóð Barnaverndarstofa fyrir námstefnu á Grand Hótelu um rannsóknarviðtöl við börn sem sætt hafa ofbeldi. Fyrirlesari var Patricia A. Toth, J.D. verkefnastjóri hjá Washington State Criminal Justice Training Commission í Seattle. Patti Toth er lögfræðingur að mennt og hefur m.a. starfað sem saksóknari í Washington fylki, auk þess sem hún hefur í áraaðir þjálfað lögfræðinga og annað fagfólk sem vinnur við rannsókn og vinnslu mála þar sem börn hafa orðið fyrir ofbeldi. Hún hefur haldið fyrirlestra og námskeið víða um heim og hlotið ýmsar viðurkenningar fyrir störf sín. Patti Toth fjallaði m.a. um rannsóknarviðtöl við börn og hvernig þau hafa þróast og um mikilvægi þess að ákveðnar aðferðir, þ.e. stöðluð viðtöl (*protocols*), séu notaðar í þessum viðtölum. Þá talaði hún einnig um neikvæðar afleiðingar þess þegar þessum aðferðum er ekki beitt og þau skaðlegu áhrif sem það getur haft á barnið, rannsókn málsins og málsmeðferðina í réttarvörslukerfinu og nefndi dæmi um slík tilvik í Bandaríkjunum.

#### *Starfsdagur með formönnum barnaverndarnefnda*

Þann 6. nóvember hélt Barnaverndarstofa starfsdag með formönnum barnaverndarnefnda. Markmið starfsdagsins var að kynna helstu þætti barnaverndarstarfsins, skipulag þess og hlutverk barnaverndarnefndar fyrir formönnum sem margir hverjir tóku við embætti sínu eftir síðustu sveitarstjórn-

arkosningar. Í framhaldi af starfsdeginum var gert ráð fyrir að formenn gætu frætt aðra nefndarmenn um barnaverndarstarfið. Fulltrúar frá 20 nefndum tóku þátt í starfsdeginum.

## 2007

### *Starfsdagur með félagsmálastjórum*

Þann 15. mars 2007 hélt Barnaverndarstofa starfsdag með félagsmálastjórum og forsvarsmönnum barnaverndarnefnda á Hótel Glym í Hvalfirði. Alls mættu 23 félagsmálastjórar og starfsmenn barnaverndarnefnda víðsvegar að landinu. Markmið starfsdagsins var að fjalla um málaflokkinn og þau verkefni sem staðið er frammi fyrir. Á starfsdeginum var farið yfir stöðu barnaverndarmála, fræðslumál og skráningu, vinnslu barnaverndarmála og vistun barna utan heimilis. Sérstaklega var fjallað um börn sem starfsmenn töldu hvergi eiga heima í kerfinu. Tókst þessi starfsdagur mjög vel.

### *Ráðstefna í samstarfi við Blátt áfram*

Dagana 24. og 25. maí 2007 var haldin ráðstefna um kynferðislegt ofbeldi á vegum Blátt áfram samtakanna. Barnaverndarstofa var samstarfsaðili ráðstefnunnar en markmið hennar var að skoða allar þær leiðir sem samfélagið getur farið í til að fyrirbyggja kynferðislegt ofbeldi á börnum. Samstarfsaðilar að ráðstefnunni auk Barnaverndarstofu voru: Blátt áfram, Félag heyrnarlausra, Háskólinn í Reykjavík, Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra, Þroskahjálp, Stígamtót og Neyðarlínan 112. Bragi Guðbrandsson forstjóri Barnaverndarstofu setti ráðstefnuna. Fjallað var sérstaklega um kynferðisofbeldi gegn fötluðum og greindarskertum börnum og ábyrg viðbrögð starfsmanna og sjálfboðaliða sem vinna með börnum og unglíngum.

### *Ráðstefna um geðheilbrigðisþjónustu barna*

Föstudaginn 17. ágúst 2007 var haldin ráðstefna á Akureyri um geðheilbrigðisþjónustu barna í dreifbýli sem Barnaverndarstofa var aðili að. Ráðstefnan var haldin í Brekkuskóla á Akureyri og var markmið hennar að skapa vettvang til miðlunar upplýsinga og sjónarmiða um geðheilbrigðisþjónustu fyrir börn í dreifbýli, þjónustuúrræði, samvinnu og nýjungar á þessu sviði. Tilgangurinn var að stuðla að þverfaglegri samvinnu og auknum gæðum geðheilbrigðisþjónustu. Leitast var við að fá sjónarmið félags-, heilbrigðis- og skólaþjónustunnar sem og foreldra barna í dreifbýli. Að undirbúningi ráðstefnunnar stóðu Landspítali – háskólasjúkrahús, Fjórðungssjúkrahúsið á



Akureyri, Miðstöð heilsuverndar barna, Akureyrarbær, Aseba á Íslandi ásamt Barnaverndarstofu. Ráðstefnan var mjög vel sótt.

*Hátíð í tilefni 75 ára afmæli barnaverndarstarfs á Íslandi*

Á árinu 2007 voru 75 ár liðin frá gildistöku fyrstu barnaverndarlaganna á Íslandi. Af því tilefni efndi Barnaverndarstofa til afmælishátíðar í samstarfi við Barnavernd Reykjavíkur. Haldin var afmælishátíð fyrir boðsgesti þann 30. nóvember þar sem Jóhanna Sigurðardóttir félags- og tryggingamálaráðherra flutti ávarp. Bragi Guðbrandsson forstjóri Barnaverndarstofu flutti svo ítarlegt erindi um sögu barnaverndar á Íslandi, einkum með tilliti til stofnanadvalar á ólíkum tímaskiðum. Þá var sýnd heimildarmynd frá árinu 1963, „Úr dagbók lífsins“ en hún fjallar m.a. um þær aðstæður sem þá kölluðu á afskipti barnaverndaryfirvalda. Þá var þessara tímamóta minnst með því að heiðra nokkra einstaklinga sem hafa markað djúp spor í þróun barnaverndar á Íslandi. Þessir einstaklingar voru dr. Sigurjón Björnsson prófessor, dr. Guðrún Jónsdóttir félagsráðgjafi, Kristján Sigurðsson fyrrv. forstöðumaður, dr. Björn Björnsson prófessor og Sveinn Ragnarsson fyrrv. félagsmálastjóri í Reykjavík. Félags- og tryggingamálaráðherra afhenti þeim sem heiðraðir voru af þessu tilefni listaverk, sem hönnuð voru af Sigrúnu O. Einarsdóttur, glerlistamanni í Bergvík af þessu tilefni. Í máli forstjóra Barnaverndarstofu kom fram að framlag dr. Sigurjóns Björnssonar til rannsókna á sálarlífi barna í Reykjavík og athuganir hans á börnum, sem dvalið höfðu á vöggustofum í frumbersku, hafi haft mikil áhrif á breytt viðhorf til stofnavistunar barna. Dr. Guðrún Jónsdóttir hafi átt verulegan þátt í því að skapa samfélagsvitund um útbreiðslu kynferðisofbeldis gegn börnum á Íslandi. Þá eigi Kristján Sigurðsson langan og farsælan starfaldur að baki og leitt Unglingaheimili ríkisins í gegnum mikilvægar breytingar, einkum á áttunda áratugnum. Dr. Björn Björnsson var m.a. framkvæmdastjóri barnaverndarnefndar Reykjavíkur og formaður nefndarinnar og beitti sér ásamt Sveini Ragnarssyni félagsmálastjóra fyrir breyttum viðhorfum til vistunar barna utan foreldrahúsa og fagvæðingu félagsþjónustunnar í höfuðborginni í lok sjöunda áratugarins. Þá hafi farsæl störf Sveins Ragnarssonar sem félagsmálastjóri borgarinnar spannað rúm 30 ár og að framlag hans til að miðla af reynslu sinni til stjórnenda sem og starfsmanna í félagsþjónustu og barnavernd á Íslandi hafi verið ómetanlegt. Hátíðina sóttu rúmlega eitt hundrað boðsgestir. Í framhaldi af afmælishátíðinni var haldin opin dagskrá í Háskólabíó þar sem kvikmyndin „Syndir feðranna“ var sýnd og voru pallborðsumræður í lok myndarinnar. Þátttakendur í umræðum

voru fulltrúar Breiðavíkursamtakanna, aðstandendur myndarinnar, forstjóri Barnaverndarstofu og fyrrverandi starfsmenn Breiðavíkurheimilisins.

Á árunum 2006 og 2007 fór fram sérstök fræðsla á vegum Barnaverndarstofu um kynningu á barnaverndarstarfi á Íslandi. Fór slík fræðsla meðal annars fram í ýmsum menntastofnunum, m.a. fyrir nema við þroskaþjálfaraskor Kennaraháskóla Íslands, félagsráðgjöf Háskóla Íslands, uppeldis- og menntunarfræði Háskóla Íslands og Endurmenntun Háskóla Íslands. Þá var sérstök fræðsla veitt mörgum starfsstéttum og faghópum. Til dæmis má nefna eftirfarandi: Kynningu á úrræðum Barnaverndarstofu á málþingi FÍUM um síbrotanglinga undir yfirskriftinni „Hvar eiga vondir að vera?“, fræðslu um barnavernd fyrir meðferðarfulltrúa hjá Framvegis, fræðslu fyrir starfsmenn skóla, leikskóla og barnaverndarnefnd í Þingeyjarsýslu. Kynning var á gæðastöðlum fyrir starfsmenn meðferðarheimila auk þess sem þar var fjallað um valdbeitingar á meðferðarheimilum. Barnaverndarstofa kom að kennslu í starfsnámi stuðningsfulltrúa þar sem skipulag og vinnubrögð barnaverndar var kynnt, auk þess sem barnavernd var kynnt í Forvarnarskólanum. Forstöðumaður Barnahúss hélt auk þess erindið „Líðan barna við komuna í Barnahús“ á ráðstefnu Barnaheilla „Ný tækni, sama sagan“ í nóvember 2007 og tók forstjóri stofunnar þátt í pallborðsumræðum. Þá flutti forstjóri erindi á Landsþingi Þroskahjálpar í október 2007 um samspil barnaverndarlaga og laga um málefni fatlaðra. Loks má geta þess að forstjóri stofunnar flutti erindið „Ill meðferð á börnum – vandi fortíðar“ á XII vornámskeiði Greiningar- og ráðgjafarstofu ríkisins í maí 2007.

Starfsmenn Barnaverndarstofu og Barnahúss tóku margsinnis þátt í fjölmiðlaumfjöllun á tímabilinu í ljósvakamiðlum sem og dagblöðum í tengslum við fréttatflutning af ýmsum þáttum er varða barnavernd svo og umræðuþáttum um málefni barna. Enda þótt Barnaverndarstofa geti ekki tjáð sig um einstaklingsmál er það stefna stofunnar að koma á framfæri almennum upplýsingum og fræðslu þegar tækifæri bjóðast í fjölmiðlaumræðu.

Á vettvangi erlends samstarfs fluttu starfsmenn Barnaverndarstofu eftirfarandi erindi á árinu 2006

- Forstjóri Barnaverndarstofu flutti tvö erindi á 20th Annual San Diego International Conference on Child and Family Maltreatment, sem haldið var dagana 23. -27. janúar. Annað erindið „How it is all connected“, fjallaði um barnavernd og dauðsföll barna en hitt erindið var um reynsluna af Barnahúsi á Íslandi. Ferðin var í boði ráðstefnuhaldara.

- Forstjóri stofunnar flutti erindið: „Children at Risk and in Care“, að beiðni Evrópuráðsins á alþjóðaráðstefnu um börn og stofnanir sem haldið var í Búkarest, Rúmeníu, dagana 2. og 3. febrúar.
- Lögfræðingur stofunnar hélt erindið „Saksbehandling af domstoler: Hensynet til barnets beste i saker om tvangsplassering og fratakelse af foreldreansvar“ á norrænu barnaverndarráðstefnunni í Kaupmannahöfn 24.-27. ágúst. Fjallaði erindið um málsmeðferð dómstóla í þvingunarmálum og reynsluna sem fengist hefur frá því að lögin tóku í gildi árið 2002 og fram til 1. nóvember 2005.
- Forstjóri stofunnar hélt málstofu um tilmæli Evrópuráðsins um réttindi barna á stofnunum (2005)5 á norrænu barnaverndarráðstefnunni í Kaupmannahöfnu 24.-27. ágúst.
- Forstjóri stofunnar flutti erindi um íslenska Barnahúsið á Evrópuþingi ISPCAN, (The International Society for the Prevention of Child Abuse and Neglect), sem haldið var í York, Englandi, dagana 3. – 6. september. Þar tók hann jafnframt á móti viðurkenningu samtakanna, svonefndum Multidiciplinary Award, sem veitt var Barnahúsi sem fyrirmyndarstofnun.
- Félagsráðgjafi stofunnar sem starfar í fósturmálum hélt erindi um innleiðingu og skipulag Foster Pride á Íslandi í Osló þann 3. október 2006.
- Forstjóri stofunnar flutti erindi að beiðni hennar hátignar Silviu drottningar Svíþjóðar á aðalfundi World Childhood Foundation í Linköping og Stokkhólmi, 5.-6. október. Erindið var um hugmyndafræði Barnahúss.
- Forstjóri stofunnar hélt erindi um grundvallarhugmyndir í starfsemi Barnahúsa á ráðstefnu félagasamtakanna „Strohhelm“ og „World Childhood Foundation“ í Berlín, dagana 17. og 18. október.
- Forstjóri stofunnar hélt tvö erindi á ráðstefnu pólsku samtakanna „Nobodys Children“ í Varsjá 27.-28. október. Annað erindið hét: „Different Models of Child Protection in Europe“ og hitt fjallaði um hugmyndafræði Barnahúsa.
- Forstjóri stofunnar hélt erindi um kynferðisofbeldi gegn börnum á ráðstefnu eistneska félagsmálaráðuneytisins í Tallin 30. október.
- Forstjóri stofunnar flutti erindið: „Residential Care in Iceland: monitoring and the best interest of the child“ á ráðstefnu Eyrstrasaltsráðsins um réttindi barna á stofnunum, dagana 14. – 15. nóvember.

Á vettvangi erlends samstarfs fluttu starfsmenn Barnaverndarstofu eftirfarandi erindi á árinu 2007

- Forstjóri stofunnar flutti erindi um hugmyndalegan grundvöll að starfsemi Barnahúsa, á fundi sérfræðinganefndar Evrópuráðsins til að gera tillögur að Evrópusamningi um vernd barna gegn kynferðislegri misbeitingu og kynferðisofbeldi, sem haldinn var dagana 5. – 9. febrúar.
- Lögfræðingur stofunnar hélt erindið „Hvad gjør vi með vore unge lovbytere“ á Det Nordiske Kriminalistmøtet í Stokkhólmi 23.-26. ágúst.
- Félagsráðgjafi stofunnar sem starfar í fósturmálum hélt málstofu um myndbandið „Hæfniskröfurnar fimm“ í samvinnu við fulltrúa frá Finnlandi, Svíþjóð og Danmörku á IFCO ráðstefnu sem haldin var á Möltu þann 20. október.
- Forstjóri stofunnar hélt opunarerindi Evrópuráðstefnu alþjóðlegu barnaverndarsamtakanna ISPCAN „The International Society for the Prevention of Child Abuse and Neglect“ sem haldin var í Lissabon dagana 18.-21. nóvember. Erindi hans nefndist „Child Protection in Europe: the Impact of the UN CRC and International Collaboration on Policy and Practice“ og fjallaði um áhrif Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og alþjóðasamvinnu á stefnu og strauma í barnavernd í Evrópu.
- Forstjóri stofunnar flutti erindi á fundi sérfræðinganefndar Evrópuráðsins um fyrirhugaða athugun á framkvæmd tilmæla Evrópuráðsins um réttindi barna á stofnunum, tilmæli (2005)5 og kynnti spurningalista sem lagður verður fyrir aðildarríkin.

## 1.9 Starfsleyfi til heimila

Samkvæmt reglum nr. 401/1998 er starfsemi hvers konar vistheimila, meðferðarheimila, hjálparstöðva, neyðarathvarfa auk sumardvalarheimila og sumarbúða háð leyfisveitingu Barnaverndarstofu. Í reglunum segir að fyrir hverju heimili skuli vera rekstraraðili sem beri ábyrgð á öllu því starfi sem þar fer fram og að leyfisveiting sé m.a. háð ýmsum skilyrðum. Umsóknir eru metnar á grundvelli upplýsinga um hagi umsækjanda, svo sem menntun og starfsreynslu, fjölda starfsfólks og menntun þess, starfstíma heimilis, aldur dvalarbarna, fjölda þeirra og dvalartíma í senn. Einnig skal liggja

fyrir sakavottorð umsækjanda og þess sem veitir heimilinu forstöðu sé hann annar, meðmæli til handa hinum sömu, mat slökkviliðsstjóra á húsnæði, leyfi byggingarnefndar og starfsleyfi heilbrigðisnefndar. Auk þess er leitað eftir umsögnum barnaverndarnefndar á þeim stað sem heimilinu er ætlað að starfa. Þeir aðilar sem ekki hafa haft leyfi áður fá leyfi til eins árs en geta síðan sótt um leyfi til 5 ára.

Í *töflu 1.9.1* er að finna yfirlit yfir sumarbúðir barna sem höfðu leyfi árin 2001-2007. Tvö leyfi voru endurnýjuð á árinu 2007. Rekstraraðilar eru annað hvort félagasamtök eða einkaaðilar. Eitt heimilanna er alþjóðlegar sumarbúðir fyrir ungt fólk á meðan flest heimilanna taka börn til dvalar án milligöngu annarra. Starfsemi sumarbúða miðast við aldurshópin 7 til 18 ára.

Í 84. grein barnaverndarlaga er kveðið á um að barnaverndarnefndir, ein eða fleiri saman, skulu hafa tiltæk úrræði svo sem með rekstri vistheimila, sambýla, samningum við einkaheimili eða á annan hátt til að:

- a. veita börnum móttöku, þar með talið í bráðatilvikum til að tryggja öryggi þeirra, greina vanda eða til könnunar á aðstæðum þeirra svo sem vegna vanrækslu, vanhæfni eða framferðis foreldra.
- b. veita börnum móttöku vegna ófullnægjandi heimilisaðstæðna eða sérstakra þarfa.

Þegar úrræði á grundvelli þessarar greinar er komið á fót skal sækja um það til Barnaverndarstofu. Um getur verið að ræða leyfi til að reka viðvarandi úrræði, svo sem vistheimili eða einkaheimili sem er ráðið til að taka að sér börn fyrirvaralítið fyrir barnaverndarnefnd eða leyfi til að vista barn hjá ákveðinni fjölskyldu í ákveðinn tíma. Í þeim tilvikum er oft um að ræða ættingja, svo sem foreldri sem ekki fer með forsjá barns eða afa og ömmu.

Árið 2007 veitti Barnaverndarstofa 78 aðilum leyfi til að vista börn á grundvelli 84. gr. en 61 aðila árið 2006. Átján leyfum var synjað eða þau dregin til baka á árinu 2007 en einu leyfi var synjað árið 2006.

**Tafla 1.9.1 Sumarbúðir sem hlutu starfsleyfi Barnaverndarstofu á árunum 2001-2007**

Nafn heimilis	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007
Arnbjarnarlækur	12	12	12	12	12	12	12
Ástjörn í Kelduhverfi	70	70	70	70	70	67	67
CIVS Klébergsskóli	-	-	-	44	-	-	-
CISV Hjallaskóli	-	-	-	-	-	-	47
CIVS Smáraskóli	48	-	-	-	-	-	-
CIVS Varmárskóli	30	-	-	-	-	-	-
Dvöl í Dalvíkurbyggð	-	-	-	-	15	15	-
Fítjar í Skagafirði	4	4	-	-	-	-	-
Glæsibær í Skagafirði	5	-	-	-	-	-	-
Hallkelsstaðahlíð	-	9	-	-	-	-	-
Hraun í Grímsnesi	16	16	16	16	-	-	-
Húsey á Egilsstöðum	-	-	-	-	-	12	12
Ingólfshvöll í Ölfusi	-	8	-	-	-	-	-
Kaldársel við Hafnarfjörð	38	38	38	38	40	40	40
KFUM við Hólavatn Eyjafirði	24	24	24	24	24	24	24
Kirkjumiðstöð við Eiðavatn	40	40	40	40	40	40	40
KollafoSS í Húnavatnssýslu	-	4	4	4	4	4	-
Landsbjörg, Gufuskálar	-	-	-	24	-	25	25
Litla Gröf í Skagafirði	4	-	-	-	-	-	-
Minni Mástunga	-	5	5	-	-	-	-
Skálholtsskóli, Árnessýslu	-	-	-	-	30	30	30
Úlfliótsvatn	55	55	55	55	55	60	60
Vatnaskógur	95	95	95	95	95	95	95
Vestmannsvatn	-	-	44	44	44	44	44
Vindáshlíð í Kjós	64	64	64	80	80	80	80
Ævintýraland, Reykjum Hrútafirði	100	100	100	-	-	-	-
Ævintýraland, Hvanneyri Borgarfirði	-	-	-	130	130	-	-
Ævintýraland, Grunnskóli Hellu	-	-	-	-	-	-	50
Ölver í Leirársveit	42	42	42	42	42	42	42

## 1.10 Umsagnir til Alþingis

Barnaverndarstofu berast árlega fjöldi frumvarpa frá Alþingi þar sem óskað er umsagnar stofunnar. Árið 2006 veitti stofan umsagnir um eftirtalin frumvörp:

- Frumvarp til æskulýðslaga.
- Frumvarp til breytinga á almennum hegningarlögum, samningur Evrópuráðsins um tölvubrot.
- Frumvarp til breytinga á almennum hegningarlögum, kynferðisbrot.
- Frumvarp til laga um eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum.

Árið 2007 veitti stofan umsagnir um eftirtalin frumvörp og þingsályktunartillögur

- Þingsályktunartillaga um lögfestingu samnings SP um réttindi barnsins.
- Frumvarp til laga um meðferð opinberra mála.
- Frumvarp til laga um breytingu á barnalögum.
- Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum.
- Frumvarp um laga um meðferð sakamála.
- Frumvarp til laga um grunnskóla.
- Frumvarp til laga um leikskóla.
- Frumvarp til laga um framhaldsskóla.

## 1.11 Ný lög um eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum

Þann 1. júlí 2006 tóku í gildi ný lög um eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum. Með nýjum lögum féllu eldri lög um skoðun kvikmynda og bann við ofbeldismyndum úr gildi. Starfsemi Kvikmyndaskoðunar var lögð niður á sama tíma. Með nýjum lögum er Barnaverndarstofu ætlað hlutverk, m.a. hvað varðar að hafa eftirlit með því að ákvæðum laganna sé framfylgt.

Samkvæmt nýjum lögum skulu aðilar sem framleiða kvikmyndir eða tölvuleiki til sýningar eða sölu hér á landi eða hafa kvikmyndir eða tölvuleiki til

sýningar, leigu, sölu eða annarrar dreifingar í atvinnuskyni hér á landi, taka við því hlutverki sem Kvikmyndaskoðun gegndi samkvæmt eldri lögum.

Fyrirætlanir voru um að SMÁÍS (Samtök Myndrétthafa á Íslandi) önnuðust við gildistöku nýrra laga samræmingu merkinga og semdu verklagsreglur (sinna félagsmanna). Undir samtökin heyra þeir sem selja og dreifa meira en 95% alls myndefnis og tölvuleikja hér á landi að því er samtökin sjálf telja. Samtökin hyggjast koma upp miðlægum gagnagrunni þar sem niðurstöður mats verða birtar opinberlega. Þar getur almenningur aflað sér upplýsinga um niðurstöðu aldursmerkinga einstakra kvikmynda, sjónvarpsþátta eða tölvuleikja. Einnig verður komið upp verklagi fyrir kvörtunarferli. Þá mun SMÁÍS einnig taka við gagnagrunni sem Kvikmyndaskoðun gerði um það efni sem þar var metið.

Við flokkun tölvuleikja verður stuðst við svokallaðar PEGI merkingar sem er samevrópskt flokkunarkerfi. Merking samkvæmt því kerfi hefur verið notað um nokkurn tíma hér á landi. Samsvarandi merkingaform verður tekið upp á myndrænu efni.

Fyrir liggur að merkingar kvikmyndaefnis munu byggja á tveimur aðskildum en samverkandi þáttum. Fyrri þátturinn er aldursflokkun. Flokkar eru: „L“ (leyfð), „7“, „12“, „16“ og „18“. Hinn þátturinn eru efnisvísar kvikmyndar. Fjöldi efnisvísa verður sennilega sex. Í efnisvísunum kemur fram ástæða þess að myndefnið telst ekki við hæfi barna innan tiltekins aldurs. Efnisvísarnir eru: ofbeldi, kynlíf, fíkniefni, hræðsluvekjandi atvik, fordómar/misrétti og blótsyrði.

Barnaverndarstofa hefur eins og áður segir eftirlit með því að ákvæðum laganna sé framfylgt. Í því skyni er stofunni heimilt að láta fara fram úttekt á framkvæmd verklagsreglna o.s.frv. Barnaverndarstofa hefur einnig lögum samkvæmt heimild til að endurmeta efni sem þegar hefur verið metið ef grunur þykir leika á að niðurstaða hafi ekki verið málefnaleg eða í ósamræmi við verklagsreglur um skoðun myndefnis. Stofan getur meðan á því stendur stöðvað sýningu eða dreifingu efnisins.



## 1.12 Samstarfsverkefni

Starfsmenn Barnaverndarstofu tóku þátt í innlendum og erlendum samstarfsverkefnum á árinu.

Innlent samstarf fólst m.a. í þátttöku í eftirfarandi verkefnum:

- Samstarf er við Fangelsismálastofnun ríkisins vegna framkvæmdar á samningi um afplánun fanga yngri en 18 ára en stefnt er að því að þeir verði að jafnaði vistaðir á meðferðarheimilum. Samstarfssamningur var gerður í október 1998 og endurnýjaður í nóvember 1999. Samstarfið byggir á 1. mgr. 11. gr. laga nr. 48/1988 um fangelsi og fangavist og 3. og 51. gr. barnaverndarlaga (sjá nánar í kafla 2).
- Samstarf við barna- og unglिंगageðdeild Landspítala – háskólasjúkrahúss og SÁÁ hófst árið 2001. Um er að ræða reglubundna fundi „fagteymis“ þessara stofnana (sjá nánar í kafla 2).
- Frá árinu 2004 hafa Barnaverndarstofa, barnaverndarnefndir og Neyðarlínan 112 átt samstarf um móttöku tilkynninga fyrir barnaverndarnefndir. Markmið samstarfsins er að hægt verði að hafa samband við allar barnaverndarnefndir landsins í gegnum Neyðarlínuna 112 á öllum tímum sólarhringsins og auðvelda þannig almenningi að rækja lagskyldur sínar um að tilkynna til barnaverndarnefnda. Til Neyðarlínunnar hafa borist um 2.000 tilkynningar frá upphafi. Samstarf barnaverndarnefnda og Neyðarlínu hefur gengið vel en hér var um nýmæli að ræða sem ekki fannst fordæmi fyrir í Evrópu. Barnaverndarstofa tekur þátt í 112 deginum sem var haldinn í fjórða sinn þann 2. nóvember 2007. Að þessu sinni var dagurinn helgaður margvíslegum störfum sjálfboðaliða að forvörnum, leit og björgun, almannavörnum og neyðaraðstoð. Megináhersla var lögð á að kynna starf sjálfboðaliða.
- Samstarfshópurinn „Náum áttum“ vinnur að fræðslu um forvarnir gegn vímuefnaneyslu með þátttöku áætlunar um Ísland án eiturlyfja, Vímulausrar æsku, Götusmiðjunnar, Barnaverndarstofu, Landlæknis, fulltrúa framhaldsskólanna, Áfengis- og vímuvarnaráðs, Lögreglunnar í Reykjavík, Samstarfsnefndar Reykjavíkur um afbrota- og fíkniefna-

varnir, Rauða kross Íslands og Heimilis og skóla. Á árinu 2006 voru haldnir fimm opnir fræðslufundir á vegum „Náum áttum“ hópsins, en fundina hafa sótt að meðaltali 70 – 80 manns. Á fundunum var fjallað um tölvufíkn ungs fólks, kynhegðun ungs fólks og kynfræðslu, lífsstíl ungs fólks, hvað markar þennan lífsstíl og hvað hann kostar. Auk þess var fjallað um viðbrögð ólíkra kerfa þegar barn hleypur á brott úr meðferð. Á árinu 2007 voru haldnir fimm opnir fræðslufundir þar sem meðal annars var fjallað um börn og óbeina markaðssetningu, börn og einmanaleika, sumarið í lífi ungmenna, foreldrahæfni í samfélagi nútímans og stefnumótun í forvörnum.

- Árin 2006 og 2007 átti Barnaverndarstofa samstarf við félagasamtökin Blátt áfram um að halda alþjóðlegar ráðstefnur þar sem virtir erlendir fyrirlesarar miðla af þekkingu sinni. Var sú fyrri haldin í maí 2006 og var meginviðfangsefni hennar forvarnir á sviði kynferðisbrota. Viðfangsefni síðari ráðstefnunnar í maí 2007 var ungir gerendur í kynferðisbrotamálum, meðferð og greining. Stefnt er að framhaldi á þessu samstarfi.
- Á árinu 2005 undirritaði Barnaverndarstofa samstarfssamning við félagsráðgjafaskor Háskóla Íslands um Rannsóknarsetur í barna- og fjölskylduvernd. Setrið sem stofnað var 12. maí 2006 er starfrækt af félagsráðgjafaskor Háskóla Íslands og heyrir undir Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Aðrir sem koma að samstarfinu eru heilbrigðisráðuneytið, félags- og tryggingamálaráðuneytið, velferðarsvið Reykjavíkurborgar, Biskupsstofa, Umboðsmaður Barna, Reykjanesbær og Efling-stéttarfélag. Markmið Rannsóknarsetursins er að efla fjölskyldu- og barnavernd á grundvelli vísindalegra rannsókna og vera vettvangur rannsókna á sviði fjölskyldu- og barnaverndar. Með því að efla og auka rannsóknir á félags- og tilfinningalegum aðstæðum barna og fjölskyldna skapast grundvöllur fyrir því að öll stefnumörkun stjórnvalda og annarra í málefnum barna verði markvissari og þjóni hagsmunum þeirra betur. Barnaverndarstofa telur mikilvægt að efla rannsóknir á aðstæðum barna í víðum skilningi og sér sóknarfæri í samstarfi við Rannsóknarsetrið.
- Samstarfssamningur við félagsráðgjafaskor um nema í starfsnámi, bæði á stofunni og í Barnahúsi.

Barnaverndarstofa á jafnan samstarf við erlenda aðila sem vinna að barnavernd. Á árinu fólst erlent samstarf í eftirfarandi verkefnum:

- Á árunum 2006 og 2007 var haldið áfram samstarfi við Eystrasaltsríkin með virkum hætti. Forsaga samstarfsins er sú að í framhaldi af heimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um mansal og kynferðislegt ofbeldi gegn börnum, sem haldin var í Stokkhólmi árið 1996, var hafið óformlegt samstarf á þessu sviði á vettvangi Eystrasaltsráðsins sem Ísland er aðili að. Komið var á fót vefsíðu, eins konar gagnabanka á veraldarvefnum á sviði barnaverndar með sérstakri áherslu á kynferðisofbeldi gegn börnum. Á vefsíðunni er m.a. að finna upplýsingar um löggjöf, stefnumótun, rannsóknir, ráðstefnur, fréttir um málefni barna o.fl. Frá byrjun árs 2002 hefur samstarfið sem nefnt er „Children at Risk“ verið formlegur þáttur í samstarfi aðildarríkja ráðsins. Þá var sett á stofn sérstök deild í málefnum barna á skrifstofu Eystrasaltsráðsins sem lýtur stjórn fastanefndar sem hefur umsjón með þessu samstarfi ríkjanna. Forstjóri Barnaverndarstofu var kjörinn fyrsti formaður nefndarinnar og gegndi hann formennskunni fram í febrúar 2003. Þann 14. maí 2006 hélt samstarfsnefnd Eystrasaltsráðsins í málefnum barna „Children at Risk“ fund á Íslandi í samvinnu við Barnaverndarstofu en íslensk stjórnvöld höfðu lagt til að hann yrði haldinn hér á landi af því tilefni að Ísland fer með formennsku í samstarfi Eystrasaltsríkjanna. Þessi fundur fjallaði um rannsóknir í kynferðisbrotamálum og starfsaðferðir Barnahúss. Mikill áhugi hefur verið að taka upp „íslenska módelið“ erlendis eins og Barnahúsið er gjarnan nefnt. Svíar ákváðu að fyrir lok árs 2006 yrðu sex slík hús starfandi og Norðmenn opnuðu sitt fyrsta í lok ársins 2006. Á fundinum var upplýst að unnið er að því að setja barnahús á laggirnar í Árósum í Danmörku svo og í Litháen. Fundurinn hófst með ávarpi Jóns Kristjánssonar félagsmálaráðherra og stóð fundurinn yfir í tvo daga. Þátttakendur voru frá 30 löndum en á ráðstefnunni voru flutt erindi frá sérfræðingum á þessu sviði frá flestum landanna. Erindin fjölluðu um rannsóknarviðtöl við börn, réttindi barna og meðferð kynferðisbrotamála í réttarvörslukerfinu, læknisrannsóknir, samvinnu stofnana o.fl. Auk þess var haldinn stjórnarfundur í samstarfsnefndinni „Children at Risk“ viku fyrr og var hann haldinn á Barnaverndarstofu. Á meðal þess sem unnið hefur verið að í samstarfinu á árunum 2006 og 2007 er að fylgja eftir tilmælum Evrópuráðsins um réttindi barna á stofnunum og er þar sérstök áhersla lögð á eftirlit með stofnunum og

stuðning að lokinni stofnanadvöl. Vísast til vefsíðunnar [childcentre.info](http://childcentre.info) um frekari upplýsingar um starfsemina árin 2006 og 2007.

- Árið 2001 var forstjóri Barnaverndarstofu skipaður í sérfræðinganefnd Evrópuráðsins um „Children at risk and in care“. Sérfræðingahópurinn lauk störfum í október 2003 og samdi nefndin tilmæli til ráðherranefndar Evrópuráðsins um reglur um réttindi barna á stofnunum. Þann 16. mars 2005 samþykkti ráðherranefnd Evrópuráðsins tilmælin (Rec (2005)5.). Um er að ræða útfærslu á réttindum barna samkvæmt Barnasamningi Sameinuðu þjóðanna með tilliti til þeirrar sérstöku aðstæðna sem börn á stofnunum búa við. Inntak tilmæla Evrópuráðsins felur í sér: a) meginreglur um ráðstöfun barna utan heimilis, b) sérstök réttindi barna á stofnunum og c) gæðastaðla, eftirlits- og upplýsingakerfi. Tilmæli ráðherranefndarinnar þykja marka tímamót þar sem á alþjóðavettvangi hefur ekki fyrr verið skilgreint hvaða réttinda börn sem dvelja á stofnunum eiga að njóta. Í tengslum við gerð tilmælanna fól Evrópuráðið forstjóra Barnaverndarstofu að semja skýrslu sem hefði að markmiði að varpa ljósi á áhrif stofnanadvalar á börn, aðgerðir til að varna stofnanaðvöllum o.fl. Skýrslan var gefin út í bókarformi á árinu 2006 ásamt tilmælum ráðherranefndarinnar. Skýrslan hefur að geyma umfjöllun um áhrif stofnanaðvöllum á börn og samfélag. Skýrslan hefur jafnframt að geyma greiningu á eðli stofnanaðvöllum barna í aðildarríkjunum. Færð eru rök fyrir því að greina megi Evrópu í þrjú svæði m.t.t. algengi stofnanaðvöllum, ástæðna þess og gæða umönnunar. Þá er sýnt fram á samhengi á milli algengis stofnanaðvöllum annars vegar og velferðarþjónustu og fjölskyldustuðnings hins vegar. Fjallað er sérstaklega um vænleg úrræði („best practices“) sem reynsla hefur sýnt að séu til þess fallin að draga úr aðskilnaði barna og foreldra og varna stofnanaðvöllum. Gerð er grein fyrir öðrum valkostum en stofnanaðvöllum þegar aðskilnaður barna og foreldra reynist óhjákvæmilegur. Sérstaklega er fjallað um mikilvægi eftirfylgdar þegar kemur að útskrift barna af stofnunum. Skýrslunni líkur með umfjöllun um ábyrgð og mikilvægi þess hlutverks sem fagfólk hefur við vistun barna á stofnunum.
- Á árinu 2007 lauk framkvæmd Evrópuverkefninu „Quality for Children“ en markmið þess var að þróa mælikvarða til bættra gæða umönnunar barna utan heimilis, á stofnunum, í meðferð og í fóstri. Gæðastaðlarnir hafa nú verið gefnir út á nokkrum tungumálum og verða þeir m.a. lagðir

til grundvallar við þróun staðla vegna vistunar barna í fóstur og á stofnanir á Íslandi, en vinna við það verk hófst á vegum stofunnar á árinu. Gæðastaðlarnir eru nú til athugunar hjá Evrópusambandinu en áhugi er á því að þeir hljóti þar formlega viðurkenningu. Verkefnið var skipulagt af IFCO (International Foster Care Organization), FICE (Fédération Internationale Communatés Educatives) og SOS barnaþorpunum (SOS Kinderdorf international). Barnaverndarstofa hefur haft umsjón með verkefninu af Íslands hálfu og var af því tilefni framkvæmd viðhorfakönnun á meðal hóps barna sem dvalið hafa í meðferð og í fóstri og foreldra þeirra í því skyni að læra af reynslu þeirra. Sambærileg upplýsingaöflun hefur nú átt sér stað í hinum 32 Evrópuríkjunum sem taka þátt en hún á að skapa grundvöllinn að þróun fyrrnefndra gæðastaðla. Það var að beiðni SOS barnaþorpanna á Íslandi sem Barnaverndarstofa féllst á að taka þátt í hinum faglega þætti samstarfsins „Quality4Children“.

- Í mars 2007 náðist samkomulag í sérfræðinganefnd allra aðila Evrópuráðsins um tillögu að bindandi samningi um vernd barna gegn kynferðisofbeldi og kynferðislegri misnotkun. Samningurinn var svo undirritaður þann 25. október sama ár. Samningurinn tekur m.a. til aðgerða á sviði forvarna, málsmeðferðar við rannsóknir mála, refsiramma brota, stuðnings við börn sem sætt hafa kynferðisofbeldi og fjölskyldur þeirra, meðferðar og eftirlits með kynferðisbrotamönnum og alþjóðlegrar samvinnu á þessu sviði. Komið verður á fót eftirlitsnefnd með framkvæmd samningsins. Bragi Guðbrandsson forstjóri Barnaverndarstofu var fulltrúi Íslands í þessari vinnu fyrir hönd íslenskra stjórnvalda, en kveðið er á um það sérstaklega í aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar til að styrkja stöðu barna að hann skuli yfirfarinn með fullgildingu hans í huga. Alls undirrituðu 23 aðildarríki Evrópuráðsins samninginn við framlagningu hans en búist er við því að Ísland undirriti hann von bráðar. Samningurinn er sérstakt fagnaðarefni, ekki síst þar sem öll meginsjónarmið sem liggja til grundvallar starfsemi Barnahúss hafa nú hlotið alþjóðlega viðurkenningu og er Barnahússins sérstaklega getið í skýringum með samningnum.
- Á árinu 2006 samþykkti ráðherranefnd Evrópuráðsins tilmæli til aðildarríkjanna um stefnu til eflingar foreldrahæfni. Bragi Guðbrandsson forstjóri Barnaverndarstofu var í janúar 2005 skipaður í sérfræðingahóp til að fjalla um foreldrahæfni í nútímasamfélagi. Var nefnd-

inni einkum falið að undirbúa stefnumótun til eflingar foreldrafærni í þeim tilgangi að fyrirbyggja og vinna gegn líkamlegum refsingum á börnum og stuðla að þroskavænlegum uppeldisaðferðum í anda meginreglna Barnasamnings Sameinuðu þjóðanna. Breyttur veruleiki barna í uppveixinum frá því sem áður var kallar á endurmat á hefðbundnum uppeldisaðferðum þar sem barnið og þarfir þess þurfa að vera í brennipunkti. Fjölbreyttari fjölskyldugerð, fljótandi og fjölþættara samskiptanet barna ásamt aukinni vitund um takmarkanir stofnana samfélagsins til að mæta mikilvægum þörfum barna gera kröfu til að allir leggist á eitt um að styrkja foreldra í uppeldishlutverki sínu. Segja má að í tilmælum ráðherra nefndarinnar felist tilraun til að gera meginreglur Barnasamningsins ásamt bestu fagþekkingu í uppeldismálum aðgengilegar fyrir ríkisstjórnir aðildarríkjanna, foreldra og fagfólk sem vinnur með börnum og foreldrum þeirra. Jafnframt felst í tilmælunum að leitast skuli við að virkja foreldra, fagfólk og stjórnvöld til samhæfðra aðgerða í uppeldismálum þar sem réttur barnsins til virkrar þátttöku og verndar er virtur. Barnaverndarstofa hefur látið þýða tilmæli ráðherra nefndarinnar (Rec (2006)19) og má sjá hana á heimasíðu stofunnar.

- Á árinu 2007 var Bragi Guðbrandsson skipaður sérlegur ráðgjafi „Committe of Expert on Social Policy for Families and Children“ (CS-SPFC) á vegum Evrópuráðsins. Hlutverk hans er m.a. að veita ráðgjöf vegna eftirfylgda tilmæla ráðherra nefndarinnar um réttindi barna á stofnunum. Hann vinnur nú að gerð skýrslu sem byggð er á svörum aðildarríkjanna ráðsins um aðgerðir til að styrkja réttindi barna á stofnunum.

### *Heimsóknir erlendra og innlendra aðila*

Ýmsir góðir gestir heimsóttu Barnaverndarstofu á árunum 2006 og 2007. Á árinu 2006 komu starfsmenn frá Háskólanum í Sogn og Fjordene í Noregi í heimsókn, hjúkrunarfræðinemar frá Háskólanum í Iowa í Bandaríkjunum og starfsmenn umboðsmanns barna í Litháen. Á árinu 2007 komu starfsmenn frá Insestcentret í Vestfold í Noregi, hópur starfsmanna frá Långanässkolan í Svíþjóð, hópur félagsráðgjafa frá Målselv í Noregi og tveir sálfræðingar frá Háskólasjúkrahúsinu Helsinki í Finnlandi. Auk þess kom stór hópur frá meðferðarstofnun í Osló í Noregi og í lok árs heimsótti starfsmaður jafnréttisstofu Tallin í Eistlandi Barnaverndarstofu. Þá komu starfsmenn Barnahúsanna í

Bergen og Hamar á Barnaverndarstofu og í Barnahús til að undirbúa starfsemina í Noregi sem vikið er að síðar.

Eins og undanfarin ár komu fjölmargir innlendir aðilar á Barnaverndarstofu. Má þar t.d. nefna heimsókn þeirra þriggja félagsmálaráðherra sem gegndu störfum á árunum 2006 og 2007. Þá má nefna félagsráðgjafanema, sálfræðinema, nema frá Menntaskólanum á Akureyri, nema úr Kennaraháskóla Íslands og starfsmenn Stuðla. Auk þess komu nemar frá Menntaskólanum við Sund, starfsfólk Kvennaathvarfsins og Neyðarlínunnar 112.

Ýmsir heimsóttu Barnahús á árunum 2006 og 2007, jafnt innlendir sem erlendir aðilar. Heimsóknir frá Norðurlöndunum, einkum Svíþjóð og Noregi voru sérstaklega tíðar á þessu tímabili þar sem Svíar hafa opnað fimm Barnahús að íslenskri fyrirmynd á árinu 2006 og Norðmenn hófu undirbúning að opnun tveggja Barnahúsa í Noregi árið 2007. Árið 2006 fékk Barnahús meðal annars heimsókn frá Miðstöð heilsuverndar barna, Kvenna- og barnasviði LSH, embættismannanefnd Norræna Eystrasaltsráðsins, stjórnarnefnd í samstarfinu „Children at risk“, norrænum umboðsmönnum barna, fulltrúum frá félagsmála- og heilbrigðisráðuneyti Finnlands, átakshópi kirkjunnar gegn ofbeldi og umboðsmönnum barna frá Litháen. Á árinu 2007 voru meðal þeirra sem heimsóttu Barnahús, hópur frá miðstöð gegn sífjaspelli í Noregi, nefnd um opnun Barnahúss í Noregi, hópur frá norskri Barnaverndarstofu, ráðuneytisstjóri norska heilbrigðisráðuneytisins, dómsmálaráðherra Noregs, hópur sænskra félagsráðgjafa, hópur frá finnskri barna- og unglíngageðdeild, kínversk sendinefnd og umboðsmaður barna á Íslandi. Á árunum 2006 og 2007 heimsóttu Barnahús auk þess fjöldi framhalds- og háskólanema.

## 2 Meðferðarheimili á vegum Barnaverndarstofu

Í byrjun árs 2007 voru rekin sjö meðferðarheimili á grundvelli þjónustusamnings við Barnaverndarstofu. Öll eru þau staðsett á landsbyggðinni, þ.e. Árbót og Berg í Aðaldal í Þingeyjarsýslu sem eru rekin af einum og sama rekstraraðilanum, Laugaland í Eyjafjarðarsveit, Háholt í Skagafirði, Hvítárþakki í Borgarfirði, Geldingalækur á Rangárvöllum og Götusmiðjan Brúarholt í Grímsnesi. Meðferðarheimili Götusmiðjunnar hefur á að skipa 13 rýmum fyrir vímuefnaneytendur undir 18 ára aldri auk nokkurra rýma til viðbótar sem ætluð eru einstaklingum á aldrinum 18 til 21 árs. Hin heimilin hafa samtals rými fyrir 35 börn í senn. Í lok árs 2007 voru því meðferðarrými á einkareknum heimilum alls 46.

Á árinu 2007 urðu þær breytingar á langtímameðferðarheimilum Barnaverndarstofu að nýir rekstraraðilar tóku við á Laugalandi og Hvítárþakka. Á Hvítárþakka tóku hjónin Jónas H. Jónasson og Sigríður M. Hermannsdóttir við af Sigurði Ragnarssyni og Ingu Stefánsdóttur. Þá lét Ingjaldur Arnþórsson af störfum sem rekstraraðili Laugalands og í hans stað var ráðinn Pétur Broddason. Auk þess flutti Götusmiðjan frá Akurhóli á Brúarholt í Grímsnesi í júlí 2007.

Á meðferðarstöð ríkisins, Stuðlum að Fossaleyni 17 í Grafarvogi, fer fram greiningar- og meðferðarvistun fyrir átta unglunga í senn en að auki eru þar fimm rými í neyðarvistun. Heildarfjöldi meðferðarrýma sem Barnaverndarstofa hafði yfir að ráða í lok ársins 2007 var því alls 54, auk fimm rýma í neyðarvistun Stuðla.

Á árinu 2004 var endurnýjaður þjónustusamningur við Landspítala – háskólasjúkrahús um geðlæknisþjónustu fyrir börn vistuð á stofnunum á vegum Barnaverndarstofu sem upphaflega var gerður árið 2000. Markmiðið



með samningnum er að tryggja börnum með geðröskun, vímuefnavanda og hegðunartruflun eins góða, skjóta og örugga þjónustu og frekast er kostur. Með þessum samningi skuldbundu stofnanirnar sig til þess að eiga náð samstarf á öllum sviðum meðferðar.

### *ASEBA matslistar*

Barnaverndarstofa hóf árið 2006 notkun ASEBA spurningalista (*The Achenbach System of Empirically Based Assessment*) (sjá nánar í kafla 2.2). Verkefnið hefur m.a. það markmið að beita samhæfðu mælitæki til að meta þörf barna fyrir sérhæfð úrræði sbr. það sem um er mælt í XIII. kafla barnaverndarlaga nr. 80/2002. Með notkun listanna er einnig stefnt að því að skapa grundvöll til að meta á hlutlægan hátt árangur barna sem njóta sérhæfðar meðferðar, hvort heldur sem þau dvelja á stofnun eða í styrktu fóstri.

## 2.1 Umsóknir á meðferðarheimili

Lögum samkvæmt tekur Barnaverndarstofa ákvörðun um hvort sérhæfð meðferð á meðferðarheimili sem rekið er á grundvelli barnaverndarlaga skuli veitt. Á það jafnt við um meðferðarstöð ríkisins, Stuðla sem og langtímameðferðarheimili. Einungis barnaverndarnefndir geta sótt um meðferð að fengnu samþykki forsjáaraðila og barns sem náð hefur 15 ára aldri. Forsenda þess að langtímameðferð sé veitt er sú að mál barns hafi áður hlotið viðeigandi greiningu (svo sem á Stuðlum eða á Barna- og unglingsgeðdeild Landspítala – háskólasjúkrahúss) og einnig hvort farið hefur verið að ákvæðum barnaverndarlaga um að beita vægstu úrræðum, gæta meðalhófs o.s.frv. Fjallað er um umsóknir á Stuðla af sérstöku fagteymi.

Umsóknir um meðferð á Stuðlum og á langtímameðferðarheimili á árinu 2007 voru alls 164 eða 30 umsóknum færri en árið á undan. Í upphafi ársins 2007 voru 7 á biðlista eftir langtímameðferð. Stytting á meðferðartíma hefur haft í för með sér að biðtími eftir meðferð hefur ekki lengst, enda þótt bið eftir viðeigandi úrræði geti verið nokkur í sumum tilvikum. Bið eftir langtímameðferð er mismunandi eftir árstíma þar sem starfi langtímameðferðarheimila er þannig háttáð að móttaka skjólstæðinga og útskrift þeirra tekur nokkuð mið af skólagöngu. Engin raunveruleg bið var eftir vímuefnamedferð á Meðferðarheimili Götusmiðjunnar árið 2007. Á meðferðardeild Stuðla var biðtími árið 2007 um 4-6 vikur en stundum styttri.

Á árinu 2007 var 9 umsóknum sýnað vegna ófullnægjandi gagna, röksemda eða upplýsinga eða rúmlega 5% allra umsókna. Sumar þessara umsókna bár-ust að nýju og hlutu þá aðra niðurstöðu. Þá voru 14 umsóknir eða tæplega 9% dregnar til baka, flestar eftir að hafa hlotið samþykki Barnaverndarstofu.

Svo sem sjá má í *töflu 2.1.1* eru piltar í meirihluta þeirra sem sótt er um meðferð fyrir á því tímabili sem taflan sýnir. Þetta hlutfall hefur verið svipað síðustu árin en þó var hlutfall stúlkna hærra en pilta árið 2004. Í töflunni kemur fram að algengast er að sótt sé um meðferð fyrir 16 ára unglinga. Árið 2007 var 75% barnanna á aldrinum 15, 16 eða 17 ára. Meðalaldur var 15,3 ár.

**Tafla 2.1.1 Umsóknir eftir kyni og aldri**

		2003		2004		2005		2006		2007	
		Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Kyn	Piltar .....	116	59,5	86	48,6	100	61,0	106	54,6	91	55,5
	Stúlkur .....	79	40,5	91	51,4	64	39,0	88	45,4	73	44,5
Aldur	17 ára .....	25	12,8	42	23,7	25	15,2	39	20,1	32	19,5
	16 ára .....	35	17,9	49	27,7	32	19,5	51	26,3	51	31,1
	15 ára .....	57	29,2	26	14,7	49	29,9	44	22,7	40	24,4
	14 ára .....	40	20,5	39	22,0	40	24,4	44	22,7	25	15,2
	13 ára .....	21	10,8	13	7,3	12	7,3	9	4,6	8	4,9
	12 ára .....	7	3,6	5	2,8	-	-	3	1,5	5	3,0
	11 ára .....	4	2,1	1	0,6	2	1,2	2	1,0	1	0,6
	10 ára .....	1	0,5	2	1,1	2	1,2	2	1,0	-	-
	9 ára .....	5	2,6	-	-	1	0,6	-	-	1	0,6
	8 ára .....	-	-	-	-	1	0,6	-	-	1	0,6
	7 ára .....	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Samtals .....		195	100,0	177	100,0	164	100,0	194	100,0	164	100,0

Árið 2007 var hlutfall umsókna frá Reykjavík 45%, frá öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu tæp 27% og 28% frá landsbyggðinni (*tafla 2.1.2*). Stór- vægilegar breytingar hafa ekki orðið í þessu efni á milli þessara ára.

**Tafla 2.1.2 Umsóknir eftir búsetu**

		2003		2004		2005		2006		2007	
		Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Reykjavík .....		91	46,7	69	39,0	69	42,1	90	46,4	74	45,1
Nágrenni Reykjavíkur ...		51	26,1	59	33,3	54	32,9	59	30,4	44	26,8
Landsbyggðin .....		53	27,2	49	27,7	41	25,0	45	23,2	46	28,0
Samtals .....		195	100,0	177	100,0	164	100,0	194	100,0	164	100,0

Tilfni þess að sótt er um greiningu eða meðferð á vegum Barnaverndarstofu er oftast fjölþætt, þar á meðal hegðunarerfiðleikar barns, afbrot, ofbeldi, útigangur og fjarvistir úr skóla og vímuefnaneysla svo sem lesa má af *töflu 2.1.3*. Taflan sýnir fjöltalningu vandamála í hverju tilviki fyrir sig, allt eftir mati starfsmanna barnaverndarnefndar. Flokkunin sýnir tiltölulega litlar breytingar á milli ára. Engan veginn ber að líta á flokkunina sem vísindalega skilgreiningu á vanda barna eða orsakaskýringu, heldur hvaða augum starfsmenn barnaverndarnefnda og hugsanlega aðstandendur barns líta aðstæður. Enda þótt hegðunarvandi barns sé oftast talinn höfuðástæða umsóknar leikur enginn vafi á því að í mörgum tilvikanna er um djúpstæða bresti að ræða í uppeldisaðstæðum barns sem með réttu má telja höfuðorsök þess hvernig komið er. Hafa ber í huga að árið 2007 var sjaldgæfara að starfsmenn nefnda merktu við fleiri en eina ástæðu og skýrir það að öllum líkindum lágt hlutfall hegðunarvanda það ár.

**Tafla 2.1.3 Tilfni umsókna (%)**

Flokkun á vanda barnanna	2003	2004	2005	2006	2007
Hegðunarvandi . . . . .	76	85	72	53	45
Áfengisneysla . . . . .	53	56	52	52	34
Útigangur . . . . .	42	32	38	41	32
Félagsleg einangrun . . . . .	10	4	1	0	0
Önnur vímuefnaneysla . . . . .	58	46	53	55	40
Námsörðugleikar . . . . .	55	58	62	49	35
Fjarvist úr skóla . . . . .	22	18	3	1	1
Afbrot . . . . .	33	19	30	26	30
Ofbeldishegðun . . . . .	31	20	32	24	24
Heimilisvandi . . . . .	26	15	23	22	16
Ofvirkni/misþroski . . . . .	18	20	30	20	15
Þunglyndi/geðröskun . . . . .	15	23	28	31	17
Þolandi kynferðisofbeldis . . . . .	5	7	5	7	2
Beitti aðra kynferðisofbeldi . . . . .	2	2	1	2	1
Annað, fötlun, einelti . . . . .	18	11	34	10	41
Fjöldi barna sem sótt er um fyrir . . . . .	195	177	164	194	164

Hundraðshlutfall miðast við hve oft tiltekin „greining“ er nefnd samanborið við fjölda umsókna en vandi hvers einstaklings getur verið fjölþættur eins og fram kemur víða í skýrslunni.

Yfirlit fjölskylduaðstæðna barna sem sótt er um meðferð fyrir kemur fram í *töflu 2.1.4*. Annars staðar í skýrslunni er fjallað um heimilisaðstæður barna sem afskipti voru höfð af. Af samanburði við þær upplýsingar má sjá að hlutfall rofinna fjölskyldna (þar sem barn lýtur ekki forsjá beggja kynforeldra) reynist mjög hátt eða tæp 80%.

Tafla 2.1.4 Fjölskylduaðstæður samkvæmt umsóknum

Fjölskyldugerð	2003		2004		2005		2006		2007	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Kynforeldar .....	42	21,5	44	24,9	38	23,2	43	22,2	33	20,1
Móðir/stjúpi .....	33	16,9	53	29,9	36	22,0	43	22,2	31	18,
Einstæð móðir .....	91	46,7	49	27,7	64	39,0	63	32,5	51	31,1
Einstæður faðir .....	15	7,7	9	5,1	7	4,3	12	6,2	18	11,0
Forsjá hjá barnaverndarnefnd	-	2	1,1	-	-	-	-	1	0,6	
Faðir/stjúpa .....	6	3,1	2	1,1	8	4,9	12	6,2	10	6,1
Móður-/föðurfóreltrar .....	2	1,0	-	-	-	-	-	1	0,5	-
Fósturfóreltrar .....	2	1,0	13	7,3	8	4,9	12	6,2	10	6,1
Annað .....	4	2,1	5	2,8	3	1,8	8	4,1	10	6,1
Alls .....	195	100,0	177	100,0	164	100,0	194	100,0	164	100,0

## 2.2 Niðurstöður ASEBA lista í umsóknum um sérhæfða meðferð

Barnaverndarstofa hrinti í framkvæmd nýju tilraunaverkefni í upphafi árs 2006. Það fólst í notkun ASEBA spurningalista (*The Acenbach System of Empirically Based Assessment*). Listarnir eru notaðir þegar leggja skal mat á þörf barna fyrir sérhæfð úrræði sbr. það sem um er mælt í XIII kafla barnaverndarlaga nr. 80/2002. Sama á við um börn sem ráðstafað er í styrkt föstur (úrræði sem greitt er að hluta af ríkinu). Með notkun listanna er einnig stefnt að því að skapa grundvöll til að meta á hlutlægan hátt árangur barna sem njóta sérhæfðrar meðferðar. Það er gert með endurfyrirlagningu listanna og sam-anburði við fyrri úrlausn.

Matslistar ASEBA samanstanda af þremur hliðstæðum listum, einn er ætlaður skjólstæðingi sjálfum (*YSF, youth self report*), annar foreldrum eða þeim sem gegna hlutverki forsjármanna (*CBCL, child behavior checklist*). Þriðji listinn er ætlaður kennurum (*TRF, teacher's report form*).

Segja má til einföldunar að matlistar ASEBA samstandi af tveimur víddum, *innri þáttum* annars vegar (kvíði/þunglyndi, hlédrægni/depurð og líkamsumkvartanir) og *ytri þáttum* hins vegar (hvort farið er eftir reglum eða ekki og ýgi/árásarhneigð). Þá koma hugrænir þættir við sögu, t.d. endurtekna hugsanir án tilefnis, svefnvandi, einbeitingarvandi og skyld atriði. Við úrlausn

spurningalistanna koma fram 8 þættir og meta þeir hvort skjólstæðingur telst innan normalsvæðis, neðan þess eða ofan og í hve miklum mæli frávik eru á hverjum þætti fyrir sig. Unnt er að bera úrlausn ASEBA listanna saman við matskerfi DSM-IV (*Diagnostic and Statistical manual 4th Edition*) sem er greiningarkerfi bandarísku geðlæknasamtakanna, kerfi sem víða er notað, einkum í heilbrigðiskerfinu.

Á árunum 2006 og 2007 safnaði Barnaverndarstofa alls 763 listum frá börnum, foreldrum og kennurum þeirra barna sem sótt var um meðferð fyrir á þessu árabili (*tafla 2.2.1*). Þessi svör voru vegna 232 barna, 130 drengja (56%) og 102 stúlkna (44%). Þess verður að gæta að fleiri en ein úrlausn er vegna hvers barns, mismunandi eftir einstaklingum. Því er heildarfjöldi úrlausna annar en fjöldi barna. Í *töflu 2.2.1* má sjá að jafnaði berast fleiri listar um stúlkur en drengi.

**Tafla 2.2.1 Fjöldi svarlista ASEBA árin 2006 og 2007**

Fjöldi svarlista	2006	2007	Samtals
Drengir	190	169	359
Stúlkur	216	188	404
Samtals	406	357	763

Alls bárust Barnaverndarstofu 374 listar frá foreldrum eða öðrum sem annaðist barnið, 253 listar frá börnunum sjálfum og 136 listar frá kennurum (*tafla 2.2.2*). Ástæðu þess að fáir listar bárust frá kennurum má einkum skýra með því að stór hluti barna sem sótt var um meðferð fyrir stundaði ekki skóla þegar umsókn barst.

**Tafla 2.2.2 Fjöldi svarlista ASEBA sem bárust um drengi og stúlkur**


	CBCL-foreldralisti		YSR-sjálfsmatslisti		TRF-kennaralisti		Samtals	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	176	47,1	119	47,0	64	47,1	359	47,1
Stúlkur	198	52,9	134	53,0	72	52,9	404	52,9
Samtals	374	100,0	253	100,0	136	100,0	763	100,0

ASEBA listarnir sýna viðmiðunarmörk, svokölluð „cut off“ mörk milli þess sem telst eðlilegt og frávikseinkenni. Viðmiðunarmörk eða „borderline“ mörk eru á milli 60-63 t skor (stöðluð gildi<sup>1</sup>). Hærra gildi en viðmiðunarmörk sýnir ástand sem ekki telst eðlilegt og gefur væntanlega ástæðu til að bregðast við. Vandastig barna má sjá í *töflu 2.2.3*.

**Tafla 2.2.3 Vandastig barna**

	Líðan (internalizing)	Hegðun (externalizing)	Heildarvandi (total problems)
Drengir	62,7	70,8	66,8
Stúlkur	64,6	71,1	68,4
Samtals	63,6	70,9	67,6

Á mynd 2.2.1 kemur fram að heildarvandi stúlkna og drengja sem sóst var eftir meðferð fyrir er yfir viðmiðunarmörkum hjá báðum kynjum. Það staðfestir að heildarvandi þeirra er meiri en gengur og gerist hjá börnum. Á myndinni kemur einnig fram að frávik eru meiri meðal stúlkna en drengja. Munurinn er tölfræðilega marktækur á þættinum „líðan“ og „heildarvanda“<sup>2</sup>. Ekki er tölfræðilega marktækur munur milli kynja á þættinum „hegðun“.



**Mynd 2.2.1 Samanburður á vandastigi drengja og stúlkna**

<sup>1</sup> Meðaltalið á t-kvarða er 50 og eitt staðalfrávik (*Sd*) er 10.

<sup>2</sup> T-próf sýnir að marktækur munur er á líðan stúlkna og drengja,  $t(745) = 2,6$ ,  $p < 0,05$ .

T-próf sýnir að marktækur munur er á heildarvanda stúlkna og drengja,  $t(745) = 2,4$   $p < 0,05$ .

Mest frávik (hæsta t gildi) meðal þessara barna miðað við normalþýði er á þættinum „hegðun“. *Allir þættirnir* eru yfir viðmiðunarmörkum (þ.e. miðað við neðri viðmiðunarmörk - t skor 60).

Í þeim gögnum sem hér er greint frá kemur í ljós að „heildarvandi“ níutíu og þriggja barna var metinn undir viðmiðunarmörkum af einhverjum upplýsingagjafa. Oftast voru það börnin sjálf sem mátu vanda sinn þannig, áttatíu og tvö af níutíu og þremur eða mikill meirihluti. Í tilvikum tuttugu og sex barna mat foreldri heildarvanda barns síns undir viðmiðunarmörkum. Kennarar mátu sjaldan heildarvanda barna undir viðmiðunarmörkun eða í fimmtán tilvikum. Þó er athyglisvert að í aðeins fjórum tilfellum var mat upplýsingagjafanna samhljóða fyrir sama barn. Með öðrum orðum lýsa einhverjir í umhverfi barns vanda sem það eigi við að stríða (í skóla, á heimili o.s.frv.) enda þótt þeir séu ekki á einu máli um það.

Eins og áður kom fram mæla ASEBA listarnir átta þætti (*sjá töflu 2.2.4*). Viðmiðunarmörk eða „borderline“ mörk einstaka þátta eru á milli 65-69 t skor (stöðluð gildi), mörk sem eru hærri en á heildarþáttunum. Eins og áður sagði sýnir herra gildi en viðmiðunarmörk ástand sem ekki telst eðlilegt. Þátturinn „*athyglisvandi*“ er yfir viðmiðunarmörkum hjá börnum sem barnaverndarnefndir hyggjast ráðstafa á stofnun eða í styrkt fóstur og einnig þættirnir „*brjóta boð og bönn*“ og „*ygi/árásarhneigð*“. Hinir þættirnir eru undir viðmiðunarmörkunum en eins og kom fram hér að ofan er heildarvandi barnanna yfir viðmiðunarmörkum. Athygli vekur að stúlkur mælast með marktækt hærri skor en drengir á þáttunum „*kviði/þunglyndi*“, „*líkamlegar kvartanir*“, „*athyglisvandi*“ og „*brjóta boð og bönn*“<sup>3</sup>. Rétt er að túlka þann mun sem reynist vera á milli kynja með nokkurri varúð. Þær vísbendingar sem koma fram gefa til kynna að mat á frávikum í hegðun barna geti að einhverju leyti endurspeglad samfélagslegt gildismat eftir kynjum. Með öðrum orðum, að vandi barna sem barnaverndarnefndir fást við sé ekki einungis metinn eftir eðli og þyngdarstigi, heldur skipti máli hvort um dreng eða stúlku er að ræða.

**Tafla 2.2.4 Vandastig barna á undirþáttum ASEBA listanna**

	Kviði/ þunglyndi	Hlédrægni/ depurð	Líkamlegar kvartanir	Félagslegur vandi	Hugsana -vandi	Athyglis- vandi	Brjóta boð og bönn	Ygi/árásar- hneigð
Drengir	62,2	63,7	60,1	61,3	60,4	64,5	71,8	69,4
Stúlkur	64,7	63,9	61,9	61,9	61,5	68,1	74,0	68,6
Samtals	63,4	63,8	61,0	61,6	60,9	66,2	72,8	69,0


<sup>3</sup> T-próf sýnir að marktækur munur er á *kviða/þunglyndi* stúlkna og drengja,  $t(745) = 3,4$ ,  $p < 0,01$ .

T-próf sýnir að marktækur munur er á *líkamlegum kvörtunum* stúlkna og drengja,  $t(702,4) = 2,6$ ,  $p < 0,05$ .

T-próf sýnir að marktækur munur er á *athyglisvanda* stúlkna og drengja,  $t(709,7) = 5,0$ ,  $p < 0,001$ .

T-próf sýnir að marktækur munur er á vanda stúlkna og drengja við að *brjóta boð og bönn*,  $t(745) = 3,0$ ,  $p < 0,01$ .

Á mynd 2.2.2 má nánar sjá þessa átta þætti og í hvaða mæli er um frávik að ræða. Þessi vitneskja sýnir að þeir sem segja sitt álit á hegðun og líðan þeirra barna sem sótt er um meðferð fyrir (börnin sjálf, foreldrar þeirra, kennarar o.s.frv.) telja innri líðan að jafnaði „eðlilega“ en hegðun ekki. Það má því álykta að hegðunarþættir séu almennt í brennidepli þegar stofnavistun er annars vegar en ekki það álit að börnin búi við vanlíðan. Hér mætti leiða hugann að því hvort of mikil „áhersla“ kunni að vera á hegðunarþáttum en ekki hugað nægilega að innri líðan skjólstæðinganna.



**Mynd 2.2.2 Samanburður á vandastigi drengja og stúlkna á undirþáttum ASEBA**

Stefnt að því að meta árangur barna sem njóta sérhæfðrar meðferðar með endurfyrirlagningu listanna og samanburði við fyrri úrlausn. Barnaverndarstofa vinnur nú að því að safna þessum gögnum. Vert er að taka það fram að unnið verður frekar með ASEBA gögn af hálfu Barnaverndarstofu þar sem einstök atriði listanna verða skoðuð nánar. Þær niðurstöður verða birtar á heimasíðu Barnaverndarstofu að því loknu.



## 2.3 Meðferðarstöð ríkisins fyrir unglinga, Stuðlar

Starfsemi Stuðla skiptist í tvennt: Annars vegar meðferðardeild þar sem fram fer greining og meðferð og hins vegar lokaða deild (neyðarvistun) sem notuð er til að stöðva óæskilega eða hættulega hegðun barns.

Á meðferðardeild eru rými fyrir átta börn í senn. Stuðst er við reglubundna dagskrá og atferlismótandi þrepa- og stigakerfi en meðferðin er löguð að þörfum hvers og eins. Greining og meðferð haldast í hendur í einstaklings- og fjölskylduviðtölum, sálfræðiathugunum og úrvinnslu upplýsinga frá barnaverndarnefndum, fyrri meðferðaraðilum og skóla.

Á undanförunum árum hefur verið lögð áhersla á að opna meðferðardeildina eins og tök eru á. Helgarleyfi og dagleyfi eru mikilvægur hluti meðferðar þar sem unglingurinn fær tækifæri til að láta reyna á það sem hann er að vinna með hverju sinni. Reynt er að láta unglinga sækja heimaskóla eftir því sem tök eru á, einnig vinnu og ef áhugi er á sækja tómstundastarf utan Stuðla svo sem æfingar með íþróttafélagi, tónlistarnám o.s.frv.

Sýnt hefur verið fram á að betri árangur náist þar sem starfsemi stofnana er tengd sem mest daglegu lífi. Jafnframt eru skjólstæðingar studdir til að takast á við lífið utan Stuðla og aðstoðaðir við að leysa þau mál sem þar koma upp. Þrátt fyrir hið frjállega umhverfi reynist brotthlaup úr meðferð sjaldgæft. Á meðferðardeild voru 6 slík tilvik á árinu 2007.

Hluti þess sem gert er í meðferð á Stuðlum felst í að skoða og meta þær aðferðir sem barn notar í samskiptum við aðra, líðan barns, viðhorf til eigin stöðu sem og bjargráð í fjölskyldu. Markmið felast m.a. í að stuðla að því að efla félagsfærni, sjálfstjórn og hæfni til að nýta eigin styrkleika. Daglega er farið í útivist, tómstundir eða íþróttir. Skólanám er á vegum Brúarskóla og fer fram á Stuðlum. Foreldrar eiga samskipti við börn sín í meðferðarviðtölum, á heimsóknartímum og í helgarleyfum þar sem reynir á að yfirfæra á heimaslóð það sem lærst hefur. Skólinn fær einnig upplýsingar og ráðgjöf. Í samráði við vistunaraðila og foreldra er metið hvort þörf er á langtíameðferð á meðferðarheimili, föstur (hefðbundið eða styrkt föstur) o.s.frv. eftir útskrift. Þetta á við ef ekki er talið útlit fyrir að barn og foreldrar geti nýtt sér stuðning á heimaslóðum eftir að vistun á meðferðardeild líkur, eða ef hegðun barns og ástand krefst frekari íhlutunar.

Á lokuðu deildinni er rými fyrir 5 einstaklinga. Barnaverndarnefndir geta vistað ungling á lokaðri deild vegna alvarlegra hegðunarerfiðleika, óupplýstra afbrota, ofbeldis eða stjórnleysis svo sem vegna neyslu fíkniefna. Markmiðið

er að stöðva skaðlega hegðun og veita barnaverndarnefnd svigrúm til að beita viðeigandi úrræði. Starfsmenn lokaðrar deildar aðstoða vistunaraðila og foreldra við að meta stöðu barns en ekki er gert ráð fyrir greiningu og meðferð. Deildin er ekki refsíúrræði, heldur staður til að stuðla að jafnvægi unglings með því að veita honum húsaskjól, fæði, afþreyingu og samneyti við full-orðna. Forstöðumenn langtímameðferðarheimila geta vistað unglings á lokaðri deild ef þörf krefur. Brotthlaup af lokaðri deild á árinu 2007 voru tvö talsins.

Í lok ágúst á síðasta ári varð alvarlegur bruni í húsakynnum lokuðu deildarinnar. Húsnæði varð ónothæft það sem eftir var ársins 2007. Opnuð var bráðabirgðaaðstaða í fundarherbergi, viðtalsherbergi og einni skrifstofu. Við þessar aðstæður var hægt að hafa að hámarki 3 börn á deildinni. Eins og sjá má af tölum hér fyrir neðan, fækkaði komum á deildina af þessari ástæðu um 20 frá árinu 2006 og vistunardögum um 174.

Á árinu var aukið við þjónustu Stuðla. Foreldrum var boðið viðtöl við sálfræðing í allt að 5 skipti auk þess sem boðið var upp á eftirmeðferðarviðtöl fyrir unglings sem hafa útskrifast af Stuðlum. Áhersla var lögð á að fylgjast með hvort unglings neytti fíkniefna og hvort hann sækta skóla eða vinnu. Í þessum heimsóknum var skjólstæðingum gefinn kostur á viðtali við starfsmenn og/eða sálfræðing. Þá hafa verið gerðar tilraunir til að halda foreldra-kvöld.

Á árinu 2007 var ART þjálfun (*Agression Replacement Training*) gerð að föstum lið í meðferðardagskrá Stuðla. Sýnt hefur verið fram á að með þeirri þjálfun sé hægt að ná eftirsóknarverðum árangri með því að vinna gegn áhrifamiklum áhættuþáttum. Aðferðin gagnast þannig vel til að sporna gegn andfélagslegri afstöðu unglings, auka sjálfstjórn og þjálfun unglings í að nota félagslega viðurkenndar leiðir í samskiptum.

ART þjálfun fyrir alla starfsmenn Stuðla var í höndum Knut Gundersen og Tutte Mitchell Olsen frá Noregi en bæði hafa stundað slíka þjálfun um árabíl þar í landi. Stefnt er að því að nokkrir starfsmenn Stuðla fái viðurkenningu sem ART þjálfarar og geti tekið að sér þjálfun annarra starfsmanna meðferðarstofnana.

Tveir deildarstjórar starfa á Stuðlum, annar á meðferðardeild og hinn á lokaðri deild. Á meðferðardeild eru auk deildarstjóra 6 ráðgjafar og 3 hópstjórar. Hópstjórar fara með verkstjórn á deildinni á kvöldin og um helgar. Á lokaðri deild eru auk deildarstjóra 3 starfsmenn.

Í byrjun ársins 2007 voru fastir starfsmenn Stuðla 27 talsins, þar af voru 25 í fullu starfi en 2 í hlutastarfi en fækkaði um einn frá miðjum janúar. Frá og með júní var fjöldi skjólstæðinga fækkað vegna sumarleyfa. Alls hættu 6

starfsmenn störfum á meðferðardeild á árinu 2007. Veruleg mannekla sagði til sín á árinu sem hafði óhjákvæmileg áhrif á afköst stofnunarinnar. Á árinu var auk þess lögð niður staða rekstrarstjóra og var það gert til hagræðingar og til reynslu og tók forstöðumaður við þeim verkefnum.

*Lokuð deild (neyðarvistun)*

Í *töflu 2.3.1* er yfirlit um dvöl barna á lokaðri deild Stuðla á fimm ára tímabili. Komur eru töluvert fleiri en fjöldi einstaklinga þar sem hluti barnanna er vist-  
aður oftari en einu sinni.

**Tafla 2.3.1 Notkun á lokaðri deild Stuðla (neyðarvistun)**

Ár	Komur	Fjöldi einstaklinga	Piltar	Stúlkur	Vistunardagar	Meðalfjöldi barna	Nýtingarhlutfall	Meðalvistunartími í dögum
2003	147	77	37	40	959	5,6	65,0%	6,5
2004	143	82	37	45	791	2,2	61,0%	5,5
2005	199	108	53	55	1.061	2,9	58,3%	5,3
2006	202	113	56	57	1.252	3,4	68,6%	6,3
2007	182	93	44	49	1.078	3,0	59,1%	5,9

Í *töflu 2.3.2* er birt yfirlit yfir nýtingu lokaðrar deildar Stuðla eftir mánuðum. Starfsemi lokaðrar deildar raskaðist vegna bruna sem varð 26. ágúst 2007. Það skýrir fækkun skjólstaðinga það ár.

**Tafla 2.3.2 Notkun á lokaðri deild Stuðla (neyðarvistun) eftir mánuðum**

	Vistunardagar					Meðalfjöldi barna				
	2003	2004	2005	2006	2007	2003	2004	2005	2006	2007
Janúar	89	84	122	122	137	2,9	2,7	3,9	3,9	4,4
Febrúar	59	47	110	105	113	2,1	3,4	3,5	3,8	4,0
Mars	95	89	88	71	91	3,1	2,9	2,8	2,4	2,9
Apríl	103	78	112	72	94	3,4	2,6	3,6	2,3	3,1
Mái	115	74	117	115	120	3,7	2,4	3,8	3,7	3,9
Júní	79	67	68	90	123	2,6	2,2	2,2	3,0	4,1
Júlí	69	69	75	93	110	2,2	2,2	2,4	3,0	3,5
Ágúst	65	57	55	133	59	2,1	1,8	1,8	4,3	1,9
September	65	68	97	123	20	2,2	2,3	3,1	4,1	0,7
Október	75	41	73	134	71	2,4	1,3	2,4	4,3	2,3
Nóvember	73	57	68	100	87	2,4	1,8	2,2	3,3	2,9
Desember	72	60	76	94	53	2,3	1,9	2,5	3,0	1,7
Samtals	959	791	1.061	1.252	1.078	2,6	2,3	2,9	3,4	3,0

*Meðferðardeild*

Í *töflu 2.3.3* er yfirlit yfir notkun á meðferðardeild Stuðla á fimm ára tímabili. Komur eru fleiri en fjöldi einstaklinga. Tölur í dálkunum piltar og stúlkur merkja fjölda einstaklinga en skáletraðar tölur í svigum merkja komur (fjölda innskrifta). Þannig komu 23 stúlkur til meðferðar árið 2007 í samtals 24 skipti o.s.frv. Eins og sjá má hefur oftast verið beðið um endurinnlögn fyrir stúlkur á umræddu tímabili. Möguleikar á endurinnlögn voru rýmkaðir í kjölfar breytinga á miðju ári 2002 þegar vistunartími var stytur til að vinna niður biðlista. Athygli vekur hins vegar að barnaverndarnefndir hafa nýtt möguleikann á endurinnlögn mjög takmarkað.

**Tafla 2.3.3 Notkun á meðferðardeild Stuðla**

Ár	Komur	Fjöldi einstaklinga	Piltar	Stúlkur	Vistunardagar	Meðalfjöldi barna	Nýtingarhlutfall	Meðalaldur í árum	Meðalvistunartími í vikum
2003	53	52	27	25 (26)	2.237	6,1	76,3%	15,2	6,0
2004	49	48	22	26 (27)	2.287	6,2	77,5%	15,9	6,7
2005	50	49	31	18 (19)	2.347	6,4	80,0%	14,8	6,7
2006	51	50	25	25 (26)	2.274	6,2	77,5%	14,9	6,2
2007	46	44	21 (22)	23 (24)	2.161	6,1	74,0%	15,0	6,7

Í *töflu 2.3.4* er yfirlit yfir fjölda vistunardaga og meðalfjölda barna skipt eftir mánuðum á fimm ára tímabili. Fækkun í júní, júlí og ágúst stafar vegna samdráttar á starfsemi sökum sumarleyfa. Á síðari hluta ársins 2007 var mannekla þess valdandi að full afköst náðust ekki í starfseminni.

**Tafla 2.3.4 Notkun á meðferðardeild Stuðla eftir mánuðum**

	Vistunardagar					Meðalfjöldi barna				
	2003	2004	2005	2006	2007	2003	2004	2005	2006	2007
Janúar	203	240	193	192	219	6,5	7,7	6,2	6,2	7,1
Febrúar	215	211	166	224	223	7,7	7,3	5,9	8,0	8,0
Mars	240	219	242	225	183	7,7	7,1	7,8	7,3	6,5
Apríl	237	240	238	223	199	7,9	8,0	7,9	7,4	6,6
Mái	207	243	234	179	228	6,7	7,8	7,5	5,8	7,4
Júní	122	172	150	145	135	4,1	5,7	5,0	4,8	4,4
Júlí	126	120	121	126	123	4,1	3,9	3,9	4,1	4,0
Ágúst	161	174	126	130	109	5,2	5,6	4,1	4,2	3,5
September	134	163	215	152	142	4,5	5,4	7,2	5,1	4,6
Október	167	175	230	214	172	5,4	5,6	7,4	6,9	5,5
Nóvember	186	176	202	235	195	6,2	5,9	6,7	7,8	6,3
Desember	239	154	230	229	233	7,7	5,0	7,4	7,4	7,5
Samtals	2.237	2.287	2.347	2.274	2.161	6,1	6,2	6,4	6,2	5,9

Í *töflu 2.3.5* er yfirlit yfir fjölda og aldursskiptingu barna á meðferðardeild á fimm ára tímabili. Þar kemur fram að flest börn sem vistast á Stuðlum eru 14, 15 og 16 ára.

**Tafla 2.3.5 Fjöldi barna á meðferðardeild Stuðla, skipt eftir aldri**

	2003		2004		2005		2006		2007	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
12 ára	0	0,0	0	0,0	1	2,0	0	0	2	4,3
13 ára	10	18,9	7	14,3	8	16,0	5	9,8	7	15,2
14 ára	17	32,1	18	36,7	19	38,0	23	45,1	11	23,9
15 ára	16	30,2	13	26,5	18	36,0	15	29,4	14	30,4
16 ára	6	11,3	11	22,4	3	6,0	8	15,7	11	23,9
17 ára	4	7,5	0	0,0	1	2,0	0	0	1	2,2
Samtals	53	100,0	49	100,0	50	100,0	51	100,0	46	100,0

*Helsti vandi barna á meðferðardeild:*

*K-SADS greiningarviðtal*

Börn sem koma á Stuðla eiga við margvísleg vandamál að stríða svo sem erfíðleika í námi, samskiptum og aðlögun, vímuefnavanda o.s.frv., gjarnan á fleiru en einu sviði. Greiningarniðurstöður eru ásamt öðrum upplýsingum notaðar til að greina alvarleika vandans með það að markmiði að gera sér grein fyrir hvaða aðstoð komi barni og fjölskyldu best.

Í *töflu 2.3.6* koma fram upplýsingar um helsta vanda barna á meðferðardeild skv. K-SADS greiningarviðtali, sem er hálfstaðlað og ítarlegt viðtalsform sem vísar í DSM-IV greiningarkerfið. Rétt er veita því athygli að ekki kemur fram fjöldi þeirra barna sem uppfylla engin eða önnur greiningarskilmerki skv. K-SADS. Hvert barn getur uppfyllt greiningarskilmerki í fleiri en einum flokki. Flestir skjólstæðingar Stuðla stríða við hegðunarröskun á unglings-árum enda er þar um að ræða einkenni sem (auk vímuefnavanda) ráða mestu um að sótt er um meðferð, svo sem útigang, ítrekuð skróp í skóla, beitingu ofbeldis, þjófnaði, innbrot eða önnur afbrot. Hegðunarröskun frá barnsaldri þýðir að a.m.k. eitt einkenni hegðunarröskunar hafi verið komið fram fyrir 10 ára aldur. Ekki er í þessari töflu gerð grein fyrir alvarleika hegðunarröskunar, þ.e. hvort einkennin eru mild, í meðallagi eða alvarleg. Það er hins vegar gert í greiningarniðurstöðum hvers barns og ræður miklu um mat á horfum og frekari þjónustuþörf. Algengara er að stúlkur stríði við þunglyndi/óyndi en piltar; oftast er um að ræða óyndi, þ.e. vægt þunglyndi í eitt ár eða lengur og eru einkennin aðgreind frá einkennum vímuefnaneyslu. Þetta þýðir að þau börn sem uppfylla skilmerki um þunglyndi/óyndi og einnig hafa verið í

vímuefnaneyslu, stríddu við þunglyndi/óyndi áður en neyslan hófst (og oftast einnig meðan á henni stóð). Sjaldgæfar er að börn á Stuðlum uppfylli skilmerki kvíðaraskana enda þótt mörg þeirra kunni að stríða við slíka líðan í einhverjum mæli.

**Tafla 2.3.6 Helstu niðurstöður greiningar samkvæmt K-SADS greiningarviðtali**

	Piltar				Stúlur				Samtals			
	2006 (N=25)		2007 (N=22)		2006 (N=26)		2007 (N=24)		2006 (N=51)		2007 (N=46)	
	Fj.	%	Fj.	%	Fj.	%	Fj.	%	Fj.	%	Fj.	%
Ofvirkni og/eða athyglisbrestur	13	52,0	9	40,9	8	30,8	12	50,0	21	41,2	21	45,7
Hegðunarröskun frá barnsaldri	9	36,0	6	27,3	4	15,4	3	12,5	13	25,5	9	19,6
Hegðunarröskun frá unglingsárum	9	36,0	7	31,8	16	61,5	10	41,7	25	49,0	17	37,0
Þunglyndi/óyndi	4	16,0	3	13,6	7	26,9	6	25,0	11	21,6	9	19,6
Kvíðaraskanir	4	16,0	3	13,6	1	3,8	3	12,5	5	9,8	6	13,0

Ekki kemur fram fjöldi þeirra barna sem uppfylla önnur eða engin greiningarskilmerki.

Hvert barn getur uppfyllt greiningarskilmerki í fleiri en einum flokki.

### *Aðrar niðurstöður; skólaerfiðleikar og þolendur ofbeldis*

Í *töflu 2.3.7* koma fram ýmsar aðrar niðurstöður greiningar sem fengnar eru úr aðsendum upplýsingum eða upplýsingum sem komu fram á Stuðlum. Flokkurinn skólaerfiðleikar tekur bæði til ýmis konar samskiptavanda og almennra og sértækra námserfiðleika. Almennir og sértækir námserfiðleikar eru síðan taldir sérstaklega upp. Hætt er við að sértækir námserfiðleikar séu vanmetnir, m.a. vegna þess að misjafnt er hversu góðar upplýsingar fást frá heimaskólum barna á þeim stutta tíma sem börnin dvelja á Stuðlum.

Gera verður ráð fyrir að tölur um kynferðislega misnotkun, líkamlegt og/eða andlegt ofbeldi og einelti séu lægri en fjöldi raunverulegra þolenda vegna þeirrar tilhneigingar barna að greina ekki frá slíkri reynslu. Þetta á ekki síst við um tölur um kynferðislegt ofbeldi í garð pilta en einnig tölur um líkamlegt og/eða andlegt ofbeldi.

**Tafla 2.3.7 Aðrar niðurstöður 2006-2007**

	Piltar				Stúlkur				Samtals			
	2006		2007		2006		2007		2006		2007	
	(N=25)		(N=22)		(N=26)		(N=24)		(N=51)		(N=46)	
	Fj.	%	Fj.	%	Fj.	%	Fj.	%	Fj.	%	Fj.	%
Skólaerfiðleikar	23	92,0	17	77,3	21	80,8	19	79,2	44	86,3	36	78,3
- almennir eða sértækir námserfiðleikar	11	44,0	10	45,5	6	23,1	12	50,0	17	33,3	22	47,8
bolandi kynferðislegrar misnotkunar	1	4,0	1	4,5	5	19,2	6	25,0	6	11,8	7	15,2
bolandi líkamlegs/andlegs ofbeldis	6	24,0	5	22,7	4	15,4	4	16,7	10	19,6	9	19,6
bolandi eineltis	6	24,0	6	27,3	2	7,7	6	25,0	8	15,7	12	26,1

Ekki kemur fram fjöldi þeirra barna sem falla ekki í einhvern ofantalinna flokka. Hvert barn getur fallið í einn eða fleiri flokka

### Vímuefnanotkun

Upplýsingarnar um vímuefnaneyslu unglunga á meðferðardeild Stuðla byggja á skriflegu verkefni sem unglingar vinna í meðferðinni. Þar er m.a. spurt hversu oft tiltekið efni var notað (aldrei, 1-2 skipti, 3-10 skipti, 11-20 skipti, oftar en 20 skipti), hvenær fyrst prófað, hve lengi notað að staðaldri, hve oft í síðasta mánuði, á hvaða tímabilum mest og hversu títt (einu sinni í mánuði, 2-3 í mánuði, vikulega, oftar en vikulega, daglega). Vímuefnakönnunin hefur fyrst og fremst verið notuð sem meðferðartæki þar sem ráðgjafar fara yfir svör skjólstæðinga en sérstök úrvinnsla tölulegra upplýsinga var fyrst gerð á Barnaverndarstofu árið 2006. Barnaverndarstofa telur mikilvægt að vinna frekar með þessar upplýsingar og reyna að varpa ljósi á áhrifa- og áhættuþætti hjá þeim hópi unglunga sem reynast í mikilli neyslu fíkniefna. Á árinu 2007 var vímuefnakönnun Stuðla endurskoðuð í samvinnu við Lýðheilsustöð. Þannig gefst kostur á að bera saman vímuefnaneyslu unglunga sem vistast á Stuðlum við neyslu allra unglunga á landinu. Auk þess er stefnt að því að bera saman niðurstöður gagna úr vímuefnakönnuninni og niðurstöður greininga barna á meðferðardeild Stuðla miðað við greiningarviðmið DSM-kerfisins. Gerð verður nánari útfærsla á verkefninu á árinu 2008.

Í *töflu 2.3.8* koma fram upplýsingar um vímuefni sem notuð hafa verið oftar en tvisvar á fjögurra ára tímabili 2003-2006. Þegar hlutfallstölur er bornar saman milli tímabila skal hafa í huga að um fáa einstaklinga er að ræða og þess vegna þarf fáa einstaklinga til að skarpar breytingar verði á hlutfallstölum. Í ljós kemur að umtalsvert fleiri stúlkur en piltar hafa notað áfengi, kannabis, amfetamín, kókaín og ýmis lyf oftar en tvisvar. (Í flokksnum ýmis lyf eru bæði verkjalyf (sem eru misnotuð) og ýmis sterkari lyf; stúlkur misnota verkjalyf mun fremur en piltar. Ekki hefur verið unnið úr upplýsingum um vímuefnaneyslu fyrir árið 2007.

**Tafla 2.3.8 Vímuefni notuð oftár en tvisvar árin 2003-2006**

	Piltar 2003-2006		Stúlkur 2003-2006		Samtals 2003-2006	
	N = 104		N = 99		N= 203	
	Meðalaldur 15,2 ár		Meðalaldur 15,2 ár		Fjöldi	%
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Áfengi	87	83,7	94	94,9	181	89,2
Kannabis	61	58,7	69	70,0	130	64,0
Amfetamín	34	32,7	42	42,4	76	37,4
Kókaín	10	9,6	24	24,2	34	16,7
E-pillur	17	16,3	21	21,2	38	18,7
LSD	1	1,0	0	0,0	1	0,5
Rítalín	20	19,2	16	16,2	36	17,7
Sveppir	15	14,4	14	14,1	29	14,3
Sniffefni	28	26,9	30	30,3	58	28,6
Ýmis lyf	30	28,8	42	42,4	72	35,5
Sprautunotkun	1	1,0	3	3,0	4	2,0


*Helstu vísbendingar um alvarleika vímuefnaneyslu*

Auk spurninga í vímuefnakönnun um magn vímuefna er spurt hversu oft (títt) efnin voru notuð þegar neyslan var mest, þ.e. hvort þau voru notuð einu sinni í mánuði, 2-3 sinnum í mánuði, vikulega, oftár en vikulega eða daglega. Því má slá föstu að þeir sem segjast nota vímuefni oftár en vikulega eða daglega séu lengra leiddir í vímuefnaneyslu og að neyslan hafi meiri áhrif á daglegt líf, skólasókn, nám eða vinnu o.s.frv. Ætla má að þetta eigi sérstaklega við þá sem segjast hafa notað vímuefni tuttugu sinnum eða oftár um ævina. Í *töflu 2.3.9* og *mynd 2.3.1* hafa þessar upplýsingar verið dregnar saman í þrjú flokka. Eins og sjá má er mjög mismunandi eftir tegund vímuefna hversu títt þau eru notuð. Athygli vekur að 62 einstaklingar (eða um 30% allra þeirra 203 ungl- inga sem komu til meðferðar árin 2003-2006) höfðu notað kannabisefni tutt- ugu sinnum eða oftár um ævina og verið í dagneyslu þegar neyslan var mest. Þetta bendir til þess að hjá ungl- ingum sem koma til meðferðar á Stuðlum sé kannabis það efni sem flestir misnota og/eða ánetjast. Eins og sjá má eru áfengi og amfetamín næstalgengust þeirra efna sem notuð eru daglega. Sniff- efni (aðallega gas) hafa verið notuð oftár en tuttugu sinnum og daglega þegar mest var hjá sjö einstaklingum á umræddu tímabili.



**Tafla 2.3.9 Hversu oft þegar mest var (2003-2006) hjá þeim sem hafa notað vímuefni oftár en tuttugu sinnum um ævina**

	Áfengi		Kannabis		Amfetamín		Kókaín		E-pillur		Sniff	
	Fjöldi	% af N=203	Fjöldi	% af N=203	Fjöldi	% af N=203	Fjöldi	% af N=203	Fjöldi	% af N=203	Fjöldi	% af N=203
Vikulega eða sjaldnar	78	38,4	6	3,0	15	7,4	6	3,0	2	1,0	9	4,4
Oftar en vikulega	26	12,8	12	5,9	6	3,0	1	0,5	4	2,0	5	2,5
Daglega	18	8,9	62	30,5	15	7,4	0	0,0	1	0,5	7	3,4
Alls svarað	122	60,1	80	39,4	36	17,7	7	3,4	7	3,4	21	10,3



**Mynd 2.3.1 Hversu oft þegar mest var hjá þeim sem hafa notað vímuefni oftár en tuttugu sinnum um ævina (sem hlutfall af N=203)**

## 2.4 Langtímameðferðarheimili á vegum Barnaverndarstofu

Í *töflum 2.4.1 – 2.4.3* koma fram tölulegar upplýsingar um starfsemi meðferðarheimila Barnaverndarstofu á árunum 2003–2007. Á tímabilinu sem taflan sýnir hefur rýmum fækkað úr 57 í 46. Heimilin voru sjö talsins árið 2007. Á árinu 2007 voru heimilin með fjögur til þrettán rými og stöðugildi frá 4 og upp í 16,5. Börnum sem vistast á heimilin hefur fækkað talsvert á árunum 2005–2007 frá því sem áður var. Árið 2007 voru alls 104 börn á meðferðarheimilum Barnaverndarstofu. Vistunardögum hefur auk þess fækkað á þessu tímabili og voru 11.938 árið 2007. Nýtingarhlutfall hefur að jafnaði verið um 90% á þessu tímabili en fór niður í 78% á árinu 2007. Við útreikninga á nýtingarhlutfalli var tekið tillit til flutninga Götusmiðjunnar frá Akurhóli að Brúarholti í Grímsnesi og því að nýir rekstraraðilar tóku við Hvítárþakka. Þetta lága nýtingarhlutfall má því einkum skýra með því að lítil aðsókn var að Hvítárþakka eftir því sem leið á árið. Að lokum er ekki er hægt að gera ráð fyrir að rými séu fullnýtt alla daga ársins. Óviðráðanlegar tafir geta orðið á innskrift barns og útskrift barns getur átt sér stað án fyrirvara.

Samkvæmt *töflu 2.3.3* er meðallengd dvalar 293 dagar árið 2007. Dvalartíminn er lengstur á meðferðarheimilinu Geldingalæk en stystur á Hvítárþakka. Alls voru 80 börn útskrifuð árið 2007 en þeim hefur fækkað umtalsvert frá árinu 2004 þegar 105 börn útskrifuðust. Rétt er að vekja á því athygli að meðallengd dvalar er reiknuð miðað við inn- og útskrift á tiltekin heimili, en sama barn getur hugsanlega vistast á fleiri en einu heimili og raunverulegur dvalartími þess í meðferð er því lengri. Reikna má með að þetta hafi verið algengara þegar líður á tímabilið 2003 – 2007 í kjölfar aukinnar sérhæfingar heimilanna. Raunverulegur meðferðartími barna getur því verið nokkru lengri en tölur um meðallengd dvalar gefa til kynna.

**Tafla 2.4.1 Fjöldi rýma, fjöldi vistaðra barna og stöðugildi á meðferðarheimilum 2003-2007**

Heimili	Fjöldi rýma					Fjöldi vistaðra barna yfir árið					Fjöldi stöðugilda <sup>1</sup>				
	2003	2004	2005	2006	2007	2003	2004	2005	2006	2007	2003	2004	2005	2006	2007
Árbót/Berg <sup>2</sup>	12	12	12	12	11	24	23	20	22	20	16,0	15,0	15,0	15,0	16,5
Geldingalækur	6	6	6	6	6	12	11	11	9	7	4,0	4,0	4,0	4,0	4,0
Torfastaðir <sup>3</sup>	6	6	-	-	-	9	6	-	-	-	8,0	8,0	-	-	-
Laugaland	8	8	8	7	6	13	18	12	10	13	5,0	5,0	5,0	5,0	6,0
Hvítarbakki	6	6	6	6	6	11	9	10	11	11	7,0	7,0	7,0	7,0	6,0
Háholt	6	6	4	4	4	13	11	8	9	12	10,0	10,0	10,0	10,0	13,0
Götusmiðjan Brúarholt <sup>4</sup>	13	13	13	13	13	57	58	44	45	41	17,0	17,0	17,0	17,0	16,0
Alls/meðaltal	57	57	49	48	46	139	136	105	106	104	67,0	66,0	58,0	58,0	61,5

<sup>1</sup> Fjöldi stöðugilda miðast við þjónustusamning.

<sup>2</sup> Fjöldi rýma fækkaði á Bergi úr sex í fimm þann 1. júlí 2007.

<sup>3</sup> Torfastaðir hættu starfsemi í lok september 2004.

<sup>4</sup> Ungmenn í aldrinum 18-21 árs vistast einnig á Akurhól og erfitt er að leggja mat á vinnuframlag vegna rýma í samningi við Barnaverndarstofu sérstaklega. Fjöldi stöðugilda er hér meðalfjöldi starfsmanna heimilisins samkvæmt ársreikningum. Árið 2004 fluttist starfsemi Götusmiðjunnar frá Árvöllum að Akurhóli. Árið 2007 flutti starfsemi að Brúarholti í Grímsnesi.

**Tafla 2.4.2 Vistunardagar, raunfjöldi og nýtingarhlutfall rýma 2003-2007**

Heimili	Hámarksfjöldi vistunardaga			Raunfjöldi vistunardaga			Nýtingarhlutfall %			
	2003	2004	2005	2006	2007	2003	2004	2005	2006	2007
Árbót/Berg <sup>1</sup>	4.380	4.380	4.380	4.380	4.198	3.982	3.857	4.150	4.249	4.016
Geldingalækur	2.190	2.190	2.190	2.190	2.190	2.085	1.901	2.082	1.916	1.635
Torfastaðir <sup>2</sup>	2.190	1.638	-	-	-	2.126	864	-	-	-
Laugaland <sup>3</sup>	2.920	2.920	2.920	2.555	2.190	2.797	2.378	2.228	2.145	1.969
Hvítárbaekki <sup>4</sup>	2.190	2.190	2.190	2.190	1.818	2.083	2.144	2.497	1.996	625
Háholt	2.190	2.190	1.460	1.460	1.460	2.013	1.670	1.175	1.293	1.328
Götusmiðjan <sup>5</sup>	4.745	4.745	4.745	4.745	3.510	3.041	3.255	3.638	2.971	2.365
Alls/meðaltal	20.805	20.253	17.885	17.520	15.366	18.127	16.069	15.770	14.570	11.938

<sup>1</sup> Þann 1. júlí 2007 var rýmum fækkað á Bergi úr sex í fimm og því er hámarksfjöldi vistunardaga miðaður við það.

<sup>2</sup> Torfastaðir hættu starfsemi í lok september 2004. Þar sem fyrir lá að Torfastaðir væru að hætta á árinu var ekki vistað í stað þeirra sem útskrifuðust. Það skýrir lágt nýtingarhlutfall árið 2004.

<sup>3</sup> Athugið að lágt nýtingarhlutfall á Laugalandi árið 2004 og 2005 stafar af því að færri börn voru vistuð þar hluta ársins og er nýtingarhlutfall því í raun hærra en taflan gefur til kynna.

<sup>4</sup> Árinu 2007 var ákveðið að fækka rýmum og voru þau alls 6 í lok árs.

<sup>5</sup> Árið 2007 tóku nýir rekstaráðilar við Hvítárbaekka og vegna þess er hámarksfjöldi vistunardaga miðaður við 10 mánuði ársins.

<sup>6</sup> Árið 2004 fluttist starfsemi Götusmiðjunnar frá Arvöllum að Akurhóli. Árið 2007 fluttist starfsemi að Brúarhóli í Grimsnesi sem varð til þess að engin ný börn voru tekin inn í meðferð yfir sumartímann og er því hámarksfjöldi vistunardaga miðaður við 9 mánuði ársins. Þar eru rými einnig nýtt af ungmennum 18-21 ára en hér er einungis tekin fram fjöldi vistunardaga barna yngri en 18 ára. Eins má nefna að í Götusmiðjunni er að auki eitt pláss til endurvistunar.

**Tafla 2.4.3 Fjöldi útskrifta í langtímameðferð, meðalaldur barna við lok dvalar og dvalartími 2003-2007**

Heimili	Fjöldi útskrifaðra			Meðallengd dvalar í dögum			Meðalaldur við lok dvalar			Lengsta dvöl í dögum			Stysta dvöl í dögum													
	03	04	05	06	07	03	04	05	06	07	03	04	05	06	07											
Árbót/Berg	13	14	8	12	10	459	355	393	395	381	15,8	15,9	16,0	15,7	15,9	694	631	732	616	689	31	162	182	98	178	
Geldingaleður	6	6	6	4	3	671	345	430	357	458	14,4	13,4	12,8	12,3	10,3	962	438	707	559	666	365	168	269	89	91	
Torfastaðir <sup>1</sup>	3	6	-	-	-	503	505	-	-	-	15,4	15,6	-	-	-	628	813	-	-	-	272	263	-	-	-	
Laugaland	5	13	8	4	8	375	333	246	404	320	16,7	15,8	15,9	16,4	15,9	622	708	446	520	541	98	127	155	326	7	
Hvítarbakki	6	3	3	7	10	324	570	539	458	142	16,3	17,0	16,7	16,6	16,1	620	825	740	861	480	117	140	345	21	3	
Háholt	9	10	7	5	9	228	189	165	179	164	16,1	16,4	16,0	16,6	16,6	342	310	299	180	91	64	52	72	176	9	
Götusmiðjan <sup>2</sup>	47	53	37	38	40	(53)	(57)	(88)	(77)	(56)	16,7	17,1	17,6	16,9	17,0	181	193	197	261	147	-	-	-	-	1	
Alls/meðaltal	89	105	69	70	80	427	383	355	359	293	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-

<sup>1</sup> Torfastaðir hættu starfsemi í lok september 2004.

<sup>2</sup>Árið 2004 fluttist starfsemi Götusmiðjunnar frá Árvöllum að Akurhóli og árið 2007 að Brúarhóli í Grímsnesi. Dvalartími í meðferð hjá Götusmiðjunni er ekki sambærilegur við önnur heimili og er hann birtur til upplýsingar en er ekki reiknaður inn í meðallengd dvalar á meðferðarheimilum.

### 3 Barnahús

Barnahús hóf starfsemi 1. nóvember 1998. Frá upphafi var ákveðið að um 2ja ára tilraunaverkefni væri að ræða. Gert var ráð fyrir að í lok tilraunatímabilsins yrði tekin ákvörðun um framtíð hússins í ljósi þeirrar reynslu sem þá hefði fengist af starfsemi þess. Tilraunaverkefnið var framlengt um eitt ár og að því loknu, árið 2001, var ákveðið að starfsemi þess yrði fest í sessi.

Þann 1. nóvember 2007 voru því níu ár liðin frá því að Barnahús tók til starfa. Barnahús hefur öðlast ýmsar viðurkenningar á þessu tímabili, m.a. frá Evrópusamtökum Save the Children og fyrstu viðurkenningu Barnaheilla sem veitt var vegna sérstaks framlags í þágu réttinda barna á árinu 2002. Á árinu 2006 veittu ISPCAN (*International Society for the Prevention of Child Abuse and Neglect*) Barnhúsi svonefnd Multidisciplinary Team Award. Verðlaunin voru afhent á heimsráðstefnu samtakanna í York á Englandi í september 2006. Þessi verðlaun voru veitt í annað sinn en verðlaunahafi er valinn úr hópi tilnefninga sem berast samtökunum. Barnahús var tilnefnt til þessara verðlauna af Dr. Patti Toth, lögfræðingi hjá Washington State Criminal Justice Commission og fyrrum samstarfsmönnum hennar hjá Harbourview Medical Center í Seattle en þeir hafa fylgst með stofnun og starfsemi Barnahúss frá upphafi. Í tilnefningunni kom fram það álit að Barnahúsið hafi valdið þáttaskilum á meðferð kynferðisbrotamála á Íslandi, einkum með tilliti til þarfa og réttinda barna. Þá hafi framlag Íslands til að vinna að framgangi þverfaglegra vinnubragða varðandi kynferðisbrot gegn börnum í Evrópu verið einkar árangursríkt eins og opnun barnahúsa í Svíþjóð beri ótvíræðan vitnisburð um.

Ýmsir heimsóttu Barnahús á árunum 2006 og 2007, jafnt innlendir sem erlendir aðilar. Heimsóknir frá Norðurlöndunum, einkum Svíþjóð og Noregi voru sérstaklega tíðar á þessu tímabili þar sem Svíar opnuðu fimm Barnahús að íslenskri fyrirmynd á árinu 2006 og Norðmenn hófu undirbúning að opnun tveggja Barnahúsa í Noregi árið 2007. Árið 2006 fékk Barnahús meðal ann-

ars heimsókn frá Miðstöð heilsuverndar barna, Kvenna- og barnasviði LSH, embættismannanefnd Norræna Eystrasaltsráðsins, stjórnarnefnd í samstarfinu „Children at risk“, norrænum umboðsmönnum barna, fulltrúum frá félagsmála- og heilbrigðisráðuneyti Finnlands, átakshópi kirkjunnar gegn ofbeldi og umboðsmönnum barna frá Litháen. Auk þess kom fjöldi íslenskra framhaldsskóla- og háskólanema. Á árinu 2007 voru meðal þeirra sem heimsóttu Barnahús; hópur frá miðstöð gegn sifjaspelli í Noregi, nefnd um opnun Barnahúss í Noregi, hópur frá norskri Barnaverndarstofu, ráðuneytisstjóri norska heilbrigðisráðuneytisins, dómsmálaráðherra Noregs, hópur sænskra félagsráðgjafa, hópur frá finnskri barna- og unglingsgeðdeild og kínversk sendinefnd. Í Barnahús kom einnig umboðsmaður barna á Íslandi ásamt fjölda nema.

Barnahús er staðsett í kyrrlátu og grónu íbúðahverfi borgarinnar. Það er hannað sérstaklega til að mæta þörfum barna. Mjög góð aðstaða er í húsinu bæði fyrir börnin og þá sem þeim fylgja. Í húsinu er sérútbúið viðtalsherbergi til að framkvæma rannsóknarviðtöl/skýrslutökur. Þar er barnið eitt með viðmælanda sínum. Viðtalinu er sjónvarpað beint í sérstakan fundarsal þar sem þeir sem þurfa að fylgjast með framburði barnsins eru staddir. Héraðsdómur Reykjaness hefur verið tengdur Barnahúsi með fjarfundabúnaði frá árinu 2001 og fer dómþing því fram í húsnaði Héraðsdóms í Hafnarfirði en barnið kemur ásamt foreldrum eða forráðamönnum í Barnahús. Dómari stjórnar skýrslutökum þaðan og getur ásamt öðrum sem eru viðstaddir komið spurningum sínum á framfæri við sérfræðinginn sem talar við börnin. Hefur þessi tækni nýst mjög vel. Þegar um könnunarviðtal er að ræða er það einungis starfsmaður barnaverndarnefndar sem fylgist með viðtalinu og ber formlega ábyrgð á framkvæmd þess. Ef viðtalið er liður í lögreglurannsókn fer það fram undir stjórn dómara að viðstöddum fulltrúa ákærvaldsins, verjanda sakborninga (sakborningi sjálfum krefjist hann þess), réttargæslumanni barnsins, starfsmanni barnaverndarnefndar og fulltrúum lögreglu. Dómarinn getur stjórnað framvindu viðtalsins og komið að spurningum með hjálp sérstaks búnaðar án þess að barnið verði þess vart. Í Barnahúsi er einnig mjög góð aðstaða til læknisskoðana.

Verkefnum Barnahúss má skipta í fræðslu og ráðgjöf við upphaf máls, leiðbeiningar við könnun máls, könnunarviðtal fyrir barnaverndarnefndir eða skýrslutöku fyrir dómi, læknisskoðun, greiningu og meðferð. Þegar barnaverndarnefnd hefur borist tilkynning skv. ákvæðum barnaverndarlaga nr. 80/2002 vegna gruns um kynferðislegt ofbeldi eða áreitni getur starfsmaður barnaverndarnefndar fengið leiðbeiningar um könnun málsins (22. gr. bvl.) í Barnahúsi. Ráðgert er hvernig vinnslu máls skuli háttáð en barnavernd-

arnefnd ber jafnframt ábyrgð á að meta þörf fyrir lögreglurannsókn og læknisskoðun. Þegar grunur leikur á að barn hafi orðið fyrir refsiverðri háttsemi og meintur gerandi hefur náð sakhæfisaldri sem er 15 ár er mælt með að barnaverndarnefnd fari fram á opinbera rannsókn lögreglu. Barnalæknir, hjúkrunarfræðingur og kvensjúkdómalæknir hafa fasta viðveru í Barnahúsi hálfan dag, hálfsmánaðarlega. Barnaverndarnefnd getur einnig óskað eftir þjónustu Barnahúss þótt ekki sé beðið um rannsóknarviðtal, t.d. ef einungis er óskað eftir að vísa barni í greiningu og meðferð eða í læknisskoðun.

Starfsmaður barnaverndarnefndar gerir frumathugun í máli, ræðir við tilkynnanda, aflar upplýsinga um barnið frá skóla/leikskóla og gagna um heilsufar þess. Starfsmaður nefndarinnar sendir niðurstöður athugunar til Barnahúss ásamt útfylltu tilvísunarblaði. Ef barnaverndarnefnd óskar ekki eftir lögreglurannsókn í málinu (á einkum við þegar gerandi hefur ekki náð sakhæfisaldri eða þegar grunsemdir um kynferðislegt ofbeldi eru mjög veikar), veita sérfræðingar Barnahúss barnaverndarnefnd aðstoð við athugun málsins með könnunarviðtali við barnið. Fyrirkomulag könnunarviðtals er hið sama og ef um skýrslutöku fyrir dómi er að ræða. Ef málið sætir lögreglurannsókn sendir lögreglan gögn til héraðsdómara að frumrannsókn lokinni. Héraðsdómari getur kvatt sér til aðstoðar kunnáttumann t.d. frá Barnahúsi og ákveður hvar skýrslutaka skuli fara fram. Ef dómari velur að láta sérfræðing Barnahúss taka skýrslu af barninu í Barnahúsi er dómþing háð þar. Aðstaða til skýrslutaka af börnum eru einnig til staðar í Héraðsdómi Norðurlands eystra og í Héraðsdómi Reykjavíkur. Dómari við Héraðsdóm Norðurlands eystra óskar í flestum tilvikum eftir aðstoð sérfræðinga Barnahúss við skýrslutökur af börnum yngri en 14 ára en annast í flestum tilvikum sjálfur skýrslutökur af börnum eldri en 14 ára. Dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur nýtir undantekningarlaust aðstöðu í dómhúsi og óskar í flestum tilvikum eftir rannsóknarlögreglumanni til að annast skýrslutökurnar. Aðrir héraðsdómstólar hafa nær eingöngu nýtt sér þjónustu Barnahúss við skýrslutökur.

Óháð því hvort viðtal er liður í könnun máls hjá barnaverndarnefnd eða skýrslutaka, er markmið þess að afla eins nákvæmra upplýsinga frá barninu og unnt er. Viðtalið er tekið eftir ákveðinni aðferð (*protocol*) sem er alþjóðlega viðurkennd og liggja að baki aðferðinni miklar rannsóknir. Sérfræðingar Barnahúss hafa fengið sérstaka þjálfun til að taka viðtöl af þessu tagi. Viðtalið er tekið upp á myndband en það getur síðan orðið mikilvægt gagn við frekari vinnslu málsins, ekki síst við meðferð fyrir dómi. Rannsóknarviðtal er tekið í fyrstu heimsókn barnsins í Barnahús og sá sérfræðingur sem annast viðtalið hefur ekki frekari aðkomu að málinu. Sérfræðingar Barnahúss hafa einnig



verið kallaðir til að aðstoða dómara við skýrslutöku í sérútbúinni aðstöðu Héraðsdóms Norðurlands eystra og í Héraðsdómi Reykjavíkur.

Læknisskoðun er framkvæmd ef einn eða fleiri eftirtalinn; barnaverndarnefnd, lögregla, forsjáraðilar barnsins eða barnið sjálf óska eftir því. Góð aðstaða er fyrir læknisskoðanir í Barnahúsi og þar er meðal annars staðsett myndbandssjá (*video coleoscope*) sem gerir það kleift að framkvæma mjög nákvæma læknisskoðun. Skoðunin er framkvæmd af Jóni R. Kristinssyni barnalækni (eða Gesti Pálssyni barnalækni í fjarveru hans) og Ebbu Margréti Magnúsdóttur kvensjúkdómalækni en þau hafa mikla reynslu af rannsóknum á börnum sem hafa sætt kynferðisofbeldi. Þeim til aðstoðar er Kristín Einarsdóttir hjúkrunarfræðingur. Læknisskoðun fer að jafnaði fram nokkrum dögum eftir rannsóknarviðtalið. Í sumum tilvikum er barni vísað í læknisskoðun án þess að rannsóknarviðtal hafi verið tekið í Barnahúsi, t.d. ef skýrsla af barni hefur verið tekin í sérútbúinni aðstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur eða Héraðsdóms Norðurlands eystra eða ef barnið er of ungt til þess að fara í viðtal, þ.e. undir 3 ½ árs.

Hafi barnaverndarnefnd óskað eftir greiningu og meðferð fyrir barnið og upplýsingar sem koma fram í rannsóknarviðtalinu gefa tilefni til að ætla að barnið hafi þörf fyrir meðferð eru forsjáraðilar barnsins upplýstir um þann þátt þjónustunnar. Áhersla er lögð á greiningu í fjórum fyrstu viðtölunum en að hámarki eru veitt 10 meðferðarviðtöl auk greiningarviðtala. Þó eru veittar undanþágur fyrir frekari meðferð ef hennar er talin þörf. Meðferðin er veitt í heimahéraði barnsins ef þess er óskað. Foreldrum barnsins er veittur stuðningur og ráðgjöf eftir því sem við á enda er oft um að ræða atburði sem eru fjölskyldu barnsins mikið áfall.

Í *töflu 3.1.* má sjá fjölda mála í Barnahúsi frá stofnun hússins. Þar kemur fram að alls hafa 1.468 rannsóknarviðtöl verið tekin í Barnahúsi og 846 börn hafa fengið greiningar- og meðferðarviðtöl. Alls hafa verið framkvæmdar 201 læknisskoðanir í Barnahúsi.

**Tafla 3.1 Fjöldi barna sem komu í Barnahús skipt eftir þjónustubáttum**

	1998*	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	Samtals
Rannsóknarviðtöl	21	118	107	120	167	210	168	186	182	189	1.468
Greiningar- og meðferðarviðtöl**	6	56	42	62	107	127	95	137	119	95	846
Læknisskoðanir	7	26	27	23	29	27	15	7	18	22	201

\*Athugið að tölur árið 1998 eru einungis fyrir tvo mánuði þar sem Barnahús tók til starfa þann 1. nóvember 1998.

\*\* Athugið að hér eru líka börn sem komu í Barnahús án þess að koma í rannsóknarviðtal en barnaverndarnefndir geta óskað eftir þjónustu hússins þótt börnin komi ekki í rannsóknarviðtal í Barnahús.

Þegar rannsóknarviðtöl eru skoðuð sérstaklega kemur í ljós að skýrslutökum fyrir dómi hefur fækkað hlutfallslega frá árinu 2002. Árið 2002 voru skýrslutökur 36% af rannsóknarviðtölum en hlutfallið var komið niður í 22% árið 2005. Þá hefur aftur orðið hlutfallsleg aukning á skýrslutökum milli árunna 2005-2007, aukist úr 22% í 30% og er ein ástæða þess að áherslubreytingar hafa verið gerðar á vinnslu mála í Barnahúsi (sjá *töflu 3.2*).

Á árinu 2007 voru tekin 189 rannsóknarviðtöl í Barnahúsi. Alls voru 56 (29,6%) skýrslutökur undir stjórn dómara í Barnahúsi. Þetta er sama hlutfall og á árinu 2006. Könnunarviðtöl voru 133 talsins (70,3%). Skýrslutökur hafa frá upphafi verið í forgangi í vinnslu. Íhlutun Barnahúss að könnunarviðtölum hefur breyst þar sem minna hefur verið tekið inn af málum þar sem um er að ræða kynferðislegan leik á milli jafnaldra (þá sér í lagi hjá yngri börnum). Ástæða þess er fyrst og fremst sú, miðað við reynslu sérfræðinga í Barnahúsi, að í þeim málum þar sem um kynferðislegan leik á milli jafnaldra er að ræða er jafnan óþarft fyrir börnin að fá sérfræðinga í kynferðisofbeldi til að fræða þau. Í þessum málum eru foreldrarnir best til þess fallnir að fræða þau. Fækkun könnunarviðtala á sér því þá ástæðu.

**Tafla 3.2 Skýrslutökur og könnunarviðtöl árin 2002-2007**

Rannsóknarviðtöl	2002		2003		2004		2005		2006		2007	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Skýrslutökur	60	35,9	70	33,3	37	22,0	40	21,5	55	30,2	56	29,6
Könnunarviðtöl	107	64,1	140	66,7	131	78,0	146	78,5	127	69,8	133	70,3
Samtals	167	100,0	210	100,0	168	100,0	186	100,0	182	100,0	189	100,0

Þegar litið er á skiptingu mála sem vísað er í Barnahús eftir landshlutum má glögggt sjá að lítil breyting er á árunum 2006 og 2007 í heild sinni (sjá *töflu 3.3*). Helst ber þó að nefna að færri börnum var vísað í greiningu og meðferð á árinu 2007 en 2006, sérstaklega utan höfuðborgarsvæðisins.

**Tafla 3.3 Viðtöl í Barnahúsi 2006 og 2007 skipt eftir landshluta**

	Aldur	Reykjavík		Reykjanes		Landsbyggðin		Samtals	
		2006	2007	2006	2007	2006	2007	2006	2007
Rannsóknar- viðtöl	3-5 ára	10	7	18	11	10	10	38	28
	6-9 ára	20	23	18	26	27	22	65	71
	10-13 ára	4	9	19	20	11	12	34	41
	14-18 ára	8	7	22	22	15	20	45	49
	Samtals	42	46	77	79	63	64	182	189
Greiningar- og meðferðar- viðtöl	3-5 ára	1	4	8	1	3	3	12	8
	6-9 ára	7	8	9	6	15	8	31	22
	10-13 ára	5	9	11	10	6	7	22	26
	14-18 ára	19	13	18	13	17	13	54	39
	Samtals	32	34	46	30	41	31	119	95

Hér er miðað við umdæmi héraðsdómstóla. Þannig falla nágrannasveitarfélög Reykjavíkur Kópavogur, Hafnarfjörður, Garðabær og Álftanes undir Reykjanes. Með Reykjavík teljast mál frá Mosfellsbæ, Kjalarnesi og Seltjarnarnesi.

Eins og sjá má á *töflu 3.4* voru stúlkur í miklum meirihluta þeirra barna sem komu í rannsóknarviðtal í Barnahús á árinu 2006 eða um 70%. Árið 2007 komu 119 (63%) stúlkur og 70 (37%) drengir. Er þetta aukið hlutfall komu drengja í rannsóknarviðtöl í samanburði við fyrri ár. Verður áhugavert að sjá hvort þessi þróun haldi áfram því umfjöllun um að drengir geti einnig verið þolendur kynferðisofbeldis hefur aukist undanfarið. Athyglisvert er einnig að sjá að fjöldi drengja í yngsta aldursflokknum, 3-5 ára hefur minnkað en aukning orðið í aldursflokkum eldri drengja. Undanfárin ár hefur að hluta til mátt skýra þetta lága hlutfall drengja sem koma í viðtöl í Barnahús til kynferðislegra leikja með jafnaldra en talsvert er um að drengir yngri en 10 ára leiki slíka leiki. Mjög fáir piltar eldri en 10 ára komu í rannsóknarviðtal í Barnahús á árinu 2006 en þeir eru talsvert fleiri árið 2007. Stærsti stúlknaþpurinn er sem fyrr 14-18 ára, bæði í rannsóknarviðtölum sem og í greiningar- og meðferðarviðtölum.

Árið 2006 sóttu 106 stúlkur greiningar- og meðferðarviðtöl og 13 drengir (sjá *töflu 3.4*). Árið 2007 var talsvert færri börnum vísað í þessa þjónustu eða 77 stúlkum og 18 drengjum. Aftur má útskýra þessa fækkun með áherslubreytingum sem hafa átt sér stað innanhúss í Barnahúsi. Áður var mun meira um að börn kæmu í eitt fræðsluviðtal, þá ekki vegna kynferðislegs ofbeldis heldur kynferðislegra leikja. Dreigið hefur verið úr þessum fræðsluviðtölum og lögð meiri áhersla á meðferð fyrir þau börn sem hafa sætt kynferðislegu

ofbeldi. Það hefur leitt til þess að meðferðirnar eru í flestum tilvikum orðnar mun umfangsmeiri þannig að fjölgun hefur orðið á viðtölum fyrir þau börn sem njóta þessarar þjónustu.

**Tafla 3.4 Viðtöl í Barnahúsi skipt eftir aldri og kyni barna**

	Aldur	Stúlkur		Drengir		Samtals	
		2006	2007	2006	2007	2006	2007
Rannsóknarviðtöl	3-5 ára	26	17	12	11	38	28
	6-9 ára	36	34	29	37	65	71
	10-13 ára	26	26	8	15	34	41
	14-18 ára	42	42	3	7	45	49
	Samtals	130	119	52	70	182	189
Greiningar- og meðferðarviðtöl	3-5 ára	10	5	2	3	12	8
	6-9 ára	22	14	9	8	31	22
	10-13 ára	20	21	2	5	22	26
	14-18 ára	54	37	0	2	54	39
	Samtals	106	77	13	18	119	95

Á árinu 2006 fóru 18 börn í læknisskoðun í Barnahúsi, allt stúlkur. Fjórar þessara stúlkna komu einungis í læknisskoðun í Barnahúsi og fengu enga aðra þjónustu þar. Ástæða þess er lágur aldur barnanna en börn yngri en þriggja og hálfis hafa ekki forsendur til að koma í rannsóknarviðtöl eða sérhæfða greiningu og meðferð sökum æsku. Árið 2007 komu 22 börn í læknisskoðun í Barnahús, einungis stúlkur. Fimm þessara stúlkna komu einungis í læknisskoðun. Flestar stúlkanna á árinu 2007 voru á aldrinum 3-9 ára (sjá *töflu 3.5*).

**Tafla 3.5 Læknisskoðanir í Barnahúsi 2006-2007**

Aldur	Stúlkur		Drengir		Samtals	
	2006	2007	2006	2007	2006	2007
3-5 ára	8	7	0	0	8	7
6-9 ára	4	7	0	0	4	7
10-13 ára	4	2	0	0	4	2
14-18 ára	2	6	0	0	2	6
Samtals	18	22	0	0	18	22

Eins og áður segir sinnir Barnahús einnig málum þar sem barnaverndarnefnd eða héraðsdómstólar óska eftir þjónustu hússins þótt börnin hafi ekki komið í rannsóknarviðtal í Barnahúsi. Árið 2006 óskaði barnaverndarnefnd í 38 tilvikum eftir greiningu og meðferð í Barnahúsi. Sama fjölda var vísað beint í greiningu og meðferð árið 2007, eða 38 börnum. Í 5 tilfellum árið 2006 tók sérfræðingur frá Barnahúsi auk þess skýrslu fyrir héraðsdómstóla annars staðar en í Barnahúsi og í 6 tilfellum árið 2007. Í öllum þeim málum nema einu var það dómari við Héraðsdóm Norðurlands eystra sem óskaði eftir aðstoð frá sérfræðingi úr Barnahúsi við skýrslutöku. Í einu tilfelli var það dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur sem óskaði eftir þeirri þjónustu. Í fjórum tilfellum árið 2006 og fimm tilfellum árið 2007 kom barn eingöngu í lækni-isskoðun en fékk ekki aðra þjónustu í Barnahúsi.

Árið 2006 kom í ljós að flest börn sem komu í skýrslutöku fyrir dómi í Barnahúsi greindu frá kynferðisofbeldi eða 46 (83,6%) talsins. Árið 2007 kom einnig í ljós að flest börn sem komu í skýrslutöku fyrir dómi í Barnahúsi greindu frá kynferðisofbeldi eða 49 (87,5%) talsins. Árið 2006 greindu 28 (22%) börn frá kynferðisofbeldi í könnunarviðtali og 34 (26%) börn greindu frá kynferðisofbeldi í könnunarviðtali árið 2007. Nokkur hluti þeirra barna sem ekki greina frá kynferðisofbeldi í könnunarviðtölum, greina frá þátttöku í kynferðislegum leikjum meðal jafnaldra. Árið 2006 greindu 11 börn af þeim 99 börnum sem ekki greindu frá kynferðisofbeldi í könnunarviðtali frá kynferðislegum leikjum og árið 2007 voru það 29 börn af 91 sem ekki greindu frá kynferðisofbeldi sem sögðu frá þátttöku í slíkum leikjum meðal jafnaldra. Eins og áður sagði er oft erfitt að greina á milli hvort um er að ræða kynferðislegan leik meðal jafnaldra eða atvik þar sem barn eða unglingur er að áreita annað barn kynferðislega.

Ástæða þess að flest börn sem koma í skýrslutöku fyrir dómi greina frá kynferðisofbeldi en einungis lítil hluti þeirra sem koma í könnunarviðtal er, að þegar mál eru send lögreglu til rannsóknar eru oft meiri upplýsingar til staðar, barnið hefur jafnan sagt einhverjum frá og í þeim málum sem sæta lögreglurannsókn eru því meiri líkur á að barnið hafi orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi. Þegar um könnunarviðtöl er að ræða eru upplýsingar oft takmarkaðar og sjaldan liggur frásögn barns um kynferðisofbeldi fyrir, nema þá helst ef barn hefur orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi af hendi ósakhæfs geranda. Algengast er að verið sé að kanna kynferðislega hegðun barna vegna þess að börnin hafi orðið uppvis að þátttöku í kynferðislegum leikjum.

Tengsl geranda og þolanda eru flokkuð í þrjá flokka. Í flokknum „náin tengsl“ eru þeir sem tengjast barni fjölskylduböndum svo sem foreldri, stjúpfareldri, systkini eða annar fjarlægur skyldleiki. Í flokknum „kunnugir“ eru þeir sem þekkja til barns eins og fjölskylduvinur, nágrenni, vinur/kunningi og gæslu-aðili og í flokknum „ókunnugir“ eru þeir sem ekki þekkja til barns.

Þegar skoðuð eru tengsl þeirra barna sem segja frá kynferðisofbeldi við þann sem brýtur á þeim má sjá að meintir gerendur eru í langflestum tilvikum aðilar sem þekkja til barnsins. Tengsl barns við geranda á milli árána 2006 og 2007 eru álíka að hlutfalli í könnunarviðtölum (sjá *töflu 3.6*). Þar ber hæst flokk kunnugra, svo þeirra sem eru nánir barninu og að lokum ókunnugra. Í skýrslutökum árið 2007 eru flestir gerendur tengdir barninu fjölskylduböndum eða í nær helmingi tilvika. Er þetta talsvert hærra hlutfall náinna tengsla en árið 2006 en þá voru talsvert fleiri gerendur, eða rúmur helmingur, kunnugir barninu en ekki tengdir því fjölskylduböndum. Einnig eru ókunnugir gerendur í skýrslutökum talsvert færri árið 2007 en árið 2006.

**Tafla 3.6 Tengsl geranda og þolanda í þeim málum sem greint er frá kynferðisofbeldi\***

Tengsl	Könnun				Skýrslutaka				Samtals			
	2006		2007		2006		2007		2006		2007	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Náin tengsl	14	35,8	18	42,9	11	22,0	25	47,2	25	28,1	43	45,3
Kunnugir	21	53,8	16	38,1	26	52,0	23	43,4	47	52,8	39	41,1
Ókunnugir	4	10,5	7	16,7	12	24,0	4	7,5	16	18,0	11	11,6
Ekki vitað	0	0,0	1	2,4	1	2,0	1	1,9	1	1,1	2	2,1
Samtals	39	100,0	42	100,0	50	100,0	53	100,0	89	100,0	95	100,0

\* Athugið að varðandi tengsl geranda og þolanda segja sum börn frá fleiri en einum geranda í sama viðtalinu. Þess vegna stemmir ekki alltaf fjöldi tengsla og barna sem greina frá kynferðislegu ofbeldi.

## 4 Barnaverndarnefndir

Með tilkomu sískráningar sem Barnaverndarstofa tók upp í ársbyrjun 2005 er nú unnt að birta fjölda tilkynninga fyrir árið 2007 (sjá í *töflu 4.2.1* í kafla 4.2.). Aðrar upplýsingar frá barnaverndarnefndum eru vegna ársins 2006 þegar heildartölum frá nefndunum var safnað saman. Treglega hefur gengið að fá talnagögn frá nefndum og því eru tölur oft gamlar þegar þær eru gefnar út. Sískráningin gefur kost á því að svara ýmsum fyrirspurnum innlendum og erlendum um fjölda tilkynninga, hvers eðlis þær eru og hvort algengt sé að grípa þurfi til neyðarráðstafana í kjölfar tilkynninga. Þá má einnig gera ráð fyrir að þessar upplýsingar geti verið gagnlegar fyrir nefndirnar sjálfar, t.d. hvað varðar áætlanir um störf þeirra.

Barnaverndarnefndir sveitarfélaga bera ábyrgð á framkvæmd barnaverndarstarfs í eigin umdæmi og lúta eftirliti Barnaverndarstofu. Lög heimila sveitarstjórn í hverju sveitarfélagi að haga skipan barnaverndarmála með ýmsum hætti. Fyrir utan að skipa sérstaka barnaverndarnefnd er unnt að fela félagsmálanefnd framkvæmd barnaverndarlaga. Einnig er unnt að skipa sameiginlega barnaverndarnefnd með öðrum sveitarfélögum eða á héraðsgrundvelli. Árið 2006 sinntu 18 félagsmálanefndir verkefnum barnaverndarnefnda en alls voru nefndirnar 32.

Í upphafi árs 2006 voru barnaverndarnefndir landsins 34 en í júlí sameinuðust barnaverndarnefndir Suðurfjarða og Saurbæjarhrepps öðrum nefndum og voru þær því 32 í árslok. Nefndum hefur fækkað umtalsvert síðustu ár en árið 1996 voru þær 82. Samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga skal sam­anlagður íbúafjöldi sveitarfélaga að baki hverrar barnaverndarnefndar ekki vera undir 1500. Langflest minni sveitarfélög hafa sameinast öðrum um kosningu barnaverndarnefndar en félagsmálaráðuneytið fylgir því eftir að sveitarfélög uppfylli lagaskyldur sínar að þessu leyti. Ítarlegri upplýsingar um barnaverndarnefndir landsins árið 2006 koma fram í töflu í viðauka I.

Í barnaverndarlögum er lögð áhersla á að barnaverndarnefndir hafi sérhæft starfslið í þjónustu sinni. Hinn mikli fjöldi nefnda og fámenn umdæmi þeirra hafa staðið þessu fyrir þrífum í langan tíma. Í kjölfar sameiningar nefnda og stækkunar umdæma hefur þeim nefndum fjölgað talsvert á undanförunum árum sem hafa ráðið einn eða fleiri starfsmenn til að sinna barnaverndarvinnu, oftast en ekki samhliða öðrum verkefnum. Á árinu 1996 var 41% nefndanna með starfslið. Árið 2006 var þetta hlutfall komið í 97%. Eins og vænta má er þetta hlutfall breytilegt eftir stærð umdæmis (*tafla 4.1*). Rétt er að geta þess að sú nefnd sem ekki hefur ráðið starfsmann í þjónustu sína kaupir þjónustu frá nærliggjandi sveitarfélagi eða sjálfstætt starfandi sérfræðingum þegar á þarf að halda (sjá töflu í viðauka I).

Ein barnaverndarnefnd hefur færri en 100 íbúa að baki sér og hafði hún ekki fast starfslið í þjónustu sinni. Fyrir utan eina nefnd hafa aðeins sveitarfélög með fleiri en 5.000 íbúa sem svarar tveimur eða fleiri stöðugildum í barnaverndarmálum (*tafla 4.1*). Leggja ber áherslu á að erfitt er að meta vinnuframlag til barnaverndar sérstaklega, þar sem umrætt starfslið sinnir að jafnaði öðrum verkefnum á sviði félagsþjónustu sveitarfélaga, ef Reykjavík er undanskilin.

**Tafla 4.1 Fjöldi barnaverndarnefnda og starfsmanna eftir íbúafjölda í umdæmum\***

Íbúafjöldi	2003		2004		2005		2006			Meðalfj. stöðug. á nefnd
	Starfsm.	Stöðug.	Starfsm.	Stöðug.	Starfsm.	Stöðug.	Fj. nefnda	Starfsm.	Stöðug.	
Heildarfjöldi	105	77,2	102	73,3	103	78,2	32	103	79,6	2,5
0-999 íbúar	0	0,0	0	0,0	0	0,0	1	0	0,0	0,0
1000-1999 íbúar	12	5,8	6	3,2	10	5,3	5	9	3,7	0,7
2000-2999 íbúar	5	4,0	8	5,0	5	3,6	5	6	3,2	0,6
3000-3999 íbúar	4	3,0	3	1,3	4	2,4	1	2	2,0	2,0
4000-4999 íbúar	20	9,5	17	14,2	21	9,5	6	13	9,3	1,6
5000> íbúar	64	54,9	68	49,6	63	57,4	14	73	61,4	4,4

\*Tölur yfir fjölda starfsmanna og stöðugilda eru ónákvæmar. Ástæðan er sú að erfitt er fyrir barnaverndarnefndir að áætla með öryggi það vinnumagn sem ráðstafað er til barnaverndar þar sem starfslið sinnir venjulega fleiri verkefnum en barnavernd. Hafa ber í huga að upplýsingar um stöðugildi byggjast stundum á áætlun félagsmálastjóra eða yfirmanna á hverjum tíma og byggjast því á huglægum forsendum frá ári til árs.



## 4.1 Yfirlit yfir barnaverndarmál árin 2002-2006

Í *töflu 4.1.1* kemur yfirlit yfir tilkynningar og kannanir árin 2002-2006. Þar kemur fram að fjöldi tilkynninga hefur aukist úr 4.665 tilkynningum í 6.893 tilkynningar. Tilkynningum hefur því fjölgað um 48% (sjá nánar í kafla 4.2). Fjöldi barna sem tilkynnt var um var 2.882 árið 2002 en 4.693 árið 2006. Aukningin er 63%. Fjöldi barna þar sem ákveðið var að hefja könnun hefur auk þess aukist úr 1.584 börnum árið 2002 í 2.122 börn árið 2006, þó hlutfallslega hafi ákvörðunum um könnun (miðað við fjölda barna sem tilkynnt var um) fækkað á tímabilinu, eða um 10% (sjá nánar í kafla 4.3). Aðeins hluti þessara barna þarf á ráðstöfunum að halda að mati barnaverndarnefnda. Ekki liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um hversu mörg börn þurfa á ráðstöfunum og úrræðum að halda vegna þess að upplýsingar vantar frá barnaverndarnefnd Reykjavíkur.

**Tafla 4.1.1 Yfirlit yfir tilkynningar og kannanir árin 2002-2006**

	2002		2003		2004		2005		2006	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Fjöldi tilkynninga	4.665	-	5.012	-	5.555	-	5.952	-	6.893	-
Fjöldi barna sem tilkynnt er um	2.882	100,0	3.538	100,0	4.021	100,0	4.364	100,0	4.693	100,0
Fjöldi barna þar sem ákveðið var að hefja könnun	1.584	55,0	1.859	52,5	2.280	56,7	2.187	50,1	2.122	45,2

Athugið að lækkan barnaverndarmála árin 2005 og 2006 miðað við árin á undan er líklega tilkomin vegna nákvæmari skráningar nefnda á því hvað telst vera barnaverndarmál (sjá *töflu 4.1.2*). Mismunandi skráningarhefðir nefnda geta því skýrt mun á tíðni barnaverndarmála þessi ár. Áður fyrr þótti nefndum ekki ljóst hvort skrá ætti á ársskýrslueyðublað Barnaverndarstofu öll börn sem tilkynnt var um eða bara þau mál sem verða að raunverulegum barnaverndarmálum þegar taka átti saman heildarfjölda barnaverndarmála. Síðan árið 2005 hefur Barnaverndarstofa reynt að samræma skráningu allra nefnda. Gefið hefur verið út nákvæmt leiðbeiningareyðublað og hefur það verið endurskoðað reglulega hvert ár. Að auki er þess nú gætt að fullkomið samræmi sé í þeim ársskýrslueyðublaðum sem barnaverndarnefndir skila af sér til Barnaverndarstofu. Þetta er líklega skýringin á fækkun barnaverndarmála árin 2005 og 2006.

**Tafla 4.1.2 Yfirlit yfir barnaverndarmál árin 2002-2006**

Heildarfjöldi barnaverndarmála	2002		2003		2004		2005		2006	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Fjöldi nýrra barnaverndarmála á árinu	1.584	43,9	1.859	46,3	2.426	49,2	1.846	50,7	1.888	51,6
Fjöldi eldri barnaverndarmála	2.025	56,1	2.152	53,7	2.503	50,8	1.797	49,3	1.768	48,4
Samtals barnaverndarmál	3.609	100,0	4.011	100,0	4.929	100,0	3.643	100,0	3.656	100,0

Í *töflu 4.1.3* kemur fram að árið 2006 var heildarfjöldi barnaverndarmála alls 3.656 mál. Þetta jafngildir því að barnaverndarnefndir hafi haft afskipti af um 46 börnum af hverjum þúsund. Meðalfjöldi barnaverndarmála á hver þúsund börn er hæstur hjá sveitarfélögum með fleiri en 5.000 íbúa (52, meðaltal var 46 eins og áður segir) en lægstur hjá sveitarfélögum með færri en 1000 íbúa, en þar er ekkert mál var skráð á árinu. Mismunandi skráningarhefðir nefnda geta skýrt mun á tíðni barnaverndarmála að einhverju leyti eins og áður hefur komið fram. Barnaverndarstofa telur brýnt að samræma skráningu mála hjá barnaverndarnefndum og hefur lagt sig fram um að leiðbeina nefndum að þessu leyti.

**Tafla 4.1.3 Fjöldi barnaverndarmála\* árið 2006 eftir stærð umdæma barnaverndarnefnda**

Íbúafjöldi umdæmis	Fjöldi nefnda	Heildarfjöldi mála	Meðalfjöldi á nefnd	Meðalfjöldi/þús. börn
Innan við 1000 íbúar .....	1	0	0,0	0
1000 – 1999 íbúar .....	5	65	13,0	30,3
2000 – 2999 íbúar .....	5	118	23,6	33,2
3000 – 3999 íbúar .....	1	20	20,0	18,0
4000 – 4999 íbúar .....	6	281	46,8	41,1
5000> íbúar .....	14	3.172	226,6	52,1
Heildarfjöldi	32	3.656	114,3	46,2

\*Hér er átt við fjölda barna. Eitt barn = eitt mál.

*Tafla 4.1.4* lýsir aldurs- og kynjaskiptingu barna sem afskipti voru höfð af árið 2002-2006. Athugið að árin 2002-2004 eru hlutfallstölur einungis sýndar þar sem að talning nefnda var ólík því sem gerðist árin 2005 og 2006 (aldurs- og kynjaskipting miðaðist við öll börn sem tilkynnt var um árin 2002-2004 en árin 2005 og 2006 miðaðist flokkunin við fjölda barnaverndarmálamála). Árið 2006 voru piltar fleiri en stúlkur líkt og á árunum á undan. Elsti aldurs hópurinn (15-18 ára) var fjölmennastur eða tæplega 33% allra barna.

**Tafla 4.1.4 Aldur og kyn barna árin 2002-2006**

	2002	2003	2004	2005		2006	
	Hlutfall	Hlutfall	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Piltar 0-5 ára	8,0	8,5	8,5	370	10,2	363	9,9
Piltar 6-10 ára	10,6	12,1	11,9	469	12,9	462	12,6
Piltar 11-14 ára	18,3	14,2	15,6	528	14,5	491	13,4
Piltar 15-18 ára	14,9	20,9	19,2	579	15,9	646	17,7
Piltar alls	51,8	55,7	55,2	1.946	53,4	1.962	53,7
Stúlkur 0-5 ára	6,4	8,8	7,7	333	9,1	321	8,8
Stúlkur 6-10 ára	7,9	9,4	9,6	412	11,3	388	10,6
Stúlkur 11-14 ára	10,5	10,9	12,1	419	11,5	436	11,9
Stúlkur 15-18 ára	10,4	13,9	13,9	515	14,1	549	15,0
Stúlkur alls	35,2	43,0	43,2	1.679	46,1	1.694	46,3
Upplýsingar vantar	13,0	1,3	1,6	18	0,5	0	0,0
Samtals	100,0	100,0	100,0	3.643	100,0	3.656	100,0

Upplýsingar um heimilisaðstæður umræddra barna koma fram í *töflu 4.1.5*. Athugið að árin 2002-2004 eru hlutfallstölur einungis sýndar þar sem að talning nefnda var ólík því sem gerðist árin 2005 og 2006, líkt og í *töflu 4.1.4* (flokkunin árin 2002-2004 miðaðist við öll börn sem tilkynnt var um en árin 2005-2006 miðaðist flokkunin við fjölda barnaverndarmálamála). Eins og sjá má árið 2006 búa tæplega 40% barnanna hjá báðum foreldrum. Þetta hlutfall er svipað því sem var árin á undan.

**Tafla 4.1.5 Heimilisaðstæður barna árin 2002 – 2006**

	2002	2003	2004	2005		2006	
	Hlutfall	Hlutfall	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Hjá báðum foreldrum	37,6	41,3	39,1	1.357	37,2	1.365	37,3
Hjá móður	28,9	37,1	36,7	1.533	42,1	1.529	41,8
Hjá föður	3,7	6,0	4,4	207	5,7	226	6,2
Til skiptis hjá móður og föður	0,1	0,0	0,1	7	0,2	4	0,1
Hjá móður og stjúpförelldri	4,1	5,3	5,2	276	7,6	276	7,5
Hjá föður og stjúpförelldri	0,7	0,6	0,8	52	1,4	47	1,3
Hjá fósturförelldrum	3,6	3,7	3,1	181	5,0	164	4,5
Hjá kjörförelldrum	0,2	0,1	0,1	2	0,1	0	0,0
Hjá ættingjum	0,6	0,3	0,4	16	0,4	15	0,4
Á stofnun	0,1	0,1	0,1	1	0,0	2	0,1
Annars staðar	2,7	0,4	0,3	4	0,1	11	0,3
Fjöldi barna sem vantar upplýsingar um	17,6	5,2	9,8	7	0,2	17	0,5
Samtals fjöldi barna	100,0	100,0	100,0	3.643	100,0	3.656	100,0

## 4.2 Tilkynningar til barnaverndarnefnda

Í barnaverndarlögum er kveðið á um skyldur manna að tilkynna barnaverndarnefnd ef þeir verða þess vísir að barni sé misboðið, uppeldi þess vanrækt eða aðbúnaði þess sé svo áfátt að barninu geti stafað hættu af. Sérstakar skyldur hafa þeir sem stöðu sinnar vegna eru líklegir til að þekkja til aðstæðna barna að gera barnaverndarnefnd viðvart. Hér getur verið um að ræða kennara, presta, lækna, hjúkrunarfræðinga, félagsráðgjafa og fleiri. Lögregla skal tilkynna til barnaverndarnefndar um tilvik þegar grunur leikur á að refsiverður verknaður hafi verið framinn, annað hvort af barni eða gegn því. Ef barnaverndarnefnd fær tilkynningu eða vitneskju með öðrum hætti um að þunguð kona stofni heilsu eða lífi ófædds barns í hættu með óviðunandi eða háskalegu líferni sínu, getur barnaverndarnefnd ákveðið að hefja könnun á málinu.

Eins og kom fram hér að framan getur Barnaverndarstofa nú birt upplýsingar um fjölda tilkynninga fyrir árið 2007 vegna tilkomu sískráningarinnar. Fjölda tilkynninga má sjá í *töflu 4.2.1*. Eins og sjá má hefur skráðum tilkynningum til barnaverndarnefnda fjölgað frá því á árunum á undan, eða frá um 5.000 tilkynningum upp í tæplega 8.500. Aukningin er um 68%. Árið 2007 var tæplega helmingur tilkynninga vegna barna sem búsett eru í Reykjavík

**Tafla 4.2.1 Fjöldi tilkynninga árin 2003 - 2007**

Skipting eftir landssvæði	2003		2004		2005		2006		2007*	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík	2.481	49,5	3.031	54,6	2.682	45,1	3.411	49,5	3.762	44,7
Nágrenni Reykjavíkur	1.188	23,7	1.206	21,7	1.660	27,9	1.595	23,1	2.115	25,1
Landsbyggð	1.343	26,8	1.318	23,7	1.610	27,0	1.887	27,4	2.533	30,1
Samtals	5.012	100,0	5.555	100,0	5.952	100,0	6.893	100,0	8.410	100,0

\*Athugið að tölur fyrir árið 2007 eru fengnar með annarri aðferð en tölur fyrir árin 2003-2006. Árið 2007 eru tölur fengnar með samlagningu úr sískráningu sem nefndirnar skiluðu mánaðarlega til Barnaverndarstofu. Hinar tölurnar eru fengnar úr samtölublöðum/ársskýrslueyðublöðum sem nefndirnar skiluðu með heildartölum fyrir hvert ár. Hugsanlega munu upplýsingarnar fyrir árið 2007 breytast lítillega þegar ársskýrslueyðublöðin berast Barnaverndarstofu.

Í *töflu 4.2.2* kemur fram að árið 2003 til 2007 bárust um þrjár af hverjum fjórum tilkynningum frá opinberum aðilum og vega tilkynningar frá lögreglu þyngst, en þær eru rúmlega helmingur allra tilkynninga. Aukningu í fjölda tilkynninga má einkum skýra með fjölgun lögregluskýrslna en þeim hefur fjölgað úr 2.461 í 4.942. Árin 2006 og 2007 voru skólayfirvöld þeir aðilar sem oftast tilkynntu til barnaverndarnefndar að lögreglu undanskilinni, í um

8% tilvika árið 2007. Þá kemur talsverður hluti tilkynninga frá foreldrum, nágrönnum og ættingjum barns. Fátítt er að barnið sjálft leiti til barnaverndarnefndar.

**Tafla 4.2.2 Tilkynningar\* til barnverndarnefnda skv. 16., 17. og 18. gr. barnaverndarlaga**

	2003		2004		2005		2006		2007	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Hver tilkynnir?										
Lögregla	2.461	49,1	3.105	55,9	3.240	54,4	3.896	56,5	4.942	58,8
Skóli, sérfræðipj.skóla, fræðslu- eða skólaskrifstofa	454	9,1	384	6,9	583	9,8	618	9,0	659	7,8
Leikskóli, gæsluforeldri	87	1,7	106	1,9	85	1,4	104	1,5	107	1,3
Læknir/heilsugæsla/sjúkrahús	259	5,2	351	6,3	388	6,5	429	6,2	542	6,4
Önnur félagsmálastofnun/barnaverndarn.	105	2,1	115	2,1	149	2,5	132	1,9	167	2,0
Þjónustumiðstöð/stm. félagsþjónustu	124	2,5	136	2,4	125	2,1	154	2,2	164	2,0
Frá opinberum aðilum, samtals	3.490	69,6	4.197	75,6	4.570	76,8	5.333	77,3	6.581	78,3
Foreldrar barns	604	12,1	468	8,4	494	8,3	497	7,2	600	7,1
Ættingjar aðrir en foreldrar	220	4,4	267	4,8	241	4,0	281	4,1	359	4,3
Barn leitaði sjálf til bvn.	30	0,6	31	0,6	38	0,6	28	0,4	29	0,3
Nágrannar	276	5,5	294	5,3	263	4,4	261	3,8	291	3,5
Aðrir ótilgreindir	392	7,8	298	5,4	346	5,8	493	7,2	550	6,5
Aðrir en opinberir aðilar samtals	1.522	30,4	1.358	24,4	1.382	23,2	1.560	22,6	1.829	21,7
Heildarfjöldi tilkynninga samtals	5.012	100,0	5.555	100,0	5.952	100,0	6.893	100,0	8.410	100,0

\*Fleiri en ein tilkynning getur verið um hvert barn.

Eins og kom fram hér að framan er Barnaverndarstofa í samstarfi við Neyðarlínuna 112 um móttöku tilkynninga til barnaverndarnefnda. Af þeim 596 tilkynningum sem bárust Neyðarlínunni 112 árið 2007 voru 458 flokkaðar sem barnaverndartilkynningar eða 5,4% af öllum tilkynningum. Sumt af því sem tilkynnt er til Neyðarlínunnar (t.d. forsjármál) flokka nefndir ekki sem barnaverndartilkynningar (sjá *töflu 4.2.3*). Flestar tilkynningar sem bárust í gegnum Neyðarlínuna voru vegna mála í Reykjavík, eða um 80% allra tilkynninga.

**Tafla 4.2.3 Tilkynningar sem bárust í gegnum Neyðarlínuna 112**

	2006	2007
Heildarfjöldi tilkynninga í gegnum 112	596	596
Flokkaðar barnaverndartilkynningar	468	458*

\*Athugið að árið 2007 voru tilkynningar sem áttu að berast Kópavogi í gegnum Neyðarlínuna ekki skráðar hjá viðkomandi nefnd.

Á grundvelli barnaverndarlaga getur sá sem tilkynnir til barnaverndarverndar óskað nafnleyndar gagnvart öðrum en nefndinni. Árið 2005 óskuðu 492 aðilar nafnleyndar en þeir voru 596 árið 2006. Tölur eru ekki komnar fyrir árið 2007 þar sem Barnaverndarstofa óskar ekki eftir þessum upplýsingum í sískráningareyðublaði sínu.

Ástæður tilkynninga má sjá í *töflu 4.2.4*. Ástæður tilkynninga skiptust þannig árið 2007 að 29,6% voru vegna vanrækslu, 18,9% vegna ofbeldis, 51,2% vegna áhættuhegðunar og 0,4% vegna þess að heilsa eða líf ófædds barns var í hættu. Árin 2004-2006 skiptust tilkynningar á mjög svipaðan hátt og hafa ekki verið stórvægilegar breytingar milli ára. Alls var talið að 112 börn hefðu verið í yfirvofandi hættu árið 2007 eða 1,6% allra barna sem tilkynnt var um.

**Tafla 4.2.4 Ástæður tilkynninga\***

Ástæður tilkynninga*	2004		2005		2006		2007	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Vanræksla	1.910	34,4	1.798	30,2	2.006	29,1	2.490	29,6
Líkamleg vanræksla	143	2,6	73	1,2	95	1,4	104	1,2
Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit	1.513	27,2	1.516	25,5	1.721	25,0	2.170	25,8
Vanræksla varðandi nám	91	1,6	73	1,2	42	0,6	55	0,7
Tilfinningaleg vanræksla	163	2,9	173	2,9	184	2,7	224	2,7
Ofbeldi	804	14,5	920	15,5	1.127	16,3	1.586	18,9
Tilfinningalegt/sálrænt ofbeldi	244	4,4	248	4,2	374	5,4	705	8,4
Líkamlegt ofbeldi	310	5,6	331	5,6	417	6,0	462	5,5
Kynferðislegt ofbeldi	250	4,5	346	5,8	340	4,9	436	5,2
Áhættuhegðun	2.826	50,9	3.224	54,2	3.725	54,0	4.304	51,2
Neysla barns á vímuefnum	566	10,2	575	9,7	790	11,5	810	9,6
Barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu	710	12,8	943	15,8	1.048	15,2	1.136	13,5
Afbrot barns	1.260	22,7	1.364	22,9	1.496	21,7	1.904	22,6
Barn beitir ofbeldi	156	2,8	209	3,5	244	3,5	364	4,3
Erfiðleikar barns í skóla, skólasókn áfátt	134	2,4	181	3,0	233	3,4	216	2,6
Heilsa eða líf ófædds barns í hættu	15	0,3	10	0,2	35	0,5	30	0,4
Heildarfjöldi tilkynninga samtals	5.555	100,0	5.952	100,0	6.893	100,0	8.410	100,0

\* Athugið að aðeins má merkja við eina aðalástæðu fyrir hverja tilkynningu. Hins vegar má merkja við fleiri undirástæður t.d. innan vanrækslu. Ef ein tilkynning berst um vanrækslu skal merkja við vanrækslu sem aðalflokk en merkja má t.d. við bæði líkamlega vanrækslu og tilfinningalega. Samanlagður fjöldi aðalflokka fjögurra stemmir því við fjölda tilkynninga en fjöldi innan hvers aðalflokks þarf ekki að stemma við heildartöluna.

### 4.3 Fjöldi barna sem tilkynnt var um og könnun máls

Fái barnaverndarnefnd rökstuddan grun um að líkamlegri eða andlegri heilsu barns eða þroska geti verið hættu búin sökum framferðis, vanrækslu eða vanhæfni foreldra eða að barn stefni heilsu sinni eða þroska í hættu með hegðun sinni, er nefndinni skylt að kanna málið án tafar. Nefndin skal hafa það að markmiði að afla sem gleggstra upplýsinga um hagi þess barns sem í hlut á og getur í því skyni leitað aðstoðar sérfræðinga. Foreldrum eða forsjármönnum barns er skylt að veita liðsinni sitt svo að könnun máls geti gengið greiðlega fyrir sig.

Af þeim 4.693 börnum sem tilkynnt var um árið 2006 var ákveðið að hefja könnun í um 45% tilvika (*tafla 4.3.1*). Hlutfallið er hæst hjá nefndum í nágrenni Reykjavíkur en lægst í Reykjavík. Hlutfallið hefur farið lækkandi, var 57% árið 2004 en var komið niður í 45% árið 2006.

**Tafla 4.3.1 Fjöldi barna sem tilkynnt var um og hlutfall barna þar sem ákveðið er að hefja könnun**

	2003			2004			2005			2006		
	Fj.barna tilkynnt	Fj.barna könnun	Hlutfall könnun	Fj.barna tilkynnt	Fj.barna könnun	Hlutfall könnun	Fj.barna tilkynnt	Fj.barna könnun	Hlutfall könnun	Fj.barna tilkynnt	Fj.barna könnun	Hlutfall könnun
Reykjavík	1.434	584	40,7	1.882	782	41,6	1.629	697	42,8	1.722	638	37,0
Nágrenni Rvk.	864	491	56,8	893	533	59,7	1.088	525	48,3	1.209	607	50,2
Landsbyggð	1.240	784	63,2	1.246	965	77,4	1.647	965	58,6	1.762	877	49,8
Samtals	3.538	1.859	52,5	4.021	2.280	56,7	4.364	2.187	50,1	4.693	2.122	45,2

Ekki var aflað upplýsinga um hvernig könnun máls var háttað á þessu tímabili nema um hve oft var leitað til barnsins sjálfs, sem var gert í 70% allra mála (rætt var við 1.478 börn árið 2006). Engar stórvægilegar breytingar hafa orðið á þessu milli ára en rætt var við barnið í 73% tilvika árið 2005 (rætt var við 1.593 börn árið 2005).

### 4.4 Úrræði barnaverndarnefnda

Samkvæmt barnaverndarlögum skal barnaverndarnefnd gera skriflega áætlun um meðferð máls ef niðurstaða könnunar hefur leitt í ljós að aðbúnaði, umönnun eða uppeldi barns er áfátt vegna vanrækslu, vanhæfni eða fram-

ferðis foreldra eða ef barn stefnir eigin heilsu eða þroska í hættu með hegðun sinni. Árið 2006 voru gerðar 1.170 áætlanir um meðferð máls, en þær voru 1.110 árið 2005. Ljóst er að enn eru veruleg vanhöld á því að barnaverndarnefndir geri slíkar áætlanir. Gera á skriflega áætlun í máli hvers barns þegar þörf er talin fyrir afskipti (undantekning ef niðurstaða könnunar liggur ekki fyrir í lok árs).

Ástæður þess að gripið var til úrræða geta verið margvíslegar og vandi hvers barns er yfirleitt margþættur. Að jafnaði er ástæða afskipta að lokinni könnun lakar uppeldisaðstæður af einhverjum toga og þá fyrst og fremst vanræksla í einhverri mynd eða ofbeldi sem barnið hefur orðið fyrir. Ástæða þess að gripið er til úrræða getur einnig verið háttsemi barnsins sjálfs svo sem vímuefnaneysla, afbrot og ofbeldi sem það hefur beitt aðra. Verkefni barnaverndarnefnda hafa breyst á síðustu árum þannig að starf þeirra beinist nú mun meira að hegðun barnanna sjálfra en áður var. Líklegasta skýringin á þessari breytingu er hækkun sjálfræðisaldurs.

Þegar könnun leiðir í ljós að aðgerða barnaverndarnefndar er þörf skal nefndin leitast við að veita aðstoð í samvinnu við foreldra og eftir atvikum barn. Stuðningsúrræði barnaverndarnefnda við börn og fjölskyldur þeirra eru margvísleg og algengt er að fleiri en einu úrræði sé beitt. Stuðningsúrræðum án töku barns af heimili má sjá í *töflu 4.4.1*. Á árinu 2006 var langalgengast að gripið væri til þess úrræðis að leiðbeina foreldrum um uppeldi og aðbúnað barns.

**Tafla 4.4.1 Stuðningsúrræði barnaverndarnefnda án töku barns af heimili\***

	2002	2003	2004	2005	2006
Barni og foreldrum leiðbeint	807	857	1.017	869	1.225
Tilsjónarmaður, persónulegur ráðgjafi eða stuðningsfjölskylda	379	389	406	427	474
Foreldrar (eða þunguð kona) aðstoðaðir við að leita sér meðferðar	128	63	130	61	102
Barni útvegaður viðeigandi stuðningur (t.d. sumardvöl)	356	359	416	436	424
Önnur aðstoð	283	338	239	211	210
Samtals	1.953	2.006	2.208	2.004	2.435

\* Fleiri en eitt úrræði geta verið í máli hvers barns.

Þegar stuðningsúrræði án töku barns af heimili hafa ekki skilað árangri að mati nefnda eru börn oft vistuð utan heimilis. Ráðstafanir þessar skulu að jafnaði vera tímabundnar og sæta reglulegri endurskoðun. Nokkuð algengt er að fleiri en eitt úrræði sé veitt í máli hvers barn. Þannig getur barn t.d. fyrst farið á lokaða deild Stuðla, síðan á greiningar- og meðferðardeild Stuðla og



loks á langtímameðferðarheimili ef vandi barnsins er mikill. Vistun barna utan heimilis má sjá í *töflu 4.4.2*. Þar kemur fram að fósturráðstöfun er algengust en slík ráðstöfun hefur aukist á árinu 2006. Varðandi úrræði á ábyrgð ríkisins kemur í ljós að börn sem vistuð eru á langtímameðferðarheimilum fer fækkandi. Þó hafa stórvægilegar breytingar ekki verið milli ára.

**Tafla 4.4.2 Fjöldi ráðstafana utan heimilis<sup>1</sup>**

	2002	2003	2004	2005	2006
Úrræði á ábyrgð sveitarfélaga					
Vistheimili	59	57	50	56	48
Sambýli	20	24	19	17	43
Einkaheimili	81	95	85	52	79
Fósturheimili <sup>2</sup>	86	75	113	110	145
Önnur úrræði skv. 84. gr.	22	56	36	32	17
Samtals	268	307	303	267	332
Úrræði á ábyrgð ríkisins <sup>3</sup>					
Stuðlar, lokuð deild (Neyðarvistun)	102	77	82	108	113
Stuðlar, greiningar- og meðferðardeild	49	52	48	49	50
Götusmiðjan	53	49	59	39	42
Langtímameðferðarheimili	38	41	38	36	33
Samtals	242	219	227	232	238

<sup>1</sup> Athugið að hér er átt við ráðstafanir sem áttu sér stað tiltekið ár, ekki öll börn sem vistuð voru utan heimilis.

Hér er átt við fjölda barna en ekki komur (barn getur vistast oftár en einu sinni á sama stað, t.d. á lokaðri deild Stuðla). Fleiri en eitt úrræði geta verið í máli hvers barns.

Hér ber einnig að hafa í huga að flestar vistanir utan heimilis eru gerðar með samþykki foreldra og barns eftir atvikum (eru stuðningsúrræði). Hér eru þó líka gert grein fyrir vistunum þar sem þvingun var beitt, sjá nánar í töflu 4.5.1.

<sup>2</sup> Sjá nánar í töflu 4.4.3. Athugið að ekki er samræmi í tölum um fósturráðstafanir samkvæmt skráningu Barnaverndarstofu (sjá kafla 1.4) og nefnda. Líklegasta skýringin á þessu misræmi er sú að nefndir hafa í einhverjum tilvikum ekki staðið við lagalegar skyldur sínar og sent inn fóstursamning. Ef nefndir senda ekki inn fóstursamning er fósturráðstöfun ekki skráð í gagnarunn Barnaverndarstofu. Því eru fósturráðstafanir fleiri samkvæmt upplýsingum nefndanna en samkvæmt skráningu Barnaverndarstofu.

<sup>3</sup> Athugið að ekki er samræmi í tölum um vistun barna í úrræðum á ábyrgð ríkisins samkvæmt skráningu Barnaverndarstofu (sjá kafla 2) og nefnda. Skráning stofnana Barnaverndarstofu er mjög áreiðanleg og því er stuðst við þær tölur.

Barnaverndarnefnd ber að tilkynna allar fósturráðstafanir til Barnaverndarstofu og er nánara yfirlit yfir þær í *töflu 4.4.3*. Um er að ræða þrenns konar ráðstöfun, tímabundna og varanlega og svo styrkt fóstur. Nánari skilgreining á þeim hugtökum kemur fram í kafla um fósturmál. Nokkur munur hefur verið á þeim tölum sem koma fram í ársskýrslum barnaverndarnefnda og þeim sem eru í miðlægri skrá Barnaverndarstofu. Þessi munur bendir til að nefndir hafi ekki alltaf tilkynnt um fósturráðstafanir.

**Tafla 4.4.3 Börn sem fóru í fóstur skv. ársskýrslum barnaverndarnefnda\***

	2002	2003	2004	2005	2006
Varanlegt fóstur					
Barni ráðstafað varanlega til skyldmenna	2	8	10	9	8
Barni ráðstafað varanlega til vandalausra	5	5	12	9	22
Samtals	7	13	22	18	30
Tímabundið fóstur					
Barni ráðstafað tímabundið til skyldmenna	12	12	18	20	37
Barni ráðstafað tímabundið til vandalausra	67	41	64	63	69
Samtals	79	53	82	83	106
Styrkt fóstur					
Barni ráðstafað í styrkt fóstur til skyldmenna	-	0	0	1	1
Barni ráðstafað í styrkt fóstur til vandalausra	-	9	9	8	8
Samtals	-	9	9	9	9

\*Athugið að ekki er samræmi í tölum um fósturráðstafanir samkvæmt skráningu Barnaverndarstofu (sjá kafla 1.4) og nefnda. Líklegasta skýringin á þessu misræmi er sú að nefndir hafa í einhverjum tilvikum ekki staðið við lagalegar skyldur sínar og sent inn fóstursamning. Ef nefndir senda ekki inn fóstursamning er fósturráðstöfun ekki skráð í gagnarunn Barnaverndarstofu. Því eru fósturráðstafanir fleiri samkvæmt upplýsingum nefndanna en samkvæmt skráningu Barnaverndarstofu.

Árið 2005 úrskurðuðu barnaverndarnefndir (8 börn) og dómstólar (2 börn) að 10 börn skyldu fara í fóstur.

Fjöldi barna sem er ráðstafað í fóstur er nokkuð breytilegur eftir árum. Í töflunni kemur fram að mun algengara er að börn fari í fóstur til vandalausra en skyldmenna.

Samkvæmt ákvæði 90. gr. bvl. geta foreldrar falið öðrum daglega umönnun og uppeldi barna sinna en þeim ber í vissum tilvikum að tilkynna barnaverndarnefnd um slíkar ráðstafanir. Barnaverndarnefnd skal gera sérstaka könnun á högum barns við þær aðstæður. Skal könnunin beinast að því hvort þörf er á stuðningi til að gera foreldrum kleift að hafa barn hjá sér sem og hvort hag og þörfum barns sé fullnægt á dvalarstað ef stuðningur við foreldra á ekki við. Árið 2005 var það gert í 7 tilfellum og árið 2006 í 6 tilfellum.

## 4.5 Úrskurðir og aðrar ákvarðanir barnaverndarnefnda

Í *töflu 4.5.1* koma fram upplýsingar um fjölda úrskurða sem kveðnir voru upp skv. 26. og 27. gr. bvl. 80/2002. Upplýsingar töflunnar sýna að úrskurðir eru fátíðir í hlutfalli við heildarfjölda mála enda fela þeir í sér afdrifaríkar ákvarðanir. Úrskurðir nefnda um að barn skuli vistast utan heimilis hefur fjölgað talsvert á árinu 2006.

Samkvæmt 46. gr. bvl. skal barnaverndarnefnd eftir atvikum veita foreldrum fjárstyrk til að greiða fyrir lögmannsaðstoð áður en nefnd kveður upp úrskurð í máli. Fram kemur að slíkur styrkur er veittur í 18–46 málum á tímabilinu. Árið 2006 var 37 börnum einnig veittur styrkur til að greiða fyrir lögmannsaðstoð. Samkvæmt töflunni reynir tiltölulega sjaldan á ákvæði þessarar lagagreinar.

Það nýmæli er í bvl. nr. 80/2002 að barnaverndarnefnd skuli taka afstöðu til þess hvort þörf sé á að skipa barni talsmann strax þegar tekin hefur verið ákvörðun um að hefja könnun máls. Að jafnaði skal skipa barni talsmann áður en gripið er til þvingunar. Barni var skipaður talsmaður í 63 tilvikum árið 2006 en árið 2005 voru skipaðir talsmenn í 64 tilvikum.

Foreldrum eða barni sem náð hefur 15 ára aldri er heimilt að bera úrskurð barnaverndarnefndar undir héraðsdómara. Málskot til dómstóla kemur ekki í veg fyrir að úrskurður barnaverndarnefndar komi til framkvæmda. Alls úrskurðuðu dómstólar um vistun 11 barna í allt að 12 mánuði.

**Tafla 4.5.1 Fjöldi úrskurða og ýmsar ákvarðanir barnaverndarnefnda**

	2002	2003	2004	2005	2006
Úrskurðir bvn.					
Úrskurðir um eftirlit með heimili	9	6	11	2	9
Fyrirmæli um aðbúnað barns, meðferð o.fl.	7	0	4	1	2
Bann lagt við að farið væri með barn úr landi	0	0	0	0	0
Börn vistuð utan heimilis	16	32	24	19	42
Ýmsar ákvarðanir bvn.					
Bvn. leitaði brottvikningar heimilismanns eða nálgunarbanns (sbr. 37 gr. bvl.)	0	0	6	0	1
Bvn. óskaði lögreglurannsóknar	57	87	51	41	70
Foreldrum veittur fjárstuðningur til að greiða lögmannsaðstoð (46. gr. bvl)	31	18	25	41	46
Barni veittur fjárstuðningur til að greiða lögmannsaðstoð (46. gr. bvl.)	32	6	28	50	37
Bvn. greip til neyðarráðstöfunar (31. gr. bvl)	22	22	17	23	36
Bvn. gerði kröfu fyrir dómi um sviptingu forsjár	2	2	7	13	12
Bvn. gerði kröfu fyrir dómi um vistun barns utan heimilis	2	7	7	7	11

## 4.6 Umsagnir

1. nóvember 2003 leystu barnalög nr. 76/2003 af hólmi eldri lög frá 1992. Samkvæmt nýju lögnum leysa einungis dómstólar úr ágreiningi foreldra um forsjá og mjög hefur dregið úr því að leitað sé umsagnar barnaverndarnefnda í þessum málum. Hér er ekki um barnaverndarmál að ræða, heldur verkefni sem barnaverndarnefndum er falið skv. öðrum lögum. Fjöldi umsagna í forsjármálum hefur verið breytilegur á tímabilinu eða frá 3 og upp í 13 (*tafla 4.6.1*) og voru fæstar árið 2006. Sýslumaður leysir úr ágreiningi foreldra um umgengni barns við þá eftir skilnað eða sambúðarslit og leitar umsagnar barnaverndarnefndar þegar ástæða þykir til. Fjöldi slíkra beiðna hefur hækkað síðastliðin 4 ár. Árið 2006 voru þær 117 talsins. Barnaverndarnefndir veita umsögn um hæfi þeirra sem óska leyfis frá dómsmálaráðuneyti til að ættleiða börn samkvæmt ákvæðum ættleiðingarlaga. Heildarfjöldi umsagna að beiðni dómsmálaráðuneytis vegna ættleiðinga var á árinu 94 og vega umsagnir vegna barna erlendis frá þyngst. Þetta er fjölgun frá árinu 2005 en þá voru umsagnir vegna ættleiðingar 73.

**Tafla 4.6.1 Umsagnir barnaverndarnefnda 2002-2006**

	2002	2003	2004	2005	2006
Umsagnir í forsjármálum	13	10	12	10	3
Umsagnir vegna umgengni að beiðni sýslumanns	75	81	100	105	117
Umsagnir vegna ættleiðingar frá dómsmálaráðuneyti	43	15	75	73	94
Vegna fósturbarna	1	0	7	5	8
Vegna barna erlendis frá	38	12	55	35	75
Vegna stjúpbarna	4	2	11	8	11
Vegna barna búsettra á Íslandi	0	1	2	25	0

## 4.7 Vistunarúrræði á vegum Reykjavíkurborgar

Reykjavíkurborg rekur ýmis úrræði þar sem börn eru vistuð til lengri eða skemmri tíma á vegum Barnaverndar Reykjavíkur:

Vistheimili barna við Laugarásveg 39 er úrræði í barnaverndarmálum og geta 7 börn dvalið á heimilinu í senn. Tilvísanir koma frá Barnavernd Reykjavíkur og má greina vistanir eftir orsök þeirra og tilgangi; bráðavistun,

greiningar- og kennsluvistun, fósturaðlögun og önnur vistun skv. skilgreindum markmiðum, t.d. meðan beðið er eftir niðurstöðu barnaverndarnefndar eða viðeigandi úrræði. Helsta markmið vistheimilisins er að styrkja fjölskyldur í uppeldishlutverki þeirra með þarfir barnsins í fyrirrúmi. 46 börn dvöldu á vistheimilinu árið 2006 og var meðalaldur 6,6 ár og meðaldvalartími 41 dagur.

Á vegum Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar starfar einkaheimili sem tekur að sér börn í tímabundna vistun með litlum eða engum fyrirvara. Heimilið er fyrir 6 börn á 0-18 ára og starfa hjónin bæði við að taka á móti börnum í skammtímavistun. Vistun barna á einkaheimili getur verið æskilegur kostur í stað vistunar á vistheimili, t.d. þegar um mjög ung börn er að ræða og/eða þegar foreldrar geta ekki haft mikið samband við börnin, t.d. vegna veikinda, fjarveru eða af öðrum ástæðum. Gert er ráð fyrir því að einkaheimili taki frekar við börnum sem vistast í samráði við foreldra en á heimilinu eru ekki vistaðir unglingar í neyslu eða með alvarlega hegðunarerfiðleika. Á árinu 2006 dvöldu 24 börn á heimilinu og meðalaldur þeirra var 8 ár og meðaldvalartími 57 dagar.

Skammtímaheimilið Hraunbergi 15 er úrræði fyrir þrjú börn á aldrinum 13-18 ára sem þurfa tímabundna vistun vegna sérstakra aðstæðna. Bæði er um að ræða bráðavistun og skammtímavistun meðan beðið er eftir úrræðum á vegum Barnaverndarstofu, Barnaverndar Reykjavíkur, Þjónustumiðstöðva eða unnið er að því að þau fari aftur heim. Markmið skammtímaheimilisins að Hraunbergi 15 er að tryggja börnum, sem af einhverjum ástæðum geta ekki dvalið í heimahúsum, traust og örugg uppeldisskilyrði meðan á dvöl stendur. Þau börn sem vistuð eru í skammtímaúrræðið þurfa að fylgja þeirri daglegu rútínu sem þau hafa verið í áður, s.s. skóla, vinnu, tómstundum og öðru félagsstarfi. Ef börn eru ekki í skólaúrræði eða vinnu þegar þau eru vistuð er það hlutverk vistunaraðila að koma þeim í viðunandi skólaúrræði eða vinnu sem fyrst. Á árinu 2006 dvöldu 25 börn á heimilinu og meðalaldur þeirra var 15,6 ár.

Fjölskylduheimilið Ásvallagötu 14 er faglegt sérúrræði Barnaverndar Reykjavíkur ætlað fjórum börnum 13-18 ára til búsetu til lengri eða skemmri tíma. Börnin lúta forsjá kynforeldra sinna eða Barnaverndarnefndar Reykjavíkur og búa yfirleitt á heimilinu í eitt til fjögur ár. Heimilið er ætlað börnum sem þurfa á varanlegu fóstri að halda en ekki hefur fundist viðeigandi fósturheimili. Þá er heimilið einnig ætlað börnum sem koma úr fóstri þar sem erfiðleikar hafa verið miklir og börnum sem eru í fóstri en þurfa á sértækri hjálp að halda í skamman tíma, s.s. vegna örorkumats eða umgengni við upp-

runafjölskyldu. Hjón veita heimilinu forstöðu og búa á staðnum. Markmið heimilisins er m.a. að aðstoða börnin við að takast á við félagsleg og persónuleg mál, skapa börnum hlýlegt heimili, veita þeim umönnun og uppeldi sem hæfir hverju og einu og stuðla að jákvæðum samskiptum barnanna við jafnaldra og heimilisfólk. Á árinu 2006 dvöldu 6 börn á heimilinu og meðalaldur þeirra var 16,5 ár.

Fjölskylduheimilið Búðagerði 9 er ætlað fjórum börnum á aldrinum 13-18 ára og er æskilegur dvalartími 1-4 ár. Hjón veita heimilinu forstöðu og búa á staðnum. Skilyrði fyrir búsetu á heimilinu er að börnin séu annað hvort í skóla eða í vinnu og hafi vilja til að standa sig og neyti ekki áfengis eða annarra vímuefna. Markmið heimilisins er að vera faglegt sérúrræði fyrir börn og fjölskyldur þeirra og veita börnum traust og örugg uppeldisskilyrði meðan þeir geta ekki búið hjá foreldrum. Markmið og áætlun varðandi dvöl barns er gerð í samráði við það, vistunaraðila, forsjáraðila og starfsmenn heimilisins. Foreldrar barnanna hafa náð samstarf við starfsfólk heimilisins, m.a. mæta á reglulega fundi og börnin dvelja hjá foreldrum eina helgi í mánuði. Á árinu 2006 dvöldu 11 börn á heimilinu og meðalaldur þeirra var 15,3 ár.



**Viðauki I**  
**Yfirlit barnaverndarnefnda árið 2006**



## Barnaverndarnefndir á Íslandi árið 2006<sup>1</sup>

Nafn bvn.	Heiti sveitarfélags	Félagsmálasjómál <sup>2</sup>	Fjöldi starfs- manna	Fjöldi <sup>3</sup> stöðu- gilda	Fjöldi mála	Fjöldi barna í umdæmi	Fjöldi í umdæmi alls	Hlutféll barna í umdæmi	Fjöldi mála/ 1000 börn
Barnaverndarnefnd Reykjavíkur	Reykjavík	Stella K. Viðisdóttir er svóðsystjóri, Halldóra Gunnarsdóttir er framkvæmdastjóri	26	23,8	1.499	27.787	116.642	23,8	53,9
Félagsmálaráð Seltjarnarness	Seltjarnarneskaupstaður	Snorri Aðalsteinnsson	2	2,0	55	1.150	4.471	25,7	47,8
Félagsmálaráð Kópavogs	Kópavogur	Aðalsteinn Sigfússon	6	6,0	258	7.262	27.525	26,4	35,5
Fjölskylduráð Garðabæjar	Garðabær	Bergljót Sigurjörnsdóttir	3	3,0	62	2.537	9.556	26,5	24,4
Barnaverndarnefnd Hafnarfjarðar	Hafnarfjörður	Sæmundur Hafsteinsson	7	5,0	280	6.894	23.751	29,0	40,6
Félagsmálaráð Álftaness	Álftanes	Ásta Kristín Benediktsdóttir	2	0,8	16	757	2.276	33,3	21,1
Barnaverndarnefnd Reykjanesbæjar	Reykjanesbær	Hjördís Árnadóttir	5	5,0	199	3.246	11.952	27,2	61,3
Félagsmálaráð Grindavíkur	Grindavík	Nökkvi Mía Jónsson	1	0,5	24	851	2.701	31,5	28,2
Barnaverndarnefnd Sandgerðis, Garðs og Yoga	Sandgerði, Garður og Yoga	Gyða Hjartardóttir	2	1,75	70	1.268	4.259	29,8	55,2
Félagsmálaráð Mosfellsbæjar	Mosfellsbær og Kjósarhreppur	Unnur V. Ingólfsdóttir	4	4,0	144	2.342	7.682	30,5	61,5
Félagsmálaráð Akraness	Akranes	Sveinborg L. Kristjánsdóttir	1	1,0	79	1.667	5.976	27,9	47,4
Barnaverndarnefnd Borgarfjarðar og Dala	Borgarbyggð, Skorradalshreppur, Dalabyggð og Hvalfjarðarsveit	Hjördís Hjartardóttir Karl Marnósson	3	0,5	10	1.378	5.055	27,3	7,3
Félagsmálaráð Félags- og skólajónustu Snæfellinga	Snæfellsbær, Grundarfjarðarbær, Helgafellssveit, Stykkishólmur, Eyja- og Miklaholtshreppur.	Sigríður Guðmundsdóttir	2	2,0	20	1.110	3.998	27,8	18,0
Barnaverndarnefnd á norðanverðum Vestfirðum	Ísafjarðarbær, Bolungavíkarkaupstaður, Súðavíkurreppur og Reykhólahreppur	Ingibjörg M. Guðmundsdóttir	3	3,0	61	1.438	5.472	26,3	42,4
Barnaverndarnefnd Vesturbyggðar og Tálknafjarðar	Vesturbyggð og Tálknafjörður	Elsa Reimarsdóttir	1	0,3	6	295	1.232	23,9	20,3

<sup>1</sup>Upplýsingar sem koma fram í töflunni eru byggðar á ársskýrslum barnaverndarnefndanna svo og mannfjöldatölum frá Hagstofu Íslands fyrir árið 2006.

<sup>2</sup> Einhverjar breytingar urðu á árinu en miðað er við stöðuna við árslok 2006.

<sup>3</sup> Tölur yfir fjölda starfsmanna og stöðugildi eru ónákvæmar. Oft er erlitt fyrir neðminnar að áætla þá vinnu sem fer í barnavernd eingöngu þar sem starfsmenn eru yfirleitt starfsmenn félagsþjónustunnar á staðnum. Ef enginn starfsmaður er fyrir hendi þá er hafður sá háttur á að ráða sérfræðinga til að sjá um þau mál sem kunna að koma upp.

## Barnaverndarnefndir á Íslandi árið 2006 (framhald)

Nafn bvn.	Heiti sveitarfélags	Félagsmálastjórar	Fjöldi starfs- manna	Fjöldi stöðu- gilda	Fjöldi mál- mála í umdæmi	Fjöldi barna í umdæmi	Fjöldi í umdæmi alls	Hlutfall barna í umdæmi	Fjöldi mála/ 1000 börn
Félagsmálaráð Húnaþings vestra og Stranda	Húnaþing vestra, Strandabyggð, Bæjarhreppur, Árneshreppur og Kaldrananeshreppur	Henrike Wappler	3	1,0	25	480	1.924	24,9	52,1
Félagsmálaráð Austur – Húnavatnssýslu	Blönduós, Húnavatnshreppur, Skagabyggð og Höfðahreppur.	Auður Herdís Sigurðardóttir	3	1,1	10	522	1.985	26,3	19,2
Barnaverndarnefnd Skagafjarðar	Sveitarfélagið Skagafjörður og Akrahreppur	Gunnar Sandholt	2	0,5	24	1.128	4.305	26,2	21,3
Barnaverndarnefnd Útey	Dalvíkurbyggð og Fjallabyggð	Eyrún Rafnsdóttir Dalvík og Hjörtur Hjartarson Fjallabyggð	3	3,0	22	1.075	4.238	25,4	20,5
Barnaverndarnefnd Eyjafjarðar	Akureyri, Arnarneshreppur, Eyjafjarðarsveit, Grytubakkahreppur, Hörgarbyggð og Svalbarðsstrandahreppur og Hríseyjarhreppur	Karl Guðmundsson er svöðsstjóri	5	4,5	263	5.360	19.163	28,0	49,1
Barnaverndarnefnd Grímseyjar	Grímseyjarhreppur	Ragnhildur Hjaltadóttir formaður barnaverndarnefndar	0	0,0	0	31	99	31,3	0,0
Félags- og barnaverndarnefnd Þingeyinga	Norðurlþing, Skútustaðahreppur, Þingeyjarsveit, Aðalælahreppur, Tjörneshreppur, Svalbarðshreppur og Langanesbyggð.	Ragnheiður Línða Skúladóttir	2	1,0	87	1.278	5.336	24,0	68,1
Barnaverndarnefnd Skeggjastaðahrepps, Vopnafjarðarhrepps og Seyðisfjarðar kaupstaðar	Skeggjastaðahreppur, Vopnafjörður og Seyðisfjörður	Rannveig Þórhallsdóttir	1	0,25	12	335	1.438	23,3	35,8
Barnaverndarnefnd Fjótisdalshéraðs og Seyðisfjarðar kaupstaðar	Fjótisdalshérað, Fjótisdalshreppur, Borgarfjarðarhreppur, Djúpanavogshreppur, Vopnafjarðarhreppur	Kristín Þyri Þorsteinsdóttir	3	2,8	39	1.271	6.500	19,6	30,7
Félagsmálanefnd Fjarðabyggðar og Mjólfjarðar	Fjarðabyggð, Mjólfjarðarhreppur, Fáskrúðsfjarðarhreppur og Austurbyggð	Sigríður Stefánsdóttir	3	0,6	75	1.135	5.713	19,9	66,1

### Barnaverndarnefndir á Íslandi árið 2006 (framhald)

Nafn bvn.	Heiti sveitarfélags	Félagsmálastjórar	Fjöldi starfs- manna	Fjöldi stöðu- gilda	Fjöldi mála	Fjöldi barna í umdæmi	Fjöldi í umdæmi alls	Hlutfall barna í umdæmi	Fjöldi mála/ 1000 börn
Félagsmálaráð Hornafjarðar	Sveitarfélagið Hornafjörður	Jón Kristján Rögnvaldsson	1	0,5	16	630	2.181	28,9	25,4
Félagsmálanefnd Árborgar	Sveitarfélagið Árborg	Ragnheiður Thorlacius	2	1,25	116	2.073	7.280	28,5	56,0
Félagsmálanefnd uppsveita Árnessýslu, Bláskógabyggð	Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Bláskógabyggð	Nanna Mjöll Atladóttir	1	1,0	35	726	2.618	27,7	48,2
Félagsmálanefnd Hveragerðis	Grímsnes- og Grafingshreppur, Bláskógabyggð	María Kristjánsdóttir	1	0,4	27	595	2.184	27,2	45,4
Barnaverndarnefnd Ölfushrepps	Hveragerðisbær Ölfushreppur	Kristinn Kristinsson	1	1,0	12	515	1.846	27,9	23,3
Barnaverndarnefnd Rangárvallar- og V-Skaftafellssýslu	Rangárling eystra, Rangárling ytra, Ásahreppur, Myrdalshreppur og Skaftárhreppur	Marta Bergmann	2	1,0	32	1.108	4.365	25,4	28,9
Félagsmálaráð Vestmannaeyjabæjar	Vestmannaeyjabær	Hera Einarsdóttir	2	1,0	78	1.105	4.084	25,8	70,6
<b>Samtals/meðaltal</b>			<b>103</b>	<b>79,6</b>	<b>3.656</b>	<b>79.126</b>	<b>307.261</b>	<b>25,8</b>	<b>46,2</b>

Barnaverndarstofa  
Höfðaborg  
Borgartúni 21  
105 Reykjavík  
Sími: 530 2600  
Bréfasími: 530 2601  
Netfang: [bvs@bvs.is](mailto:bvs@bvs.is)  
Veffang: [www.bvs.is](http://www.bvs.is)